ÓLI HJÖRTUR ÓLAFSSON

*Alveg með´etta í snjóþvegnum gallabuxum*

Tíska Heilsa Heimili

allt Í MIÐJU BLAÐSINS





NORÐURLAND

*Ferðafélagið Hristingur hélt í tíu daga hestaferð*

Sérblað um Norðurland

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG








# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

6. september 2007 — 241. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FIMMTUDAGUR

### Örlagamynd frumsýnd á morgun



Nýjasta mynd Guðnýjar Halldórsdóttur, Veðramót, er örlagamynd og harmsaga.

BÍÓ 41

### Sá fyrsta mark Beckhams



Tónskáldið Veigar Margeirsson er eldheitur aðdáandi LA Galaxy.

FÓLK 54

### Ekki hlustað á rýnihópa

Eva María Jónsdóttir segir athugasemdir rýnihóps Reykjavíkurborgar vegna Laugavegar 4-6 ekki hafa komið fram við afgreiðslu málsins í borgarstjórn.

UMRÆÐAN 29

### Ísland vann Austurríki



Íslenska körfuboltalandsliðið vann góðan sigur á Austurríki í gær í B-deild Evrópumótsins.

ÍÞRÓTTIR 50

## VEÐRIÐ Í DAG




**RIGNING EÐA SKÚRIR** - Í dag verður suðaustanátt í fyrstu en síðan suðvestlæg, 5-10 m/s. Rigning og síðar skúrir. Hiti 10-17 stig, hlýjast fyrir austan.

VEÐUR 4

# Þingvellir eru ekki á mörkum heimsálfa

**Þjóðgarðurinn er ekki á skilum Ameríku- og Evrópuflekans. Ferðamenn spyrja oft hvar flekaskilin séu á Þingvöllum og hvort þeir geti staðið á þeim.**

**NÁTTÚRA** Þingvellir eru ekki á skilum Evrópu- og Ameríkuflekans, segir Páll Einarsson, prófessor í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands. Páll segir að þetta hafi verið vitað í áratugi en að erfiðlega gangi að uppræta þennan misskilning. Hann segir að ein af orsökunum fyrir því sé líklega að mönnum þyki það heillandi hugmynd að geta staðið á flekamótunum á Þingvöllum auk þess sem þessu sé haldið fram í erlendum ferðabókum um Ísland.

Páll segir að hins vegar sé hægt að standa á mótum flekanna tveggja víðs vegar á landinu, til dæmis ofan í Bláa lóninu. Sú staðreynd hefur hins vegar ekki náð að festa sig eins vel í sessi og meinlokan um flekaskilin á Þingvöllum.

Einar Sæmundsen, fræðslufulltrúi þjóðgarðsins á Þingvöllum, segir að erlendir ferðamenn spyrji oft hvar flekamótin séu á Þingvöllum. Hann segir að meðal erlendra kafara sé stundum talað um að hægt sé að kafa á milli tveggja heimsálfa á Þingvöllum. Þessu var meðal annars haldið fram í grein í tímaritinu Time fyrir tveimur árum.

Einar segir að það þurfi að leiðrétta þennan misskilning um Þingvelli sem sé landlægur í hugmyndum útlendinga sem og margra Íslendinga um þjóðgarðinn.

- ifv / sjá síðu 6



**LANDSLIÐIÐ KOMIÐ SAMAN** Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu æfði í gær á ÍR-vellinum en það mætir Spáni í undankeppni EM 2008 á laugardag. Eiður Smári Guðjohnsen tók þátt í æfingunni af fullum krafti en hann hefur átt við meiðsli að stríða undanfarið. Hann sagði við Fréttablaðið að hann hafi einfaldlega langað að koma til landsins og spila með landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Vörslusviptingarmenn leita bátsins sem steytti á Skarfaskeri haustið 2005:

## Skemmtibáturinn Harpa horfinn

**DÓMSMÁL** Skemmtibáturinn Harpa er horfinn og er hans nú leitað. Faðir Matthildar Harðardóttur, sem lést ásamt Friðriki Hermannssyni þegar skemmtibáturinn steytti á Skarfaskeri haustið 2005, gerði kröfu um að skemmtibáturinn yrði kyrrsettur þar til endanlegur dómur félli í máli Jónasar Garðarssonar, sem var eigandi Hörpu, og féllst Sýslumaðurinn í Reykjavík á það 26. október á síðasta ári.

Hæstiréttur staðfesti síðar dóm héraðsdóms og stóð þá til að bjóða bátinn upp og áttu aðstandendur þeirra sem létust að fá andvirði bátsins í sinn hlut.

Báturinn var kyrrsettur eftir að héraðsdómur hafði dæmt Jónas í þriggja ára óskilorðsbundið fangelsi fyrir manndráp af gáleysi en hann var auk þess dæmdur til þess að greiða aðstandendum Matthildar og Friðriks um tíu milljónir króna í bætur. Krafan um kyrrsetningu bátsins var gerð á grundvelli þess að Jónas hafði verið dæmdur til greiðslu bóta. Til að tryggja að hann gæti greitt einhvern hluta bótanna var báturinn kyrrsettur.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hafa vísbendingar borist um að báturinn kunni að vera kominn til Noregs en vörslusviptingarmenn, sem hafa annast málið fyrir hönd aðstandenda, leita bátsins. Siglingastofnun kannar hvar báturinn kunni að vera niðurkominn og þá helst hvort hann hafi verið seldur ólöglega úr landi.

- mh

Orkuveita Reykjavíkur:

## Mikill áhugi erlendis

**ORKUMÁL** „Það hefur mikill tími farið í það á undanförnum mánuðum að funda með áhugasömum erlendum fjárfestum," segir Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur. „Áhuginn á okkar sérþekkingu er gríðarlegur og eykst sífellt."

Forsvarsmenn Orkuveitunnar funduðu í gær með fulltrúum bandaríska fyrirtækisins Washington Mills, sem hefur áhuga á að setja upp sílikonverksmiðju hér á landi.

- mh / sjá síðu 18

Þýskir viðskiptavinir:

## Borga vörur með fingraförunum

**ÞÝSKALAND Nokkrar búðir í Þýskalandi hafa tekið í notkun nýtt greiðslukerfi sem býður viðskiptavinum upp á að borga með fingraförum sínum.**

**Viðskiptavinir þurfa að láta taka fingraförin sín og skilja eftir heimilisfang og bankaupplýsingar. Allt sem viðskiptavinirnir kaupa er svo dregið beint af bankareikningi þeirra.**

**Fingrafaralesari kostar tæplega 200 þúsund krónur.**

- sgj

Glitnir stærstur í TM:

## Eyjamenn losa um bréf í TM

**VIÐSKIPTI** Glitnir hefur keypt tæplega 40 prósenta hlut í Tryggingamiðstöðinni fyrir 20 milljarða króna. Seljendur eru Guðbjörg M. Matthíasdóttir, stærsti hluthafi TM, og hjónin Geir og Sigríður Zoëga og aðilar tengdir þeim. Guðbjörg heldur eftir níu prósenta hlut í TM.

Glitnir ætlar ýmist að selja hluta bréfanna eða þau öll til fjárfesta. Vangaveltur eru um að FL Group, næststærsti hluthafi TM í gegnum Kjarrhólma ehf., og fjárfestar tengdir félaginu komi að kaupunum.

- jab / sjá síðu 26













## SPURNING DAGSINS



*Jón, áttu von á að þér verði fyrirgefið?*

„Ég býst fastlega við því, um það snýst jú hinn kristilegi kærleikur.“

Biskupsstofa hefur gert athugasemdir við auglýsingar Símans á farsímum og sagt þær vera ósmekklegar. Jón Gnarr er höfundur auglýsinganna.

Ákvörðun Bandaríkjaforseta um Íraksstríðið hugsanlega frestað um hálft ár:

# Styttist í átök við demókrata

**BANDARÍKIN, AP** Margt bendir nú til þess að ákvörðun um framhald Íraksstríðsins verði frestað þangað til í apríl, að minnsta kosti ef George W. Bush Bandaríkjaforseti og samstarfsmenn hans fá sínu framgengt.

Eftir að Bush tók ákvörðun um það, nú í byrjun ársins, að fjölga þyrfti í bandaríska herliðinu í Írak um 30.000, hafði hann þingið um að veita sér svigrúm þangað til í september - þá skyldi lagt mat á árangurinn af auknum herstyrk.

Nú er kominn septembermánuður og ólíklegt þykir að Bush fallist á fækkun í herliðinu, nema þá rétt til málamynda, fyrr en næsta vor.

Næsta víst er að demókratar á þingi munu engan veginn fallast á að fresta ákvörðun um framhaldið. Þeir hafa beðið þolinmóðir, en nú í september á að taka stöðuna. Repúblikanar virðast einnig vera að missa þolinmæðina margir hverjir og óvíst um að þeir styðji óbreytt framhald stríðsins.



**AL-MALIKI Á BÆN** Bandaríkjaþing segir lítinn árangur hafa náðst í Írak, þar sem Nouri al-Maliki er forsætisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Í næstu viku mæta þeir David Petraeus, yfirmaður bandaríska herliðsins í Írak, og Ryan Crocker, sendiherra Bandaríkjanna í Írak, fyrir þingið og gera grein fyrir stöðu mála í Írak. Á þriðjudaginn birti eftirlitsskrifstofa Bandaríkjaþings skýrslu um árangurinn sem náðst hefur á sviði stjórnmála og öryggismála í Írak. Samkvæmt skýrslunni tókst einungis að ná fram þremur af þeim átján markmiðum, sem stjórnin hafði sett sér. Á fjórum sviðum náðist árangur að hluta til, en á ellefu sviðum af átján hefur enginn árangur náðst. - gb

Skemmdarverk við Melaskóla:

## Klippt á hand- og fótbremsur

**LÖGREGLUMÁL** Fjölmörg hjól voru eyðilögð á lóð Melaskóla í fyrradag þegar skemmdarvargur klippti á hand- og fótbremsur hjólanna. Í tölvupósti sem sendur var í gær til foreldra barna í skólanum kom fram að fjölmargir foreldrar hefðu haft samband við skólann og sagt að einungis hefði munað hársbreidd að börn þeirra hefðu lent í alvarlegu slysi vegna skemmdarverkanna.

Ekki er vitað hver var að verki eða hvort sami sé nemandi í Melaskóla eða Hagaskóla. Björn Pétursson, skólastjóri Melaskóla, vildi ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað í gær. - lbb

Dómsmálastjóri ESB:

## Hryðjuverkavarnir efldar

**STRASSBORG, AP** Franco Frattini, sem fer með dóms- og innanríkismál í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, lýsti því yfir í gær að þörf væri á að efla hryðjuverkavarnir í aðildarríkjunum. Hætta á nýjum hryðjuverkum væri áfram mikil.

Frattini sagði framkvæmdastjórnina myndu fylgja eftir áformum um að setja á fót flugfarþegaskráningarkerfi sem næði til allra aðildarríkjanna 27, sambærilegu því sem starfrækt er nú þegar í Bandaríkjunum. Sumir þingmenn hafa lýst áhyggjum af því að áformin ógnuðu persónuvernd. Frattini sagði að evrópskir borgarar ættu heimtingu á jafngóðum hryðjuverkavörnum og bandarískir. - aa

Finnskur leikstjóri til landsins:

## Kaurismäki á kvikmyndahátíð

**MENNING Finnski kvikmyndaleikstjórinn Aki Kaurismäki mun koma til landsins í tengslum við Alþjóðlegu kvikmyndahátíðina í Reykjavík í haust. Kaurismäki mun veita viðtöku verðlaunum fyrir framúrskarandi listræna kvikmyndasýn.**



**ARI KAURISMÄKI** kemur á kvikmyndahátíð.

**Kaurismäki er einn af virtari leikstjórum Norðurlanda, en mynd hans „Maður án fortíðar“ frá árinu 2002 vann Grand Prix-verðlaunin á kvikmyndahátíðinni í Cannes á útgáfuárinu. Ári síðar var hún tilnefnd til Óskarsverðlauna, en Kaurismäki neitaði að mæta á hátíðina í mótmælaskyni við Íraksstríðið.** - sgj



**KRINGLUMÝRARBRAUT** Rúmlega sjö þúsund bílar fóru um Kringlumýrarbraut í norður á milli klukkan 7 og 9 í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**ÁRTÚNSBREKKAN** Sömu sögu var að segja af Ártúnsbrekkunni. Um sjö þúsund bílar fóru þar um milli klukkan 7 og 9 í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Umferðin sú sama en gengur hægar

**Sextán þúsund bílar fara um helstu umferðaræðar Reykjavíkur á hverjum morgni. Umferðin er nánast sú sama og í sumar en gengur hægar fyrir sig.**

**SAMGÖNGUR** Um sextán þúsund bílar streyma um helstu umferðaræðar Reykjavíkur á milli klukkan sjö og níu á morgnana á virkum dögum, samkvæmt tölum frá framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar.

Morgunumferð síðustu daga hefur verið gríðarlega mikil og eru dæmi um að það hafi tekið Hafnfirðinga allt að klukkustund að komast til vinnu í miðborginni, sem venjulega tekur um fimmtán mínútur.

Rétt rúmlega sjö þúsund bílar fóru vestur Ártúnsbrekku á milli klukkan 7 og 9 í gærmorgun. Þá fóru álíka margir bílar norður Kringlumýrarbraut á sama tíma, og um tvö þúsund bílar um Sæbraut við Höfða. Umferðin um Kringlumýrarbraut var þó minni en á sama tíma í fyrra. Þá fóru hátt í átta þúsund bílar þar um.

Ólafur Bjarnason, aðstoðarsviðsstjóri framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar, segir að 4.500 bílar eigi með góðu móti að geta farið um Kringlumýrarbrautina og Ártúnsbrekku á hverri klukkustund. Þó geti hliðarumferð haft áhrif þar á.

Athygli vekur að morgunumferðin um Kringlumýrarbrautina í gær var álíka mikil og morgunumferðin hinn 12. júní síðastliðinn. Morgunumferðin í Ártúnsbrekkunni þann dag var hins vegar mun meiri en í gær, eða um 700 fleiri bílar. Samt gekk umferðin í sumar hraðar fyrir sig á báðum umferðaræðum. Þegar mest lét í gærmorgun fóru um 860 bílar norður Kringlumýrarbrautina á tíu mínútna kafla. Hins vegar fóru um 885 bílar um Kringlumýrarbrautina þegar mest lét í morgunumferðinni 12. júní.

Ólafur sagðist að svo stöddu ekki geta svarað því til hvers vegna umferðin hefði gengið hraðar fyrir sig í sumar. Hann þyrfti að rýna nánar í tölurnar.

kristjan@frettabladid.is

**UMFERÐ UM HELSTU UMFERÐARÆÐAR REYKJAVÍKUR**

| | 5. sept 2007 Á milli 7-9 | 5. sept 2006 Á milli 7-9 | 12. júní 2007 Á milli 7-9 |
|---|---|---|---|
| Ártúnsbrekka í vestur | 7.091 | * | 7.770 |
| Kringlumýrarbraut norður | 7.108 | 7.780 | 7.095 |

*umferð um Ártúnsbrekku lá niðri á þessum tíma.

Forstjóri Samkeppniseftirlits:

## Samruni forlaga skoðaður

**SAMKEPPNI „Að sjálfsögðu munum við skoða þetta vel,“ segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins.**

**Páll var spurður um sameiningu bókaútgáfu Eddu, stærsta bókaforlags Íslands, og JPV-útgáfu, þess næststærsta.**

**„Það liggur í hlutarins eðli að þeim ber að tilkynna þetta til okkar og skila inn upplýsingum, sem við förum svo yfir. Við höfum þá mánuð til að ákveða hvort við rannsökum málið frekar,“ segir hann.**

**Páll vill annars ekki leggja mat á samrunann að svo stöddu.** - kóþ

Týndur milljónamæringur:

## Leitin að Fossett afar torsótt

**BANDARÍKIN, AP** Mikil leit var gerð í gær að bandaríska milljónamæringnum og ævintýramanninum Steve Fossett, sem ekkert hafði spurst til frá því á mánudag þegar hann flaug af stað einn á lítilli flugvél að kanna eyðilegt landsvæði í Nevada.



**STEVE FOSSETT**

„Þetta er mjög stór heystakkur, og flugvél er mjög lítil nál, svo mikið er víst,“ sagði Cynthia Ryan, yfirmaður í bandarísku flugbjörgunarsveitunum. Hún var þó bjartsýn, eins og aðrir sem þekkja Fossett, á að hann fyndist.

„Hann er mjög klókur, útsjónarsamur og ákveðinn flugmaður. Ég tel allar líkur á að hann finnist.“ - gb




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


Forseti Íslands ræðir jarðvarmaorku á áheyrnartíma Bandaríkjaþings:

# Græn orka heillar Bandaríkjamenn

**VIÐSKIPTI** Mikill og vaxandi áhugi er í Bandaríkjunum á nýtingu jarðvarma til raforkuframleiðslu og húsahitunar. Þetta kom fram á ráðstefnu Glitnis um orkumál sem haldin var í New York í gær. Forseti Ísland, herra Ólafur Ragnar Grímsson, hélt erindi á ráðstefnunni þar sem hann lýsti hlutverki Íslands og íslenskra fyrirtækja í baráttu gegn hlýnun jarðar.

Til marks um mikinn áhuga í Bandaríkjunum hafa tvær sendinefndir Bandaríkjaþings sótt Ísland heim. Ólafur Ragnar segir það ekki hafa farið hátt en merkilegt sé að slík samskipti vaxi þegar dragi úr samvinnu þjóðanna í varnarmálum. Þá mun Ólafur Ragnar mæta í „hearing“ eða í áheyrnartíma Bandaríkjaþings til skrafs og ráðagerða um möguleika jarðhitaorku. „Mér er ekki kunnugt um að þjóðarleiðtogi hafi áður verið beðinn um að taka þátt í áheyrnarfundi hjá Bandaríkjaþingi,“ segir Ólafur.

Ráðstefna Glitnis er haldin í tengslum við opnun skrifstofu bankans í New York í gær. Í Bandaríkjunum mun bankinn einbeita sér að syllum í starfsemi bankans á sviði endurnýjanlegrar orku og í matvælaframleiðslu. Í skýrslu sem kom út samhliða ráðstefnunni kemur fram að hægt sé að sexfalda raforkuframleiðslu með jarðhita í Bandaríkjunum frá því sem nú er. - hh



**Í BANDARÍKJUNUM FYRR Á ÁRINU** Nancy Pelosi, forseti fulltrúadeildar Bandaríkjaþings, og Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, ræðast við á fundi þeirra í vor.

SALA ÚTSALA ÚTSALA Ú

ÚTSALAN HEFST Í DAG




Við berjum niður

# verðið!

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

## GENGIÐ 05.09.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 64,56 | 64,86 |
| Sterlingspund | 129,84 | 130,48 |
| Evra | 87,70 | 88,20 |
| Dönsk króna | 11,774 | 11,842 |
| Norsk króna | 11,088 | 11,154 |
| Sænsk króna | 9,335 | 9,389 |
| Japanskt jen | 0,5573 | 0,5605 |
| SDR | 98,71 | 99,29 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
119,3108

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Lögreglustjóri boðar breytingar sem eftir verði tekið í miðborginni um helgina:

# Lögreglan mun láta verkin tala

**LÖGREGLUMÁL** Almenningur sem leggur leið sína í miðborg Reykjavíkur að næturlagi um komandi helgi ætti að taka eftir breytingu til hins betra, segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins. Hann segir að fleiri en lögregla verði þó að koma að til að bæta ástandið, og að því sé unnið.

„Við boðum aukna sýnilega löggæslu, menn munu þá sjá meira af lögreglumönnum við störf, og finna þá væntanlega til meira öryggis,“ segir Stefán. Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu munu sérsveitarmenn frá Ríkislögreglustjóra aðstoða við löggæslu í miðborginni næstu helgar.

„Við munum láta verkin tala á þessu sviði eins og öðrum,“ segir Stefán. „Ég held að það sé ekki tímabært að tala um hvernig við ætlum nákvæmlega að útfæra þetta, en við erum að vinna að skipulagningu löggæslu og auknum sýnileika í miðborginni.“

Stefán segir að haldið verði áfram að stöðva fólk fyrir brot á lögreglusamþykkt. Í sumar hafi lögfræðingar gengið vaktir um helgar til að mögulegt hafi verið að ljúka minni háttar brotum með sekt á staðnum, sem hafi gefið góða raun, og nokkur slík mál komi upp um hverja helgi. **- bj**



**MIÐBÆJARNÓTT** Borgararnir ættu að finna til meira öryggis í miðborginni um komandi helgi, segir lögreglustjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

### LÖGREGLUSAMÞYKKT REYKJAVÍKURBORGAR

Í lögreglusamþykkt Reykjavíkurborgar er lagt bann við ýmiss konar hegðun, til dæmis að valda ónæði eða raska næturró, fleygja rusli á almannafæri og mála eða teikna á mannvirki.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu er hægt að ljúka minniháttar brotum á lögreglusamþykkt með sekt, sé ekki jafnframt brotið gegn öðrum lögum á borð við almenn hegningarlög.

Sektir við broti á lögreglusamþykkt eru á bilinu 10-50 þúsund krónur. Sektirnar geta verið breytilegar eftir því hvort sá sem brýtur af sér er fjárráða eða ekki, og því hvort um endurtekin brot er að ræða, samkvæmt upplýsingum frá lögreglu.

Formaður lyfjagreiðslunefndar:

## Lyf eru ólík annarri vöru

**HEILBRIGÐISMÁL** „Lyf eru ólík annarri vöru að því leytinu til að kaupandi og greiðandi eru ekki þeir sömu. Þar gilda því ekki þessi sígildu markaðslögmál,“ segir Rúna Hauksdóttir Hvannberg heilsuhagfræðingur, umbeðin að skýra hvað felist í sérsviði hennar, heilsuhagfræði.



**RÚNA HAUKSDÓTTIR HVANNBERG**

Rúna hefur verið skipuð formaður lyfjagreiðslunefndar af heilbrigðisráðherra. Lyfjagreiðslunefnd ákvarðar meðal annars hámarksverð lyfja.

Hún segir að ef nefna skuli einhverjar væntanlegar áherslur hennar í nefndinni verði þær í þá áttina að skerpa á þessu sérsviði lyfja- og heilsuhagfræðinnar. **- kóþ**

### STJÓRNMÁL

**Þingmenn kynna sér málin**

Nefndarmenn í félags- og tryggingamálanefnd Alþingis eru á ferð um Norðvesturland þessa dagana þar sem þeir kynna sér atvinnu- og búsetumál fatlaðra og þjónustu við þá.

### ÁRÉTTING

Mistök við vinnslu blaðsins urðu til þess að röng útgáfa af frétt um umdeilda auglýsingu Símans birtist í Fréttablaðinu í gær. Rétta útgáfu fréttarinnar má lesa á visir.is undir fyrirsögninni „Símaauglýsing minnir á skopmynd af Múhameð“.

# Höfðu útvegað sér öflug sprengiefni

**Þrír menn voru handteknir í Þýskalandi í gær, daginn eftir að danska lögreglan handtók átta menn í Kaupmannahöfn. Mennirnir eru grunaðir um að hafa haft hryðjuverk í bígerð. Þeir höfðu útvegað sér 700 kíló af sprengiefni.**

**ÞÝSKALAND, AP** Þrír menn voru handteknir í Þýskalandi í gær. Þeir eru grunaðir um að hafa ætlað að fremja hryðjuverk á tveimur stöðum í Þýskalandi; bandaríska herflugvellinum við Ramstein og á alþjóðaflugvellinum í Frankfurt.

Monika Harms saksóknari segir að mennirnir hafi gengist undir þjálfun í Pakistan. Einnig hafi þeir útvegað sér um 700 kíló af vetnisperoxíði sem nota átti í sprengjugerð.

„Þetta hefði getað gert þeim kleift að útbúa sprengjur með meiri sprengikraft en var í sprengjuárásunum á London og Madrid,“ segir Jörg Zierke, yfirmaður þýsku sakamálalögreglunnar.

Tveir hinna handteknu eru Þjóðverjar, 22 og 28 ára gamlir, sem snerust til íslamstrúar. Sá þriðji er 29 ára gamall Tyrki. Lögreglan veitti þeim fyrst athygli þegar þeir sáust fylgjast með bandarískri herstöð í Hanau í Þýskalandi í lok síðasta árs.

Allir eru þeir sagðir hafa hlotið þjálfun í Pakistan á vegum samtaka sem nefnast Bandalag heilags stríðs íslams, sem sögð eru samtök súnnímúslima með rætur í Úsbekistan.

Tveir mannanna voru handteknir í sumarhúsi í Þýskalandi í gær, en sá þriðji komst undan út um baðherbergisglugga. Honum tókst þó ekki að komast lengra en 300 metra, þar sem lögreglan hafði girt svæðið af.

Daginn áður hafði leyniþjónusta dönsku lögreglunnar handtekið átta manns í Kaupmannahöfn, sem einnig höfðu sprengiefni í fórum sínum og eru grunaðir um að hafa haft hryðjuverk í bígerð. Lögreglan fullyrti að mennirnir hefðu haft bein tengsl við Al Kaída, samtökin sem Osama bin Laden hefur verið í forystu fyrir.

Þá höfust í Danmörku í gær réttarhöld yfir fjórum mönnum sem handteknir af voru sams konar ástæðum í Óðinsvéum fyrir ári.

Hvorki Þýskaland né Danmörk hafa til þessa orðið fyrir árásum íslamskra hryðjuverkamanna. Þýskaland hefur hins vegar verið með herlið í Afganistan og Danir hafa verið með herlið bæði í Írak og Afganistan, og þar með beinast spjót herskárra múslima nánast sjálfkrafa að Þýskalandi og Danmörku.

Skopmyndirnar af Múhameð spámanni, sem birtust í danska dagblaðinu Jyllandsposten fyrir tveimur árum, eiga einnig sinn þátt í að Danmörk er ennþá hugsanlegt skotmark hryðjuverkamanna.

„Þetta er ekkert búið. Íslamskir öfgamenn tala enn um þetta,“ segir Evan Kohlberg, bandarískur sérfræðingur sem fylgst hefur með starfsemi hryðjuverkamanna víða um heim. **gudsteinn@frettabladid.is**



**KOMST EKKI LANGT** Þýskir lögreglumenn leiða einn hinna handteknu á milli sín. Honum hafði tekist að sleppa út um baðherbergisglugga en komst ekki langt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**FLÓÐFLÓTTI** Unglingur verst regni í San Pedro Sula í Hondúras, þar sem flóð af völdum Felix flæmdi þúsundir á flótta. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hitabeltisóveður vestra:

## Felix banaði minnst níu

**MIÐ-AMERÍKA, AP** Að minnsta kosti níu manns týndu lífi og ellefu manns er saknað eftir að fellibylurinn Felix gekk yfir Miskitoströndhéraðið í Níkaragva, en yfirvöld í Níkaragva, Hondúras og Gvatemala voru við því búin að hann ylli mun meira tjóni.

Á sama tíma skall hitabeltisstormurinn Henríetta á vesturströnd Mexíkós, en þá hafði hann sótt í sig veðrið og taldist lægsta stigs fellibylur. Minnst sjö manns eru talin hafa týnt lífi af völdum Henríettu á leið hennar eftir Kyrrahafsströndinni og yfir Baja California-skaga. **- aa**

Heitt í Kaliforníu:

## Hitabylgja varð 25 að aldurtila

**BANDARÍKIN, AP** Rúmlega vikulöng hitabylgja varð 25 manns að bana í suðurhluta Kaliforníuríkis í Bandaríkjunum. Hitinn náði hæst 43 gráðum á eyðimerkursvæðum í ríkinu og lækkaði hann einungis um nokkrar gráður að nóttu til.

Tugir þúsunda heimila voru án rafmagns vegna álags á rafkerfinu sökum aukinnar notkunar loftræstikerfa. Talið er að fimmtán hafi látist vegna hitans í Los Angeles og aðrir tíu á öðrum svæðum. **- sgj**


www.expressferdir.is

NICE, CANNES OG MONACO

Beint flug til Nice
21.–25. september



EINSTAKT TÆKIFÆRI!

Verð á mann aðeins
39.900 kr.

» Nánar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Express Ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express




Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

## VEÐURSPÁ

**VÆTUSAMT** Töluverð væta er nú með morgninum víða um land en þegar líður á daginn dregur úr úrkomumagninu þótt megi gera ráð fyrir myndarlegum skúrum til kvölds. Úrkomubeltin eru í kippum og nýtt belti tekur land vestan til seint í kvöld og á morgun verður víða væta en þó úrkomulítið allra austast á landinu og þar mun létta til þegar líður á morgundaginn. Úrkomulítið verður svo á laugardag.

**REYKJAVÍK Í DAG** Hæg suðvestlæg átt. Rigning og síðar skúrir. Hiti 10-14 stig.

um hádegi »



» á morgun



8-15 m/s hvassast með suðausturströndinni..

» föstudagur



3-10 m/s

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 18°C hálfskýjað | London | 24°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 18°C léttskýjað |
| Billund | 18°C léttskýjað | París | 21°C léttskýjað | Basel | 17°C skúrir |
| Osló | 19°C léttskýjað | Amsterdam | 20°C skúrir | Alicante | 27°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 19°C léttskýjað | Frankfurt | 19°C skúrir | Algarve | 27°C léttskýjað |
| Gautaborg | 19°C hálfskýjað | Berlín | 19°C skúrir | Las Palmas | 25°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




# NISSAN PATHFINDER ADVENTURE

# GERI AÐRIR BETUR!

**Nissan Pathfinder Adventure** er alvöru bíll, kraftmikill, fallegur og töff! Hann er með fullkomið fjórhjóladrif sem gefu möguleika á að aka einungis í afturhjóladrifi (2WD) og spara þannig eldsneyti þegar ekki er þörf á fjórhjóladrifi (4WD). **Adventure** útgáfan er sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður og fæst hvergi nema á Íslandi.




## STAÐALBÚNAÐUR:

- **33" breyting**
- Sérsmíðaðar álfelgur
- 7 manna
- Sjálfskipting
- 174 hestafla díselvél
- 3000 kg dráttargeta
- Cruise control
- Dráttarbeisli
- 6 diska CD spilari
- Húddhlíf
- Vindskeið
- Litað gler
- Regnskynjari
- Þokuljós

**ATH:** Við erum með Adventure sýningarbíl í salnum og reynsluakstursbíl á staðnum.

## NISSAN PATHFINDER ADVENTURE SE

Verð aðeins **4.950.000 kr.**

KOMDU OG REYNSLUAKTU

NISSAN

**Ingvar Helgason**

Sævarhöfða 2 / Sími 525 8000 / www.ih.is / Opið: Mán frá kl. 10 - 18 og þri til fös frá kl. 9 - 18.

## KJÖRKASSINN



*Finnst þér auglýsing Símans með Jesú Kristi í aðalhlutverki ósmekkleg?*

| | |
|---|---|
| Já | 32,5% |
| Nei | 67,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Er rétt að hlutafélagavæða Orkuveituna?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Utanríkisráðherra hefur kallað heim eina friðargæsluliða Íslands í Írak:

# Geir ósammála ákvörðuninni

**UTANRÍKISMÁL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra hefur kallað heim eina friðargæsluliða Íslands hjá Nató í Írak. Á blaðamannafundi með John Craddock, yfirhershöfðingja Nató í gær, sagði hún verkefnið ekki hafa hentað Íslendingum. Hershöfðinginn kom til landsins í gær.

Í Kastljósi Sjónvarpsins í gærkvöldi sagðist Geir H. Haarde forsætisráðherra ekki vera sammála ákvörðun Ingibjargar. „Ég sá ekki ástæðu til að kalla hann heim þegar ég var í utanríkisráðuneytinu, það lýsir minni afstöðu í málinu,“ sagði Geir. „Ég hefði ekki gert þetta.“ Geir sagði einnig að friðargæsluliðinn hafi verið í Írak í táknrænum tilgangi.

„Ég er vonsvikinn þegar bandalagið breytist og þjóðir fara,“ sagði Craddock á blaðamannafundinum. „Ef við hefðum val myndum við frekar vilja að þjóðir yrðu áfram í bandalaginu.“

Utanríkisráðherra sagði að ekki stæði til að kalla heim friðargæsluliðið Íslands í Afganistan. „Það er öðruvísi til þátttöku okkar í Afganistan stofnað heldur en í Írak,“ sagði Ingibjörg. „Í Afganistan er það Nató sem tekur að sér ákveðið hlutverk þar, fyrir hönd Sameinuðu þjóðanna.“ **- sgj**



JOHN CRADDOCK



INGIBJÖRG S. GÍSLADÓTTIR



GEIR H. HAARDE

Tveir menn í Mosfellsdal:

# Skutu á gæsir úr bíl á ferð

**LÖGREGLUMÁL Tveir menn voru teknir fyrir að skjóta af haglabyssu úr bifreið á ferð í Mosfellsbæ klukkan sex í gærkvöldi.**

**Lögreglu barst tilkynning um byssumennina og hafði upp á ökutæki þeirra. Mennirnir vildu ekki kannast við að hafa hleypt af byssu en vitni sagðist hafa séð þá skjóta á gæsahóp. Lögregla fann jafnframt skothylki úr byssunni á víðavangi.**

**Lögregla lagði hald á byssuna og kærði skotmanninn fyrir brot á vopnalögum. Mennirnir eru báðir á þrítugsaldri og óku í átt til Reykjavíkur. Atvikið átti sér stað nálægt Gljúfrasteini. - sgj**

ASÍ krefst vinnustöðvunar:

# Þolinmæðin er senn á þrotum

**VINNUMARKAÐUR Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, segir að þolinmæði stofnunarinnar gagnvart tveimur undirverktökum Arnarfells sé senn á þrotum. Fyrirtækin heita GT-verktakar og Hunnebeck og starfa við byggingu Hraunaveitu Kárahnjúkavirkjunar. Talið er að fyrirtækin hafi ekki greitt starfsmönnum laun samkvæmt kjarasamningum.**

**Í gær sagðist Gissur hvorki getað játað því né neitað hvort Vinnumálastofnun ætli að stöðva starfsemi fyrirtækjanna í dag.**

**Miðstjórn ASÍ ályktaði í gær að starfsemi fyrirtækja sem hafa brotið kjarasamninga verði stöðvuð tafarlaust. - ifv**

**STJÓRNSÝSLA**

### Heitir núna Landspítali

Með nýjum lögum um heilbrigðisþjónustu heitir Landspítali - háskólasjúkrahús hér eftir Landspítali. Framkvæmdastjórn spítalans mælist þó til þess að í ræðu og riti verði orðið háskólasjúkrahús notað til að minna á háskólastarfsemina sem fram fer á spítalanum. Áfram verður skammstöfunin LSH notuð.

**STJÓRNMÁL**

### Líberíumenn á fundi

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og fiskimálastjóri Líberíu funduðu með sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis í gær. Að fundi loknum héldu nefndarmenn í heimsókn til garðyrkjubænda á Suðurlandi.

# Þingvellir eru ekki á flekaskilunum

**Skil Ameríku- og Evrópuflekans eru ekki á Þingvöllum. Ein fyrsta spurningin sem útlendingar spyrja að er hvar flekaskilin séu á Þingvöllum. Leiðrétta þarf þennan landlæga misskilning um Þingvelli, segir fræðslufulltrúi þjóðgarðsins.**

**NÁTTÚRA** „Þetta hefur legið fyrir í þrjátíu ár. Það tekur bara svo langan tíma að leiðrétta þennan misskilning, sérstaklega í ferðabókum fyrir útlendinga. Túristarnir halda enn þá að flekaskil Ameríku- og Evrópuflekans séu á Þingvöllum,“ segir Páll Einarsson, prófessor í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands, um þá langlífu meinloku að á Þingvöllum standi menn á mörkum tveggja heimsálfa: Evrópu og Ameríku.

„Ég hugsa að ein orsökin sé meðal annars sú að það þyki flott að hafa flekaskilin á Þingvöllum: að geta staðið við Almannagjá og sagst horfa yfir landsvæði sem sé á Ameríkuflekanum,“ segir Páll og bætir því við að í raun og veru hafi aldrei verið talið að flekaskilin væru á Þingvöllum. Hann segir að hins vegar sé hægt að standa á flekaskilum Ameríku og Evrópu víða annars staðar á landinu. „Til dæmis baða menn sig á mótum Ameríku- og Evrópuflekans í Bláa lóninu.“



**PÁLL EINARSSON** Prófessor í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

Þingvellir standa á flekaskilum en bara ekki á skilum Ameríku- og Evrópuflekans segir Páll. Páll segir að austan við Þingvelli sé um það bil tíu þúsund ferkílómetra aukafleki sem hlotið hefur nafnið Hreppaflekinn. „Þingvellir eru á mörkum Ameríkuflekans og Hreppaflekans,“ segir Páll.

Einar Sæmundsen, fræðslufulltrúi þjóðgarðsins á Þingvöllum, segir að fyrsta spurningin sem erlendir ferðamenn spyrji gjarnan að sé hvar á Þingvöllum flekaskilin séu og hvort þeir geti staðið á þeim. „Sumir túristarnir halda að flekaskilin séu í Almannagjá.“ Einar segir að þessi vitneskja lifi í ferðamannabæklingum og mörgum bókum um Ísland og að hann þurfi að leiðrétta.

Hann segir að í gömlum íslenskum fræðslubæklingum um Þingvelli hafi verið sagt að flekaskilin væru á Þingvöllum. „Hins vegar er þessu ekki haldið fram í því fræðsluefni sem nú er boðið upp á hér á Þingvöllum. Þar kemur fram að fara þurfi austur á land eða út á Reykjanes til að standa á flekamótunum. Það er hins vegar ekki undirstrikað nægilega vel að flekaskilin séu ekki á Þingvöllum.“

Einar segir að í náinni framtíð standi til að fara yfir og breyta efninu í fræðslumiðstöðinni á Þingvöllum. „Þá mun verða tekið skýrt fram að ekki er hægt að standa á flekaskilunum á Þingvöllum.“ **ingifreyr@frettabladid.is**



**JARÐSKJÁLFTAKORT 1994-2005** Kortið sýnir eldstöðvakerfi landsins: gulu rákirnar, og upptök jarðskjálfta: rauðu punktarnir. Saman sýna litirnir tveir flekaskilin sem ganga í gegnum landið. Páll segir að kortið sýni að flekaskilin á Suðurlandi eru tvöföld: önnur skilin liggja um Þingvelli en hin um Veiðivatnasvæðið. Þar á milli er sjálfstæður fleki, Hreppaflekinn. FRÉTTABLAÐIÐ/BIRT MEÐ LEYFI VEÐURSTOFU ÍSLANDS




**FORSÍÐA TIME** Á forsíðu tímaritsins frá árinu 2005 er mynd af kafara í gjánni Silfru á Þingvöllum. Í myndatexta með grein í tölublaðinu, þar sem fjallað er um Ísland, segir að Ameríku- og Evrópuflekinn mætist í gjánni. Einar Sæmundsen segir að margir útlendingar tali um „að kafa á milli heimsálfa“ þegar þeir kafi í Silfru.

Þingvallanefnd mun ekki fjalla frekar um Gjábakkaveg:

# Fólkið í landinu láti í sér heyra

**UMHVERFISMÁL** „Nú er svo komið að það eru vísindamennirnir og fólkið í landinu sem eiga að láta í sér heyra, því Þingvallanefnd mun ekki fjalla um Gjábakkaveg frekar,“ segir Kolbrún Halldórsdóttir þingmaður.

Kolbrún sat í gær fund Þingvallanefndar, þar sem erindi Péturs M. Jónassonar vatnalíffræðings var kynnt.

„Nefnd UNESCO lagðist á sínum tíma gegn því að farið yrði í gegnum þjóðgarðinn og Þingvallanefnd fór eftir því. Veginn á samt að leggja yfir vatnsverndarsvæðið,“ segir Kolbrún.

Öll spjót standi því á Alþingi, því þingmenn séu ábyrgir fyrir vatnsverndarsvæði Þingvalla.

„Niðurstaða fundarins var sú að vatnsverndarsvæðið félli utan umsýslu nefndarinnar. Þar með lítur nefndin svo á að hún hafi ekki umboð til að aðhafast neitt frekar,“ segir hún.

Kolbrún segir að því meira sem almenningur, vísindamenn og fjölmiðlar uppfræði alþingismenn um áhrif vegarins, því betra.

Hún bíður spennt eftir ákvörðun umhverfisráðherra um úrskurð Jónínu Bjartmarz, sem leyfði veginn á sínum tíma. **- kóþ**


fvh
Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga



Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga stendur fyrir hádegisverðarfundi um:

## Niðurstöður kjarakönnunar FVH

Þriðjudaginn 11. september frá 12:00-13:30 á Grand Hóteli -- Sigtúni.

Nú styttist í að kjarakönnun FVH verði dreift til félagsmanna. Í tengslum við það verður haldinn hádegisverðarfundur þar sem farið verður yfir helstu niðurstöður auk þess sem farið verður yfir hvernig félagsmenn geta bætt stöðu sína í kjaramálum.



Guðmundur B.



Aðalsteinn



Guðni Rafn



Þröstur Olaf

DAGSKRÁ

| | |
|---|---|
| Kl. 11:45 | Skráning |
| Kl. 12:00-12:20 | Í upphafi skyldi endinn skoða<br>Guðmundur Bjarni Harðarson, sérfræðingur á lífeyrissviði Kaupþings. |
| Kl. 12:20-12:40 | Náðu betri samningi<br>Aðalsteinn Leifsson, lektor og forstöðumaður MBA-náms í Háskólanum í Reykjavík. |
| Kl. 12:40-13:00 | Helstu niðurstöður kjarakönnunar FVH 2007<br>Guðni Rafn Gunnarsson, formaður kjaranefndar FVH. |
| Kl. 13:00-13:30 | Umræður að erindum loknum. |

FUNDARSTJÓRI
Þröstur Olaf Sigurjónsson, formaður FVH.

Gjaldfrjáls aðgangur fyrir félagsmenn FVH.

Ath! Fundurinn er einungis opinn félagsmönnum FVH.

Skráning fyrir fram nauðsynleg!
Vinsamlega skráið þátttöku á vef FVH, www.fvh.is, eða í síma 551 1317.

ENNEMM / SIA / NM20861

# SENSAI

## CELLULAR PERFORMANCE




## SENSAI DAGAR

Í HAGKAUPUM KRINGLU OG SMÁRALIND

### KANEBO KYNNIR NÝJA VÖRULÍNU SENSAI 6. – 11. SEPT.

Sérfæðingar Kanebo munu veita ráðgjöf um hvað hentar húð þinni best og um leið fá viðskiptavinir að upplifa þessar heillandi vörur. Sérfræðingar Sensai munu taka vel á móti þér í Hagkaupum Kringlu og Smáralind, fimmtudag og föstudag frá klukkan 13 – 18 og Laugardag frá kl. 13 - 17.

Glæsilegir gjafir fylgja öllum kaupum þessa daga.

Kanebo INTERNATIONAL

http://sensai-cosmetics.com

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## VEISTU SVARIÐ?



*1 Flugvél hvaða auðkýfings hefur verið týnd síðan á mánudaginn?*

*2 Hvaða fyrirtæki endurgerir söguna um svik Júdasar við Jesú í nýrri auglýsingu?*

*3 Hvaða fjölmiðlakona skrifar nú bók um veikindi föður síns?*

SVÖR Á BLS. 54

Hans Jóhannsson og Ólafur Elíasson hafa hannað skúlptúra í líki fiðlubúta:

# Flytja tónlist með fiðlubútum

**MENNING** Hans Jóhannsson fiðlusmiður og Ólafur Elíasson listamaður hafa hannað skúlptúra í líki fiðluhluta sem hægt er að láta hljóma. Hljóðlistaverkið verður sýnt í skála í Hyde Park í London annað kvöld.

„Þetta er rosalega skrítin fiðla, hún er í mörgum pörtum sem hljóma sér, en þetta er allt keyrt með merki sem kemur úr rafmagnsfiðlu,“ segir Hans. „Merkið keyrir þessa hljómskrokka og þetta er allt gert á hátalara.“

Skúlptúrarnir eru smíðaðir úr linditré, en breski einleikarinn Thomas Gould mun leika á hljóðfærið. „Þetta er ekki hugsað sem flutningur á ákveðnu verki, heldur frekar hljóðupplifun,“ segir Hans.

Margir þekktir raftónlistarmenn koma fram sama kvöld og nýta sér hljómburð skálans til að ná fram sérstökum hljómi.



**EINN FIÐLUBÚTANNA** Fiðlan er keyrð með merki úr rafmagnsfiðlu. MYND/HANS JÓHANNSSON

„Við höfum verið með þetta í startholunum í tvö til þrjú ár,“ segir Hans. „Verkefnið okkar er í mörgum þrepum, þetta er eiginlega bara fyrsta skrefið.“ - sgj

Bæjarstjórn fellir tillögu:

# Tilraunaborun fer ekki í mat

**UMHVERFISMÁL Fulltrúar meirihluta Samfylkingar í bæjarstjórn Hafnarfjarðar auk fulltrúa Sjálfstæðisflokks vísuðu frá tillögu bæjarfulltrúa Vinstri grænna, Guðrúnar Ágústu Guðmundsdóttur, um að láta gera umhverfismat á tilraunaborunum Hitaveitu Suðurnesja í Krýsuvík. Lúðvík Geirsson bæjarstjóri og meirihluti Samfylkingarinnar sögðu tillögu Guðrúnar ekki í samræmi við samstarfsyfirlýsingu Hitaveitunnar og Hafnarfjarðarbæjar. Guðrún bókaði að þótt það væri ekki lagaleg skylda væri eðlilegt að framkvæmdir af þessi tagi færu í umhverfismat. - gar**

Deilur í sænsku stjórninni:

# Varnarmálaráðherra hættir

**SVÍÞJÓÐ, AP Mikael Odenberg, varnarmálaráðherra Svíþjóðar, hefur sagt af sér vegna áforma stjórnarinnar um að minnka fjármagnið sem sænski herinn hefur til umráða.**



**MIKAEL ODENBERG**

**Odenberg var afar ósáttur við þau áform, en Anders Borg fjármálaráðherra hefur lagt mikla áherslu á að ná fram sparnaði með þessu móti.**

**Odenberg segir samdráttinn gera það að verkum að Svíar eigi erfitt með að ná fram því markmiði að auka hlutdeild sína í friðargæslustarfi víða um heim. Úr því sem komið er sjái hann sér ekki annað fært en að segja af sér. - gb**

Tuttugu og tvær kirkjur á Íslandi eru bændakirkjur eða ekki í eigu safnaða:

# Á þriðja tug kirkna í einkaeigu

**FASTEIGNIR** Höfuðbólið Grund í Eyjafirði hefur verið sett á sölu en Grundarkirkja og landskikinn sem hún stendur á munu ekki fylgja með. Grundarkirkja er ein af 22 kirkjum á Íslandi sem eru í einkaeigu.

Þjóðkirkjan heldur úti lista yfir allar kirkjur á landinu, en 22 þeirra flokkast undir „bændakirkjur eða kirkjur í eigu og umsjá annarra en safnaða“. Sóknargjald rennur ekki til eigenda þessara kirkna og eru þær til einkanota, þó að stundum sé messað í einhverjum þeirra.

Eigendur kirknanna þurfa að fá þær vígðar til að þær teljist lögmætar kirkjur. Ef ætlunin er að hætta notkun kirkju eða breyta henni til annarra nota verður að láta afhelga hana. - sgj

**DÆMI UM KIRKJUR SEM EKKI ERU Í EIGU SAFNAÐA**

- Bessastaðakirkja
- Úlfljótsvatnskirkja
- Skálholtskirkja
- Möðrudalskirkja
- Þingvallakirkja
- Grundarkirkja

Heimild: Þjóðkirkjan



**GRUNDARKIRKJA** Kirkjan er ein af 22 einkakirkjum á landinu og verður það áfram þrátt fyrir sölu á jörðinni Grund.

Jón Pétursson nauðgari:

# Sakhæfi hans verður metið

**DÓMSMÁL** Kvaddir verða fyrir dóm matsmenn til þess að meta hvort Jón Pétursson, sem tvisvar hefur verið dæmdur í fimm ára fangelsi fyrir hrottalegar nauðganir, er sakhæfur eða ekki vegna höfuðhöggs sem hann hlaut fyrir átta árum.

Krafan um að mat á sakhæfinu færi fram byggði á því að geðlæknirinn John Donne de Niet teldi að hugsanlega hefði Jón orðið fyrir framheilaskaða sem orsakað hefði persónuleikabreytingar. - mh

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Hafnarvörður smyglaði

Hafnarvörður á Norðurlandi hefur verið ákærður fyrir að smygla 32 lítrum af áfengi til landsins. Áfengið keypti hann af skipverja í skipi sem lagt var við höfn.


GLEÐILEGT



NÝTT

LEIKÁR!

EKKI MISSA AF FRÁBÆRU TILBOÐI

SMELLURINN

Kort þetta gildir sem aðgöngumiði á Lík í óskilum Söngleikinn Gretti Gítarleikararnir

BORGARLEIKHÚSIÐ

FJÖLSKYLDU-KORTIÐ

Kort þetta gildir sem aðgöngumiði á Gosa Söngleikinn Gretti

BORGARLEIKHÚSIÐ

NÆLDU ÞÉR Í SMELLINN OG FJÖLSKYLDUKORTIÐ! ATHUGIÐ AÐ SÍÐASTI SÖLUDAGUR ER SUNNUD. 9.SEPT.

111. LEIKÁR LEIKFÉLAGS REYKJAVÍKUR 2007/2008

BORGARLEIKHÚSIÐ

ENNEMM / SÍA / NM29545




# Vefbækur í boði Kaupþings

Kaupþing býður námsmönnum allra grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla á Íslandi skólaaðgang að vefnum **vefbaekur.is**. Orðabækur og uppflettirit sem mikilvæg eru í námi verða þar með aðgengileg tugþúsundum nemenda á staðarneti skólanna.

Orðið er þitt!

KAUPÞING

*Hugsum lengra*

Kynntu þér málið á **vefbaekur.is**



SIEMENS

Ný þvottavél frá Siemens, sem lætur blettina hverfa.

Þetta er vélin handa þér!

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is


Samþykkt nýjustu stofnsáttmálauppfærslu Evrópusambandsins:

# Barroso treystir á samstöðu

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sagðist í gær sannfærður um að fulltrúar allra 27 aðildarríkja sambandsins myndu leggja lokablessun sína yfir nýjustu uppfærsluna á stofnsáttmála þess á leiðtogafundi í október. Að sínu mati ættu þingkosningar, sem búist er við að efnt verði til í Póllandi í haust, ekki að verða til þess að fresta afgreiðslu nýja ESB-sáttmálans.

Utanríkisráðherrar aðildarríkjanna koma saman í Portúgal á morgun, föstudag, til að ræða nýja sáttmálann. Portúgalar gegna formennskunni í sambandinu síðari helming ársins.



**BARROSO BJARTSÝNN** Trúir á lokasamþykkt nýja ESB-sáttmálans.

Á málþingi á vegum Evrópuréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík í gær sagði Pierre Mathijsen, prófessor í Brussel og fyrrverandi skrifstofustjóri hjá framkvæmdastjórn ESB, að ráðamenn sambandsins vonuðust til að nýi sáttmálinn verði fullgiltur í öllum aðildarríkjunum án þess að hann verði nokkurs staðar borinn undir þjóðaratkvæði. Fyrir því væru góð rök, enda kvæði nýi sáttmálinn á um mun umfangsminni uppfærslu á eldri sáttmálunum en til stóð að gera með stjórnarskrársáttmálanum svonefnda, sem meirihluti kjósenda í Frakklandi og Hollandi felldu í þjóðaratkvæðagreiðslum fyrir tveimur árum. - aa

# Tíðni geðsjúkdóms hjá börnum margfaldast

**Tilfelli barna með geðhvörf í Bandaríkjunum hafa fjörutíufaldast á árunum 1994 til 2003 samkvæmt nýlegri rannsókn. Ekkert bendir til að um faraldur sé að ræða á Íslandi, segir Bertrand Lauth barna- og unglingageðlæknir.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Í dag eigum við betri greiningartæki en það er ekkert sem bendir til þess að tíðni geðhvarfa hjá börnum sé að aukast eða að um faraldur sé að ræða hér á landi,“ segir Bertrand Lauth, barna- og unglingageðlæknir.

Tilfelli barna með geðhvörf (Bipolar Disorder) í Bandaríkjunum hafa fjörutíufaldast á árunum 1994 til 2003. Þetta kemur fram í grein eftir Benedict Carey hjá dagblaðinu New York Times. Þar kemur einnig fram að sérfræðingar telja nær öruggt að tilfellum hafi enn fjölgað síðan árið 2003 og til dagsins í dag.

Bertrand segir ástæður þessarar aukningar geta verið þær að fólk sé meira meðvitað í dag um erfiðleika barna, leiti meira til sérfræðinga og viti meira um réttindi barna. „Ég held að það sé þó eðlilegt að spyrja sig þeirrar spurningar hvort um ofgreiningu sé að ræða, án þess að ég geti fullyrt nánar um niðurstöðu þessarar rannsóknar. Ég veit að í Bandaríkjunum þarf ákveðnar sjúkdómsgreiningar til að fólk geti fengið endurgreidda læknisþjónustu frá einkatryggingafélögum og það gæti spilað inn í þessa miklu aukningu þar í landi.“

Geðhvörf eru öfgafullar geðsveiflur þar sem manneskja getur sveiflast á milli þunglyndis og örlyndis. Þangað til nýlega var talið að sjúkdómurinn kæmi aðeins fram á fullorðinsárum. Í greininni kemur fram að í gegnum tíðina hafi misfarist að greina sjúkdóminn í börnum og nú fái þau börn meðferð við sjúkdómnum sem á þurfi að halda. Aðrir eru á þeirri skoðun að geðhvörf séu ofgreindur sjúkdómur hjá börnum og í dag sé hvaða árásargjarna og hvatvísa barn greint ranglega með geðhvörf. Í kjölfar greiningar sé barnið sett á mjög öflug geðlyf sem sjaldnast henti börnum og hliðarverkanir séu alvarlegar, eins og þyngdaraukning.

Bertrand segir málið tvíþætt. Annars vegar horfi læknar hugsanlega of oft til ákveðinna sjúkdóma og hins vegar hafi geðsjúkdómar í börnum verið vangreindir hér áður fyrr. „Ég er ekki á móti því að greina sjúkdóma betur núna, en vissulega þarf að gæta þess að sjúkdómsvæða ekki of mikið. Einnig þarf að greina sjúkdóma án þrýstings frá einkatryggingafélögum eins og í sumum tilfellum í Bandaríkjunum,“ segir Bertrand.

larab@frettabladid.is




**GEÐHVÖRF** Þar til nýlega var talið að sjúkdómurinn kæmi aðeins fram á fullorðinsárum.

## GEÐHVÖRF

Geðhvörf einkennast af mislöngum tímabilum með þunglyndi og örlyndi (maníu). Á þessum sjúkdómstímabilum getur sjúklingurinn verið sturlaður, þ.e.a.s. raunveruleikaskyn hans brenglað. Fjöldi sjúkdómstímabila er breytilegur frá einni persónu til annarrar, nokkrar fá aðeins eitt tímabil en aðrar fleiri.

**Áætlað er að milli eitt og tvö prósent þjóðarinnar séu með geðhvarfasýki.**

EINKENNIN:

**Þunglyndi:**
- Minni áhugi eða gleði við störf og skemmtun.
- Minni eða meiri matarlyst.
- Orkuleysi eða þreyta.
- Hugleiðingar um sjálfsvíg eða sjálfsvígstilraunir.
- Óróleiki, tregða.

**Örlyndi:**
- Ört geð, árásargirni, ergelsi.
- Aukin orka og virkni.
- Málgleði, hratt tal.
- Minnkuð svefnþörf.
- Ógagnrýnin hegðun, hvatvísi.

Heimildir: Doktor.is








VEIÐIHÖLLIN

Suðurlandsbraut 4. Reykjavík. - www.veidihollin.is - Sími 533 1115 - 893 7654



Er þetta jólagjöfin til þín eða frá þér í ár?

Remington

Viltu spara 25% af verði eins besta útivistar og veiðifatnaðar sem völ eru á fyrir unglinga, konur og karla, kynntu þér þá pöntunarþjónustu okkar. www.veidihollin.is.

Byssuskápa, byssupoka, gervigæsir sem fljúga, sitja og synda, sem og allt annað færðu hjá okkur í skot og stangveiði. Allt það besta frá Veiðiland færðu hjá okkur.

Verðum með notaðar byssur í endursölu, skráðu byssuna hjá okkur.

Bæjaryfirvöld í Kópavogi senda hestamönnum í Glaðheimum bréf:

# Hestamenn geta notað húsin áfram

**KÓPAVOGUR** Bæjaryfirvöld í Kópavogi senda á næstunni bréf til hestamanna, sem hafa selt hesthús sín í Glaðheimum í Kópavogi. Í bréfinu verður kynnt fyrirkomulag varðandi afnot af hesthúsunum í vetur. Hestamennirnir geta óskað eftir því að nota húsin og verður gerður sérstakur leigusamningur við hvern og einn.

Bjarnleifur Bjarnleifsson, formaður hestamannafélagsins Gusts, segir að nýja fyrirkomulagið feli í sér að menn séu áfram í sömu hesthúsum og áður. Engin breyting verði á því. Ekki verði um neina leigu til bæjaryfirvalda að ræða heldur verður í leigusamningnum aðeins kveðið á um þau hefðbundnu gjöld sem hestamenn hafa borgað hingað til, til dæmis fasteignagjöld.

„Núna er bara verið að staðfesta að menn borgi þessi gjöld og tryggja mönnum hesthús næsta vetur meðan við erum að byggja á Kjóavöllum.



**GERA LEIGUSAMNING** Hestamenn sem vilja vera áfram í hesthúsunum í Glaðheimum verða að gera leigusamning við Kópavogsbæ.

Við úthlutum lóðum þar á næstu vikum og svo hefjast framkvæmdir vonandi í haust. Þetta tekur allt tíma en meiningin er að þessu verði lokið um áramótin 2008-2009 og að allir verði fluttir þá.“ - ghs




Þingmaðurinn Larry Craig:

# Hættir kannski við að hætta

**BANDARÍKIN, AP** Bandaríski öldungadeildarþingmaðurinn Larry Craig segist hugsanlega ætla að hætta við afsögn sína. Lögmenn hans segja fjölmörg fordæmi fyrir því í 220 ára sögu þingsins að minni háttar afbrot leiði ekki til afsagnar.



LARRY CRAIG

Félagar hans í Repúblikanaflokknum kröfðust þess að hann segði af sér þingmennsku eftir að hann hafði dregið til baka játningu um að hafa falast eftir kynmökum við óeinkennisklæddan lögreglumann á flugvelli.

Craig segist þó „ekkert rangt“ hafa gert og neitar því jafnframt að vera samkynhneigður. Hann hefur á ferli sínum barist gegn auknum réttindum samkynhneigðra. - gb

Borgarstarfsmenn í Mumbai:

# Verða að hætta að hrækja inni

**INDLAND, AP** Borgarstarfsmenn í Mumbai á Indlandi hafa fengið skýr fyrirmæli um að hætta að hrækja innandyra í vinnunni.

Ljósmyndir af þeim sem brjóta gegn þessu banni verða hengdar upp á vegg ásamt nafni og starfsheiti viðkomandi. Einnig þurfa þeir að greiða sekt.

Herferðin beinist einkum að starfsmönnum borgarskrifstofu sem hefur umsjón með hreinlætismálum í borginni og gatnakerfinu. Í nóvember á síðan að hefjast allsherjar hreinlætisherferð í Mumbai, sem mun vera ein óþrifalegasta borg á Indlandi. - gb

**MENNING**

## Tenórinn Gissur Páll styrktur

Gissur Páll Gissurarson tenórsöngvari hlaut á dögunum 500 þúsund króna styrk úr sjóði Önnu Karólínu Nordal. Sjóðnum er ætlað að styrkja efnilega tónlistarnema.

**JAPAN**

## Sjötta ráðherrahneykslið

Ichiro Kamoshita, umhverfisráðherra í ríkisstjórn Shenzo Abe í Japan, hefur viðurkennt að hafa gefið rangar upplýsingar um lántökur. Krafist er afsagnar hans. Fjórir ráðherrar í stjórn Abes hafa nú þegar sagt af sér vegna hneykslismála og einn framdi sjálfsvíg.

**SKAGASTRÖND**

## Frístundakort fyrir börnin

Hreppsnefnd Skagastrandar ætlar að gefa út frístundakort fyrir börn sem nýtast til niðurgreiðslu íþrótta- og æskulýðsstarfs í bænum. Nemur fjárhæð kortanna 15.000 krónum.






**Skilum ónýtu rafhlöðunum!**

Ónýtar rafhlöður geta verið hættulegar umhverfinu ef þær innihalda spilliefni. Þú getur losað þig við allar rafhlöður m.a. á bensínstöðvum Olís og söfnunarstöðvum sveitarfélaga um land allt eða fengið þér endurvinnslutunnu fyrir flokkað heimilissorp.

ÚRVINNSLUSJÓÐUR — Kynntu þér málið á www.urvinnslusjodur.is

olís · Efnamóttakan hf · GÁMAÞJÓNUSTAN HF. · HRINGRÁS



**Síðan skín sól**

Verðdæmi:

**Sólarlottó til Lanzarote**
**19. september**

Verð frá:
**34.900* kr.**

Þú velur áfangastað og brottfarardag og tekur þátt í lottói um hvaða gistingu þú færð!

Verðdæmi:

**Sólarlottó til Tenerife**
**12., 19. og 26. september**
**3., 10., 17. og 24. október**

Verð frá:
**44.900* kr.**

Þú velur áfangastað og brottfarardag og tekur þátt í lottói um hvaða gistingu þú færð!

* Innifalið í verði: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Netverð miðast við að 2 ferðist saman.

Bókaðu strax á www.plusferdir.is

plús FERÐIR

www.plusferdir.is

PLÚSFERÐIR – Lágmúla 4 – 105 Reykjavík - Sími 535 2100



Auglýsingasími

**512 50 50**

– Mest lesið


Áætlað að Iðnskólinn í Reykjavík og Fjöltækniskóli Íslands sameinist um áramót:

# Nýr skóli á að heita Tækniskólinn

**MENNTAMÁL** Stefnt er að því að Iðnskólinn í Reykjavík og Fjöltækniskóli Íslands sameinist í nýjan skóla; Tækniskólann, um áramót.

Vinna við úttekt á fjárhag og starfsemi skólanna, sem gerð er á vegum menntamálaráðuneytisins, er langt komin. Ákvörðun um sameiningu er á hendi menntamálaráðherra enda báðir skólarnir í ríkiseigu.

Grunnur að sameiningu hefur þegar verið lagður; nafni rekstrarfélags Fjöltækniskólans hefur verið breytt úr Menntafélaginu í Rekstrarfélag Tækniskólans en ráðgert er að félagið starfræki sameinaðan skóla. Er það í eigu Samtaka iðnaðarins, Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, Landssambands útvegsmanna, Samorku og Sambands kaupskipaútgerða.




**JÓN B. STEFÁNSSON** Skólameistari Fjöltækniskóla Íslands.

Jón B. Stefánsson, skólameistari Fjöltækniskólans, segir að í ljósi fyrirhugaðrar sameiningar eigi skólarnir þegar í nokkru samstarfi; nemendur Fjöltækniskólans sæki til dæmis nokkur fög í Iðnskólann.

Hann segir að margt ávinnist við sameiningu, samlegð verði á ýmsum sviðum starfseminnar.

Fjöltækniskólinn varð til við samrekstur Vélskóla Íslands og Stýrimannaskólans í Reykjavík árið 2003 en rætur Iðnskólans í Reykjavík má rekja aftur til 1973. **- bþs**



**HELFÖR GEGN KONUM** Blæjan er tæki til þess að bæla og kúga konur, að mati Maryam. Hún segir málið snúast um líf og dauða og nauðsynlegt sé að bregast við því sem hún kallar helför gegn konum. Aldrei megi klæða börn í hijab. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Vill enga kurteisi í garð íslamista

**„Það á ekki að sýna íslamistum kurteisi.“ Þetta segir Maryam Namazie stofnandi Samtaka fyrrverandi múslima í Bretlandi. Hún varar við uppgangi íslam og umburðarlyndi gagnvart lögum sem stangast á við almenn mannréttindi.**

**RÉTTINDAMÁL** „Blæjan er allt annað en fatnaður eða venjulegur höfuðklútur. Rétt eins og spennitreyja og líkpokar eru ekki föt, eða skírlífisbelti voru ekki flíkur, eða Davíðsstjarnan sem fest var á gyðinga á tímum helfararinnar var ekki hluti fatnaðar,“ sagði Maryam Namazie, stofnandi Samtaka fyrrverandi múslima í Bretlandi, í erindi sem flutt var á vegum Alþjóðastofnunar, Siðmenntar og Skeptíkusar í gær.

Maryam er fædd í Teheran í Íran en fluttist þaðan með fjölskyldu sinni árið 1980 eftir að klerkastjórn náði völdum í Íran og stofnaði íslamskt lýðveldi undir forystu Ayatollah Khomeini. Hún hefur unnið að fjölda mannúðarmála víðs vegar um heiminn.

> Þið óttist að vera kölluð rasistar eða vera sökuð um óumburðarlyndi ef þið setjið út á íslam … Sumt er einfaldlega ekki hægt að þola



**AÐGERÐARSINNI GEGN UPPGANGI ÍSLAM** Maryam segir að kurteisi Vesturlandabúa gagnvart íslam sé ekki eina ástæðan fyrir því að fólk þori lítið að gagnrýna trúarbrögðin og það sem þau hafi í för með sér. Fólk sé líka hrætt við íslamista og það sé ekki að undra miðað við þau viðbrögð sem strangtrúaðir hafi sýnt við gagnrýni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Á fundinum kom Maryam inn á málefni sem fáir hafa hróflað við hér á landi. „Þið óttist að vera kölluð rasistar eða vera sökuð um skort á umburðarlyndi ef þið setjið út á íslam. En sumu á ekki að sýna umburðarlyndi. Sumt er einfaldlega ekki hægt að þola,“ segir Maryam. Hún telur Vesturlönd og vestrænar kvennahreyfingar vera að bregðast konum með því að berjast ekki gegn þeirri kúgun gagnvart konum og börnum sem íslam viðhaldi. Sagði hún ómögulegt að skilja hvers vegna Vesturlönd brygðust ekki við því að grýta mætti konur til dauða samkvæmt íslömskum lögum, taka samkynhneigða af lífi og meina litlum stúlkum út úr brennandi húsum væru þær ekki með blæju. Vísaði hún til fjölmargra annarra fréttamála sem hún furðaði sig á að hefðu ekki vakið meiri reiði á Vesturlöndum en raun bæri vitni. Í ljósi þeirra dæma sagði hún ólíðandi að íslamistar fengju að blekkja fólk á Vesturlöndum með því að tala um réttinn til að bera blæju og láta þetta tákn kúgunar eins og hún kallar það líta fallega út fyrir Vesturlandabúum.

Maryam benti einnig á að Vesturlönd hefðu átt þátt í því að íslam hefði náð enn meiri fótfestu í sumum löndum en áður hefði verið og nefndi sem dæmi Afganistan og Írak.

Maryam sagði Íslendinga, sem og aðrar þjóðir, eiga að gæta sín á því að hér mynduðust ekki svokölluð gettó án þess að gagnkvæm aðlögun yrði. Ástæðan væri sú að í slíkum hópum næðu ofstækisfullir leiðtogar ávallt undirtökum.

Í lokin áminnti hún fólk um að flestir múslimar væru gott fólk rétt eins og gengur og gerist. Það væruu lögin sem sett væru í krafti íslams sem væru slæm. „Það er í gangi helför gegn konum og henni eigum við að berjast gegn.“

**karen@frettabladid.is**




# Rétti tíminn fyrir nýtt rúm

Tempur heilsudýnur, stillanleg rúm og frábært úrval svefnherbergishúsgagna







## Dýpsta slökun og svefn sem völ er á frá Tempur

Þar sem Tempur dýnan aðlagast líkamanum dreifir hún þyngdinni og dregur þar með úr þrýstingi á viðkvæma staði svo sem axlir, mjaðmir, hné og ökkla. Jafnframt styður hún undir og fyllir upp í „holrúmin" sem gjarnan skortir stuðning svo sem mjóbak, háls og hnésbætur.

Tempur dýnan minnkar stórlega þörfina fyrir að bylta sér og snúa í svefni. Rannsóknir sýna að fólk sem sefur á Tempur heilsudýnu byltir sér í svefni að meðaltali 18 sinnum á nóttu, en á öðrum dýnum 80-100 sinnum. Þessi mikli munur felst í því að enginn þrýstingur myndast á líkamshlutum, s.s. mjöðmum, öxlum og höndum.



## Yfir 30.000 læknar, sjúkraþjálfarar og kírópraktorar um heim allan mæla með Tempur

Einstakir þrýstijöfnunareiginleikar Tempur heilsudýnunnar og kodda koma best í ljós við notkun skurðarborða sjúkrahúsa um allan heim. Í aðgerð myndast þrýstipunktar á líkamanum sem hafa valdið fólki miklum sársauka. Til að koma í veg fyrir þetta hafa sjúkrahús um allan heim sett Tempur á skurðarborð sín. Til dæmis Landspítali Háskólasjúkrahús í Fossvogi og við Hringbraut.

**Betra BAK**

| Reykjavík | Ísafirði | Akureyri |
|---|---|---|
| Faxafeni 5 | Skeiði 1 | Tryggvabraut 24 |
| Sími 588 8477 | Sími 456 4566 | Sími 462 1410 |

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is

Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

# ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA
# SALA ÚTSALA ÚTSALA ÚT

## Öll salerni og handlaugar

20% AFSLÁTTUR



## Öll búsáhöld

30% AFSLÁTTUR



## Skjólgirðingar

30-70% AFSLÁTTUR



## Öll ljós

20% AFSLÁTTUR



## Öll garðverkfæri

Allt að 40% AFSLÁTTUR



## Allur fatnaður

20-70% AFSLÁTTUR



# ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA

# TSALA ÚTSALA ÚTSALA Ú

## Öll handverkfæri



**25%** AFSLÁTTUR

## Allar flísar



**25-70%** AFSLÁTTUR

## Öll málning




**25%** AFSLÁTTUR

## Áhaldaleiga

**20%** AFSLÁTTUR



**2.490 kr/m²**

**Eik Livaloc Struktur**
3ja stafa, borðastærð
14x189x2.200 mm
146600

## Öll pallaolía




**70%** AFSLÁTTUR

## Allir hurðar-húnar



**25%** AFSLÁTTUR

**Við berjum niður verðið!**

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

„ORÐRÉTT“

*Grettistak*

**„Ég ber ábyrgð á þessu öllu saman og öll börnin sem eru að koma í heiminn eiga eftir að verða hrokkinhærð og ljós yfirlitum.“**

HALLDÓR GYLFASON LEIKARI UM LEIKKONURNAR FIMM Í GRETTI SEM EIGA VON Á SÉR.
**Fréttablaðið 5. september.**

*Ekki sannfærandi*

**„...Bónusgrís framan á karlmönnum sem eiga að vinna íþróttaafrek virkar ekki sannfærandi á konu eins og mig.“**

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR UM AUGLÝSINGAR Á BÚNINGUM FYLKISMANNA OG FJÖLNIS.
**Blaðið 5. september.**

tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** KRISTJÁN HREINSSON SKÁLD

## *Með tvo diska og bækur í takinu*



„Ég er að setja í gang upptökur á tveimur diskum. Var að ljúka við eina bók og er að byrja á annarri. Svo er ég á fullu að skrifa leikrit, auk þess sem ég er að taka saman vísnahefti,“ segir Kristján Hreinsson skáld. Hann verður hins vegar afar leyndardómsfullur þegar hann er spurður nánar út í verkefnin. „Það er nú eiginlega þannig að diskarnir eru leyndarmál. Leikritið verður líka að vera það en bækurnar eru hins vegar báðar barnabækur. Sú sem ég var að ljúka við er svona absúrd ævintýri og sú sem ég er að byrja á er sjötta bókin um Afa ullarsokk,“ segir Kristján, sem hefur skrifað á þriðja tug barnabóka.

Auk þess að sinna listinni hefur Kristján verið duglegur á golfvellinum í sumar. „Lífið er val og ég vel það að hafa góðan tíma til að lifa því,“ segir skáldið. „Golfið hefur gengið upp og niður og nú er ég með rétt yfir tólf í forgjöf – 12,6 ef ég man rétt, sem er alveg þokkalegt. Ég ætlaði að fara niður fyrir tíu í forgjöfinni í sumar og sumarið er ekki enn búið. Það er í það minnsta ekki kominn fyrsti vetrardagur enn þá,“ segir Kristján, sem býst passlega við því að ná markmiðinu. „Golfið er svo einfalt. Ég þarf bara að eiga góð dræv, fín innáhögg og góð pútt. Þá er málið dautt.“

## LOTTÓ:

### SIGURLÍKUR EINN Á MÓTI 501.942



■ Fjölmargir Íslendingar taka þátt í Lottói í viku hverri. Á laugardögum eru dregnar út fimm lottótölur af þeim 38 sem eru í pottinum en þegar getraunaleikurinn byrjaði voru tölurnar 32. Þá voru vinningslíkurnar einn á móti 201.376 en með fjölgun talna í 38 minnkuðu vinningslíkurnar í einn á móti 501.942. Heldur meiri líkur eru á að hafa fjórar aðaltölur réttar auk bónustölu, eða einn á móti 100.388. Mestar líkur eru á að hafa þrjár aðaltölur réttar, eða einn á móti 95.

## SJÓNARHÓLL

**LÖGREGLUMÖNNUM FÆKKAR**

### *Erfitt starf*



**ELLÝ ÁRMANNS**
Sjónvarpsþula

„Það hljóta allir að gera sér grein fyrir mikilvægi starfa lögreglumanna. Þeir mega ekki vera þjakaðir af vinnuálagi, nóg krefst þetta starf af þeim,“ segir sjónvarpsþulan Ellý Ármanns um þá staðreynd að fjöldi lögreglumanna á höfuðborgarsvæðinu er nú hlutfallslega minni en árið 1990.

„Launamál þeirra eru svo annar kapítuli. Þau þarf að leiðrétta, ekki seinna en strax. Ekkert samfélag gæti virkað almennilega án lögreglumanna, sjúkraliða, kennara og annars starfsfólks sem einhverra hluta vegna er ekki launað í samræmi við mikilvægi starfa sinna.“

# Ingi konungur krananna

**Íslandsmeistaramótið í kranastjórnun fór fram á dögunum. Ingi Björnsson stóð með pálmann í höndunum í þriðja sinn á jafn mörgum árum og verður því fulltrúi Íslands á Evrópumeistaramótinu í kranastjórnun, sem fram fer í Þýskalandi.**

Alls tóku um þrjátíu keppendur þátt í Íslandsmeistaramótinu, sem var fyrst haldið árið 2004 hefur verið haldið árlega síðan. Byggingafyrirtækið Mest heldur mótið en það er umboðsaðili vélarframleiðandans Liebherr á Íslandi sem stendur aftur á móti fyrir Evrópumeistaramótinu í Þýskalandi.

Sérstök keppnisbraut var sett upp við Malarhöfða, þar sem kranastjórarnir þurftu að leysa ákveðnar þrautir, til dæmis að flytja síló á milli staða og reyna að hitta bolta ofan í rennu. Sá sigrar sem kemst í gegnum brautina á skemmstum tíma.

Að stjórna krana er vandasamt verk; krananum er stjórnað frá jörðu niðri með fjarstýringu og þarf kranastjórinn að sýna úrræðasemi og nákvæmni, ekki síst þegar hann er í kappi við tímann.

Ingi Björnsson hjá verktakafyrirtækinu Feðgum fór með sigur af hólmi. Hann fór yfir brautina á einni mínútu og sex sekúndum, og var rúmum 23 sekúndum á undan næsta manni. Þetta er þriðja árið í röð sem Ingi hampar Íslandsmeistaratitlinum og verður hann því fulltrúi Íslands á Evrópumeistaramótinu í kranastjórnun, sem fram fer í Þýskalandi í haust. Ingi hafnaði í öðru sæti á Evrópumeistaramótinu 2005 og því óhætt að fullyrða að Íslendingar eiga kranastjóra á heimsmælikvarða.

**bergsteinn@frettabladid.is**



**KEPPNISBRAUT** Sérstök braut var búin til fyrir keppnina og var þessum skurðgröfum til dæmis stillt upp samhliða til að gera þrautina erfiðari.



**KRANINN TAMINN** Það er nákvæmnisverk að stýra krana með fjarstýringu frá jörðu niðri.



**SIGURINN Í HÖFN** Ingi Björnsson varð Íslandsmeistari í kranastjórnun þriðja árið í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**ÞRAUTALENDING** Ein af þrautunum fólst í að selflytja síló milli staða á sem skemmstum tíma.







BOSS
HUGO BOSS
SAND
strellson
eterna
gardeur®
HUGO
HUGO BOSS
CANALI
AJ ARMANI JEANS
FINUCCI
collezione
Benvenuto.
LLOYD
REDGREEN
BELLINI
collezione
bugatti
OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 12 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17
Herra lagerinn outlet
Troðfull verslun af merkjavöru !
50% afsláttur
af herravörum
Nýtt
70% afsláttur
af kvennvörum frá
BOSS
HUGO BOSS
og
SAND
ATH: OPIÐ ALLA SUNNUDAGA Í VETUR
SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN ( VIÐ FAXAFEN )

## Svona erum við

> Fjöldi gesta byggðasafna á árunum 2000-2005.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** HVERNIG OG HVERS VEGNA HÚS ERU FRIÐUÐ

# Byggingararfleifð þjóðarinnar varðveitt

Nokkuð hefur verið fjallað um friðun húsa upp á síðkastið, ekki síst vegna húsanna við Laugaveg 4 og 6.



**Hvaða hús eru friðuð?**
Öll hús, sem reist eru fyrir 1850 eru friðuð, sem og kirkjur reistar fyrir 1918. Þá er eigendum húsa sem reist eru fyrir 1918 skylt að leita álits húsafriðunarnefndar ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa. Friða má mannvirki, hús eða húshluta, sem hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi.

**Hver lýsir hús friðuð?**
Húsafriðun er í höndum menntamálaráðherra sem ákveður friðun að fenginni tillögu Húsafriðunarnefndar ríkisins. Ráðherra getur einnig ákveðið brottfall friðunar.

**Hvers vegna eru hús friðuð?**
Tilgangur húsafriðunar er að varðveita íslenska byggingararfleifð sem hefur menningarsögulegt gildi og er lögum um húsafriðun ætlað að tryggja sem best varðveislu friðaðra mannvirkja.

**Er friðun lögformlegur gjörningur?**
Já, friðun húss skal þinglýsa sem kvöð á fasteign og ber að auglýsa hana í Stjórnartíðindum.

**Má ekki breyta friðuðum húsum?**
Jú, en leita þarf samþykkis Húsafriðunarnefndar. Ef húsi hefur verið breytt án leyfis getur nefndin lagt fyrir eiganda að færa húsið í fyrra horf. Sinni hann ekki tilmælunum getur nefndin, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, látið vinna verkið á kostnað eiganda.

**Heimild: lög nr. 104 frá 2001 um húsafriðun**

## SPURT & SVARAÐ
BREYTINGAR Á STJÓRNARRÁÐINU



**GUÐNI ÁGÚSTSSON**
Formaður Framsóknarflokksins.

### *Ógnarrisi*

Ríkisstjórnin undirbýr nú breytingar á ráðuneytum og verkefnum þeirra. Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, vill að fulltrúar stjórnarandstöðunnar séu með í ráðum.

**Hverju þarf að breyta?**
Mjög skynsamlegt væri að ráðuneytin væru um tíu og málaflokkar heyrðu faglega undir þau ráðuneyti sem þeir væru skyldir. Sem dæmi hefur Geir Haarde áttað sig á því að ferjumál eiga ekki að vera undir Vegagerðinni.

**Hvað óttast þú að gerist?**
Ég óttast að í stjórnarmyndunarviðræðum hafi þau verið að leika sér að því að færa málaflokka á milli. Það sést gleggst á því að þau settu tvo ráðherra í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið. Ég heyri að sveitarstjórnarmál eigi að vera undir samgönguráðuneyti í stað félagsmálaráðuneytis. Mér finnst sveitarstjórnarmál ekki vera samgöngumál. Það heyrist líka að Skógrækt ríkisins og Landgræðslan eigi að fara í umhverfisráðuneytið. Þetta er landbúnaður um allan heim. Mér sýnist að menn séu á evrópska vísu að búa til ógnarrisa úr umhverfisráðuneytinu.




# Orkumál á pólitísku skjálftasvæði

**Íslenskur orkuiðnaður hefur verið pólitískt deiluefni um nokkurt skeið og ekki sér fyrir endann á því enn. Deilt er um hvernig eigi að gera orkufyrirtækjum kleift að nýta tækifæri á erlendum vettvangi en tryggja um leið heitt og kalt vatn á góðum kjörum. Málefni Orkuveitu Reykjavíkur eru lýsandi fyrir þetta.**



**ÍSLENSK ORKA** Fjárfestar, innlendir sem erlendir, vilja ólmir nýta sérþekkingu sem orðið hefur til í íslenskum orkufyrirtækjum á undanförnum árum. „Gríðarleg tækifæri bjóðast núna," segir Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Ef einn segir nei stoppast allt. Þannig ganga hlutirnir fyrir sig í sameignarrekstrarforminu," sagði Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, við blaðamann á dögunum. Stjórnendur fyrirtækisins hafa um nokkurra ára skeið haft þá skoðun að sameignarformið henti ekki fyrirtæki eins og Orkuveitunni og hamli framgangi þess, sem þó hefur verið mikill á undanförnum árum. Stjórnin vill breyta fyrirtækinu í hlutafélag, meðal annars til þess að stytta verkferla og auðvelda stjórn fyrirtækisins.

Eigendur sameignarfyrirtækis hafa neitunarvald um allar aðgerðar þess. Þannig er málum háttað nú en stjórnendur Orkuveitunnar telja hlutafélagaformið betra, þar sem neitunarvaldið er ekki fyrir hendi.

**Pólitískt skjálftasvæði**

Fulltrúar minnihlutans í borgarstjórn hafa tekið þessum hugmyndum um rekstrarformsbreytingar illa. „Sporin hræða," sagði Svandís Svavarsdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna og stjórnarmaður í Orkuveitunni, og vitnaði til þess að hlutafélagavæðing væri „undanfari einkavæðingar". Því hafa fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins alfarið neitað og raunar Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra einnig.

Eigendur Orkuveitunnar; Reykjavíkurborg, Akranesbær, Borgarbyggð og Borgarfjarðasveit, hafa nú málið á sínu forræði. Þar mæðir mest á langstærsta eigandanum, Reykjavíkurborg, sem á um 93,5 prósenta hlut. Akranesbær á um 5,5 prósenta hlut en hin sveitarfélögin tvö eiga smáa hluti.

Umræða um rekstrarformsbreytingar á opinberum fyrirtækjum hefur oftar en ekki farið fram á pólitísku skjálftasvæði þar sem varðstaðan um sameiginlegan rekstur grunnstoða samfélagsrekstrarins er miðpunkturinn.

**Hugmyndin rædd í R-listanum**

Árum saman hafa stjórnendur Orkuveitunnar haft þá skoðun að hlutafélagaformið henti fyrirtækinu betur til rekstrarins en sameignarformið. Þar hafa langir verkferlar ráðið miklu auk fleiri þátta. Í rökstuðningi Guðmundar Þóroddssonar aðstoðarforstjóra fyrir tillögunni um rekstrarformsbreytingu vó ábyrgð eigenda þungt. Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, hefur nú til skoðunar hvort ábyrgðir eigenda sameignarfyrirtækis skekki samkeppnisstöðu gagnvart hlutafélögum sem ekki njóta sambærilegra ábyrgða. Í sameignarforminu ábyrgjast eigendur allar skuldbindingar félagsins en í hlutafélagaforminu ábyrgjast eigendur eingungis skuldbindingar með framlögum, hlutafé og öðrum eignum fyrirtækisins.

Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar í borgarstjórn og stjórnarmaður í Orkuveitu Reykjavíkur, gagnrýndi ónægan undirbúning tillögu stjórnarinnar til eigenda sinna. Hann nefndi sérstaklega að lögfræðileg áhætta að því hvernig hugsanlegar aðfinnslur ESA myndu snerta fyrirtækið hefði ekki farið fram og því væri málið að stórum hluta „algjörlega óundirbúið". Þessu hafa aðrir stjórnarmenn mótmælt og bent á máli sínu til stuðnings að hugmyndin sé margra ára gömul og fullrædd á mörgum stigum.

Fyrrverandi meirihluti R-listans í borgarstjórn Reykjavíkur hafði það til umræðu að breyta Orkuveitunni í hlutafélag en full samstaða meðal Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Vinstri grænna, sem mynduðu R-listann, náðist aldrei.

Lögum um Orkuveituna var breytt í sameignarfyrirtæki árið 2001 og á þeim lagagrunni hefur fyrirtækið starfað síðan. Vilji hefur verið til þess hjá forsvarsmönnum Orkuveitunnar að breyta félaginu í hlutafélag frá þessum tíma.

**Eftirspurn eftir sérþekkingu**

Orkuveitan er að grunni til fyrirtæki í almannaþjónustu sem útvegar fólki heitt og kalt vatn á góðum kjörum en vöxtur fyrirtækisins, sem hefur verið ævintýri líkastur, hefur helst verið á sviði raforkusölu til stóriðju. Fulltrúar allra flokka í borgarstjórn, með Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson í broddi fylkingar, vilja að almannaþjónustan verði áfram í félagslegri eigu.

Samkvæmt upplýsingum frá Guðmundi Þóroddssyni eru mörg verkefni í bígerð erlendis sem Reykjavík Energy Investment, félag sem stofnað var í kringum verkefni Orkuveitunnar á erlendri grundu, hefur umsjón með. Það eru verkefni sem snúa að uppsetningu jarðvarmavirkjana og sölu á rafmagni sem þær búa til. Gríðarleg eftirspurn er eftir sérþekkingu sem hér hefur orðið til á sviði nýtingu jarðhita. „Það er langt frá því að vera til nægilega mikil orka til þess að anna eftirspurn eftir öllum sem vilja koma hingað með starfsemi," segir Guðmundur. Hann hefur á undanförnum mánuðum fundað með fulltrúum margra fyrirtækja sem hafa sýnt áhuga á því að koma hingað. Í gær átti hann fund með fulltrúum bandaríska framleiðslufyrirtækisins Washington Mills en þeir eru að kanna möguleika á því að setja hér upp starfsemi.

**Reyna að forðast átök**

Samkvæmt heimildarmönnum Fréttablaðsins í íslenskum orkuiðnaði virðist lítill áhugi á því að einkavæða fyrirtæki sem annast almannaþjónustu, það er að útvega heitt og kalt vatn á góðum kjörum. Íslensk orkufyrirtæki hafa að undanförnu átt í viðræðum við iðnaðarráðuneytið um hvernig mögulegt sé að nýta dýrmæta íslenska sérþekkingu á sviði orkuöflunar erlendis, án þess að of mikill pólitískur skjálfti hljótist af.

## MÖRG VERKEFNI Í SKOÐUN ERLENDIS

- Orkuveita Reykjavíkur hefur fundað með forsvarsmönnum fjölmargra erlendra fyrirtækja að undanförnu sem hafa áhuga á því að kaupa orku af fyrirtækinu, annaðhvort hér á landi eða erlendis.
- Samkvæmt upplýsingum frá Orkuveitunni eru verkefni tengd orkusölu til stórra hugbúnaðarfyrirtækja, meðal annars Microsoft, enn til skoðunar. Fundað hefur verið með fulltrúum fyrirtækjanna og eru næstu skref nú í skoðun. „Vandamálið er að það er ekki til nægilega mikil orka hér á Íslandi fyrir öll þessi verkefni," segir Guðmundur Þóroddsson forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur.
- Reykjavík Energy Investment, sem er í eigu Orkuveitu Reykjavíkur, á nú í viðræðum við innlenda og erlenda fjárfesta um samvinnu vegna framkvæmda við virkjanir í Afríku, Kína, Bandaríkjunum og víðar. Ekki hefur enn verið gengið frá lausum endum og „ekki tímabært að gefa hverjir hafa sýnt þessu áhuga," segir Guðmundur Þóroddsson.



FRÉTTASKÝRING
MAGNÚS HALLDÓRSSON
magnush@frettabladid.is

# Tilboðsdagar Vatnsvirkjans!

**Hreinlætistæki með miklum afslætti í verslunum Vatnsvirkjans.
Komdu og gerðu góð kaup - tilboðin gilda meðan birgðir endast!**




**50%**
afsláttur af öllum fylgihlutum fyrir baðherbergi



















**Vatnsvirkinn hefur verið leiðandi í sölu á hreinlætistækjum í ríflega 50 ár!**

VATNSVIRKINN

Ármúla 21 - Reykjavík - Sími 533 2020 - Dalshrauni 13 - Hafnarfirði - Sími: 555 2080 - Smiðjuvegi 42 - Kópavogi - Sími: 557 5400 - www.vatnsvirkinn.is


3G
SONY ERICSSON K810i
3.900 kr.
Léttkaupsútborgun
3.000 kr. á mánuði í 12 mánuði
Verð aðeins 39.900 kr.



Að breyta gangi sögunnar með 3G
Nú hefst bylting í notkun farsímans með 3G, sem Síminn býður fyrstur allra á Íslandi. Þú getur hringt myndsímtöl, farið á netið með háhraðatengingu og horft á sjónvarpið í símanum. Þú þarft einungis 3G farsíma, 3G símkort og tengjast 3G neti Símans sem þegar er orðið virkt á höfuðborgarsvæðinu.
Komdu í næstu verslun Símans, fáðu nýtt símkort og kynntu þér möguleikana betur.
800 7000 • www.siminn.is
Það er Síminn
Sími
Netið
Sjónvarp

**Útgjöldin**

> Kílóverð á hvítum plötulopa í febrúar hvers árs, miðað við verðlag á landinu öllu.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** ALMA GEIRDAL, FRAMKVÆMDARSTJÓRI OG RÁÐGJAFI FORMA

## *Íbúðin í Hafnarfirði bestu kaupin*



„Við maðurinn minn erum alveg sammála því að líkamsræktarkortin okkar séu verstu kaup sem við höfum gert,“ segir Alma Geirdal, framkvæmdastjóri samtakanna Forma, sem vinna að málefnum átröskunarsjúklinga. „Við keyptum þau í byrjun sumars en síðan þá hef ég farið í hálft skipti og hann í eitt. Ég hef verið í endurhæfingu vegna slyss sem ég varð fyrir og hann spilar í 1. deild í fótbolta og höfum við því ekki gefið okkur tíma fyrir þessi kort sem seint geta talist góð kaup. Ég er hins vegar sannfærð um að íbúðin okkar sem við vorum að kaupa í Hafnarfirði eru okkar bestu kaup. Hún er alveg yndisleg og allt hefur gengið að óskum með hana.

Við bjuggum í fremur dýru hverfi í Kópavogi en ákváðum að hætta þessu lífsgæðakapphlaupi og fluttum í ódýrara hverfi í norðurbæ Hafnarfjarðar.

Breytingarnar sem kaupin hafa haft í för með sér eru miklar og góðar. Við teljum okkur hafa margt annað við peningana okkar að gera heldur en að eyða þeim öllum í einhvern steypuklump en þannig er það mikið í dag. Það eru allir í kapphlaupi við eitthvað sem enginn veit hvað er og allir eru tilbúnir að borga stóran hluta launa sinna í steypu.“

## GÓÐ HÚSRÁÐ
### VASKAÐ UPP JAFNÓÐUM



ÞÓRA SIGURÐARDÓTTIR

■ *„Ég hef komist að því að besta leiðin til að halda sæmilega hreinu í kringum sig er að vaska alltaf strax upp,“ segir Þóra Sigurðardóttir rithöfundur þegar hún er beðin um góð húsráð.*

„Það er þannig að ef vaskurinn er hreinn er auðvelt að vinna sig út frá því. Í raun virkar þetta betur en uppþvottavél því þó að ég hafi eina slíka nenni ég aldrei að taka út úr henni. Það er mikið betra að gera þetta bara smátt og smátt með gamla laginu.“

■ **Dýrast/ódýrast**

## Svartur ópal dýrastur




Eftir óformlega verðkönnun hjá Hagkaup í Skeifunni kom í ljós að svartur ópal er dýrastur ópaltegunda en pakkinn kostar 169 krónur. Rauður ópal kostar 129 krónur, sykurlaus rauður ópal kostar 131 krónur og grænn ópal kostar 125 krónur.

■ **Börn**

## Eitruð efni í barnanáttfötum



Stjórnvöld á Nýja-Sjálandi rannsaka nú barnanáttföt eftir að sjónvarpsþáttur þar í landi upplýsti að innflutt ullar- og bómullarefni frá Kína innihéldu fimmhundruð sinnum meira magn af efninu formaldehýð en leyfilegt er. Efnið getur valdið ertingu í húð, öndunarerfiðleikum og í miklu magni er það talið krabbameinsvaldandi. Engar rannsóknir eru gerðar á kemískum efnum í neysluvörum á Íslandi um hvort þær uppfylli lög. Sagt var frá þessu á heimasíðu Neytendasamtakanna, ns.is

■ **Bílar**

## Kvartanir vegna rukkana á einkanúmerum




Þeir sem keyra um með einkanúmer á bílum sínum hafa gert athugasemdir við Neytendasamtökin vegna þess að þeir eru nú rukkaðir um 25 þúsund krónur á átta ára fresti fyrir númerin. Vísað hefur verið í álit umboðsmanns alþingis frá árinu 2006 því til stuðnings að gjaldtakan sé óheimil. Á heimasíðu Neytendasamtakanna kemur fram að gjaldtakan var óheimil en brugðist hafi verið skjótt við álitinu því í vor gekk í gildi breyting á umferðarlögunum sem heimilar töku gjaldsins á átta ára fresti. Eigendur einkanúmera geta því haldið áfram að borga á átta ára fresti eða sagt upp númerinu.

■ **Ferðalög**

## Afsláttur vegna óveðurs

Ferðamannastaðir sem rétt sleppa við fellibyli og aðrar náttúruhamfarir eiga oft erfitt uppdráttar þegar kemur að því að laða ferðamenn til sín á ný. Því hafa lönd eins og Mexíkó og ferðamannastaðir í Karíbahafinu tekið upp á því að bjóða þriðjungs afslátt af gistingu rétt eftir fellibyli. Þetta kemur fram á heimasíðu New York Times á sunnudaginn. Nánari upplýsingar má finna á nytimes.com

■ **Leikföng**

## Mattel innkallar leikföng í þriðja sinn



Fleiri en 800 þúsund leikföng verða innkölluð frá leikfangaframleiðandanum Mattel samkvæmt tilkynningu frá fyrirtækinu. Þetta er í þriðja sinn sem Mattel innkallar leikföng sem fyrirtækið framleiðir í Kína. Ástæðan er sú að málning á þeim inniheldur of mikið blý. Leikföngin sem eru innkölluð í þetta skiptið eru þrjár tegundir Fisher Price leikfanga ásamt aukahlutum fyrir Barbie dúkkur. Upplýsingar um innkallanir Mattel má finna á heimasíðunni www.mattel.com/safety/us.




# Krónu hækkun kostar neytendur milljón á dag

**Álagning olíufélaganna á bensíni og dísilolíu virðist fara hækkandi, segir framkvæmdastjóri FÍB. Félagið reiknar út kostnaðarverð á heimsmarkaði á hverjum tíma, og virðist ekki alltaf samband á milli sveiflna á kostnaðarverði og verði til íslenskra neytenda.**

Félag íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) hefur fylgst vel með sveiflum á bensín- og dísilolíuverði hér á landi um nokkurt skeið. Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri félagsins, segir að gróft reiknað megi segja að fyrir hverja krónu sem bílaeldsneyti hækki aukist kostnaður íslenskra ökumanna um eina milljón króna á dag.

„Oftar en ekki virðist verðið breytast á sama tíma hjá öllum [olíufélögunum] um sömu krónur og sömu aura. Það virðist stundum vera þannig að aðhald markaðarins sé ekki nægilegt, það sé ákveðin hjarðhegðun í gangi,“ segir Runólfur.

„Samt virðast vera teikn um það að sá minnsti á markaðinum [Atlantsolía] sé eitthvað að reyna að hegða sér sjálfstætt. En maður hefur séð það einhvern tímann þegar Atlantsolía er sein að lækka að þá er eins og aðrir vilji slá til baka, kenna þeim ákveðna siði, að svona geri menn ekki,“ segir Runólfur.

Hlutur olíufélagana af verði bensíns með virðisaukaskatti er í dag rúmlega 29 krónur, en var í apríl í kringum 20 krónur, segir Runólfur. Í byrjun árs var hlutur olíufélagana um 27 krónur. Álagningin virðist hafa hækkað meira á dísilolíu, þar var hlutur olíufélagana í byrjun árs um 24 krónur, svipað í apríl, en er nú rúmlega 28 krónur.

Runólfur segir eldsneytisverð hér á landi ekki fylgja kostnaðarverði, þar sem tekið er tillit til bæði heimsmarkaðsverðs og gengisþróunar.

**brjann@frettabladid.is**




**DÆLT Á BÍLINN** Bensínverð hefur sveiflast nokkuð hjá olíufélögunum á undanförnum dögum. Eftir sem áður er þó ódýrast að dæla sjálfur á bílinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**KOSTNAÐUR VIÐ AKSTUR FRÁ REYKJAVÍK**





| | | RENAULT CLIO 1,2L 5DYRA | | | TOYOTA RAV4 VX 5 DYRA | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **Vegalengd km** | **Jan ´07** | **Sept ´07** | **Munur** | **Jan ´07** | **Sept ´07** | **Munur** |
| **Hringvegurinn** | 1.351 | 7.269,- | 8.229,- | 960,- | 13.351,- | 15.114,- | 1.763,- |
| **Borgarnes** | 75 | 398,- | 451,- | 53,- | 731,- | 828,- | 97,- |
| **Ísafjörður** | 457 | 2.459,- | 2.783,- | 325,- | 4.516,- | 5.112,- | 596,- |
| **Akureyri** | 389 | 2.093,- | 2.369,- | 276,- | 3.844,- | 4.352,- | 508,- |
| **Egilsstaðir** | 654 | 3.519,- | 3.983,- | 465,- | 6.463,- | 7.316,- | 853,- |
| **Höfn í Hornafirði** | 459 | 2.470,- | 2.796,- | 326,- | 4.536,- | 5.135,- | 599,- |
| **Selfoss** | 57 | 307,- | 347,- | 40,- | 563,- | 638,- | 74,- |

HEIMILD: VEFSÍÐUR BIFREIÐAUMBOÐA, OLÍUFÉLAGA OG LANDMÆLINGA ÍSLANDS

**MATUR & NÆRING** GUÐRÚN ÓLAFSDÓTTIR MATVÆLAFRÆÐINGUR

## Ábyrgar upplýsingar um matvæli og næringu



Fræðandi umfjöllun, byggð á vísindaniðurstöðum um tengsl mataræðis við heilsu og sjúkdóma, er orðinn fastur liður í fjölmiðlum og mikið af upplýsingum eru aðgengilegar á netinu til að mæta sívaxandi áhuga almennings. Hefðbundið hollustufæði eins og grænmeti, ávextir, kornmeti og fiskur, markfæði og ýmsar jurtir og bætiefni eru talin geta minnkað líkur á hjarta- og æðasjúkdómum, krabbameini eða offitu. Sýnt hefur verið fram á að fæði, sem inniheldur til dæmis hátt hlutfall af omega-3 fitusýrum og andoxunarefnum, geti haft góð áhrif á heilsu umfram það að fullnægja grunnnæringarþörf einstaklinga.

Aukið framboð er á vöru sem vísar til hollustu með merkingum eins og létt, minna salt, kólesterólfrítt, með lítið af mettaðri fitu, og svo mætti lengi telja. En vandinn er sá að neytendur hafa oft ekki nægja þekkingu til að meta þessar upplýsingar þannig að þær vilja verða misvísandi og ruglingslegar. Er lífrænt betra? Skiptir máli að vara innihaldi viðbætt bætiefni eða omega-3 fitusýrur? Er fæðið nógu trefjaríkt? Hverjum á að treysta?

Ný þekking og rannsóknir hafa stuðlað að betri skilningi á virkni fæðuefna og mismunandi þörfum einstaklinga. Opinberar ráðleggingar um mataræði og ráðlagða dagskammta breytast hins vegar hægt. Nauðsynlegt er að þær séu studdar vísindalegum rökum sem oft krefjast kostnaðarsamra langtímarannsókna. Mikilvægt er að vanda til ráðgjafar um hollustu og samsetningu fæðis. Hér kemur til skjalanna ábyrgð opinberra aðila, sem setja reglugerðir, frumframleiðenda í landbúnaði og fiskiðnaði varðandi uppruna og heilnæmi afurða, framleiðenda og dreifenda matvæla, við vöruþróun, merkingu, auglýsingu og kynningu, menntastofnana, með fræðslu og ekki síst neytenda sjálfra, sem endanlega bera ábyrgð á mataræði sínu.

Skýrar reglur um framleiðsluhætti og merkingar eru grunnur þess að byggja upp traust milli framleiðenda og neytenda. Ný reglugerð um næringar- og heilsufullyrðingar í merkingu matvæla hefur nýlega tekið gildi hjá Evrópusambandinu og er væntanleg hér innan tíðar. Reglugerðin nær til allra matvæla, þar með talin fæðubótarefni. Skilyrði er að fullyrðingar séu byggðar á vísindalegum rökum. Þess er vænst að reglugerðin muni stuðla að markvissari vöruþróun og tryggja neytendum réttar upplýsingar. Til þess að svo megi verða er ljóst að efla þarf rannsóknir á eðli fæðuefna, stöðugleika þeirra í matvælum og sýna þarf fram á upptöku og virkni í líkamanum. Einnig þarf að meta áhættu samfara ofneyslu á hollustuefnum og bæta upplýsingar um hana til neytenda. Ef gefa á einstaklingsmiðaðar ráðleggingar þarf að taka tillit til aldurs, erfða, sjúkdóma og lífstíls. Mikilvægt er að skilja betur hegðun og viðhorf neytenda og hvaða þættir geta haft áhrif á val þeirra á næringarríku og heilsusamlegu fæði við sitt hæfi. **www.mni.is**


BÓNUS
Margar góðar uppskriftir fyrir lambakjöt
WWW.BONUS.IS
975.- 25% AFSLÁTTUR
FERSKT LAMBALÆRI 1298 KR/KG.
25% AFSLÁTTUR 975 KR/KG.
HAUST SLÁTRUN 2007
1189.-
FERSKUR LAMBAHRYGGUR 1398 KR/KG.
15% AFSLÁTTUR 1189 KR/KG.
2398.-
FERSKT LAMBAFILLET 2998
20% AFSLÁTTUR 2398 KR/KG.
20% AFSLÁTTUR
629.-
FERSKUR LAMBABÓGUR 699 KR/KG.
10% AFSLÁTTUR 629 KR/KG.
498.-
BÓNUS HÁKARLALÝSISPERLUR
130 STK 498 KR. BOXIÐ
498.-
BÓNUS B-VÍTAMÍN STERKT
60 STK 498 KR. BOXIÐ.
298.-
BÓNUS LÝSI 500 ML
298 KR. FL.
398.-
BÓNUS KALKTÖFLUR
60 STK 398 KR BOXIÐ
HÁKARL lýsisperlur
B-sterkt -vítamín
LÝSI
BÆTANDI BÓNUS
Kalk fyrir bein og tennur
60 töflur - 400 mg hver
Nú er tíminn fyrir bætiefni og vítamín
FORVARNIR Í BÓNUS
C-500 -vítamín
OMEGA þrír
398.-
BÓNUS LÝSISPERLUR
300 STK 398 KR.
698.-
BÓNUS OMEGA 3 LÝSISPERLUR
300 STK 698 KR.
298.-
BÓNUS C-VÍTAMÍN 500 MG
60 STK 298 KR. BOXIÐ
LÁGT VÖRUVERÐ ALLA DAGA BÓNUS
AFGREIÐSLUTÍMI Í DAG: 12.00 til 18.30 HEIMSÍÐAN ER: www.bonus.is AÐALSÍMI BÓNUS: 588 8699

**Kjarni málsins**

> Fjöldi barna í leikskólum árið 2006 með erlent móðurmál




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**menntun**
*nám, fróðleikur og vísindi*

**KENNARINN: MATTHÍAS MATTHÍASSON, SKÓLASTJÓRI HJALLASTEFNUNNAR Í REYKJANESBÆ**

# *Færri börn á hvern kennara*

Matthías Matthíasson er skólastjóri Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjanesbæ og kennari í frumgreinadeild Keilis. „Við settum skólann fyrir tveimur vikum og byrjuðum að kenna strax daginn eftir. Við erum með 32 nemendur en þeim fer fjölgandi. Við fáum tvö nýja í dag og svo eru tveir sem eru að skoða málið," segir Matthías. „Þetta hefur verið mjög skemmtileg byrjun á starfinu. Við erum með lítinn skóla núna og það hentar okkur ágætlega að byrja rólega. Á Keilissvæðinu eru hundrað börn samtals í Hjallastefnunni, 30 í skólanum og 70 í leikskólanum."

Matthías segir að Barnaskóli Hjallastefnunnar sé að mörgu leyti ólíkur hefðbundnum grunnskólum. „Það fyrsta sem fólki dettur í hug er kynjaskipting bekkjanna. Það er tæki sem



við notumst við en ekki markmið í sjálfu sér. Við náum betri árangri með kynin hvort í sínu lagi en markmiðið er að ná jákvæðum viðhorfum kynjanna til hvors annars. Við köllum þetta vinamyndir þar sem börnin sjá hvort annað í jákvæðu ljósi," útskýrir Matthías. „Svo erum við með tólf nemendur í mesta lagi í hverjum hóp. Í sumum skólum hafa hóparnir hins vegar verið stækkaðir upp í níutíu manns. Við setjum nánast allan okkar pening í að ráða kennara, en sleppum þess í stað að kaupa búnað eða þess háttar. Þannig náum við að hafa færri börn á hvern kennara fyrir svipaðan pening og í öðrum skólum, jafnvel fyrir minni pening."

■ **Grunnskólar**

## Grunnskóli Seltjarnarness í betra húsnæði



Húsnæði yngra- og miðstigs Grunnskóla Seltjarnarness hefur farið í gegnum gagngerar endurbætur í sumar og hefur nú heildarendurbótum á skólanum verið lokið, en þær hafa yfir staðið undanfarin ár.

Meðal þess sem nú hefur verið tekið í gangið er ný aðstað fyrir frístundaheimili, rúmbetri skólasofur og fullbúin heimilisfræðistofa. Heildarkostnaður vegna endurbótanna hefur numið um 300 milljónum króna.

■ **Fyrirlestur**

## Stanford-prófessor ræðir um þróun háskóla

Í tilefni 30 ára afmælis félagsvísindadeildar verður hátíðarfyrirlestur um þróun háskóla á 21. öld haldinn mánudaginn 10. september frá klukkan 16.00 til 18.00 í stofu 101 í Odda í Háskóla Íslands.



David F. Labaree, prófessor við menntavísindadeild Stanford-háskóla, mun ræða um þróun háskóla í Bandaríkjunum. Eftir erindið verður málstofa þar sem atriði erindisins verða rædd frekar. Páll Skúlason mun stýra almennri umræðu um þróun háskóla og hvernig evrópsku háskólarnir, og sérstaklega þeir íslensku, spegla hana.

■ **Orðabækur**

## Nemendur fá aðgang að vefbókum Eddu

Ingólfur Helgason, forstjóri Kaupþings, og Sigurður Svavarsson, útgáfustjóri Eddu, skrifuðu í gær undir samning sem veitir öllum íslenskum nemendum aðgang að vefnum vefbækur.is. Um 80 þúsund nemendur munu fá aðgang að vefnum, en þar er að finna ýmis uppflettirit og orðabækur, eins og orðstöðulykla verka Halldórs Laxness og Íslendingasagna. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra tók við aðganginum fyrir hönd íslenska skólakerfisins.

■ **Ráðstefna**

## Afmælisráðstefna til heiðurs Agnari



Agnar Ingólfsson, prófessor í vistfræði við líffræðiskor raunvísindadeildar Háskóla Íslands, varð sjötugur í júlí og lætur nú af störfum við Háskóla Íslands. Af þessu tilefni verður haldin afmælisráðstefna í Öskju – Náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands laugardaginn 8. september og hefst hún klukkan 9.15 og stendur til 17.20.

Fjölmargir samkennarar Agnars og fyrrverandi nemendur hans munu halda erindi um rannsóknir á náttúru Íslands með áherslu á líflandafræði, fugla- og fiskifræði. Ráðstefnustjórar eru Jón S. Ólafsson og Jörundur Svavarsson.




# Frelsi til að halda áfram

**Viðurkenning menntamálaráðherra á háskóla er merki þess að hann uppfylli lágmarkskröfur um að vera háskóli. Fjórir íslenskir háskólar hlutu viðurkenningu menntamálaráðherra á mánudaginn.**



**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR** Þorgerður Katrín menntamálaráðherra veitti viðurkenningarnar í fyrsta skipti á mánudaginn.

„Hlutverk matsnefndanna var að mæla með hvort hver háskóli fengi fulla viðurkenningu menntamálaráðherra eða ekki. Í öllum þeim skýrslum sem við fengum frá nefndunum var tvímælalaust mælt með að skólarnir fengju viðurkenningu," segir Rósa Gunnarsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu vísinda og háskóla í menntamálaráðuneytinu.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra afhenti viðurkenningar til háskóla í fyrsta skipti í sögu íslenska háskólakerfisins á mánudaginn. Afhentar voru viðurkenningar á fræðasviðum verk- og tæknivísinda, náttúruvísinda, hugvísinda og lista. Skólarnir sem hlutu viðurkenningu á þessum sviðum eru Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Landbúnaðarháskóli Íslands og Listaháskólinn.



**RÓSA GUNNARSDÓTTIR** Rósa segir ráðuneytið hafa gert miklar faglegar kröfur til þeirra einstaklinga sem skipuðu matsnefndirnar.

Matsferlið er byggt á lögum frá 2006, en samkvæmt þeim þurfa starfandi háskólar að sækja um viðurkenningu menntamálaráðherra á þeim fræðasviðum sem þeir eru virkir á. „Það sem við erum að gera sem er öðruvísi en annars staðar í heiminum er að við erum að taka fyrir alla háskólana eftir fræðasviðum. Oftast er þetta þannig að hver skóli fyrir sig sækir um viðurkenningu sem er eins konar gæðastimpill," segir Rósa.

Hún segir ráðuneytið hafa skipt fræðasviðunum í tvennt til að minnka álagið á kerfinu. Nú voru tekin fyrir fjögur svið en hin þrjú sviðin sem tekin verða fyrir næst eru heilbrigðisvísindi, félagsvísindi og bú- og auðlindavísindi. Umsóknarfrestur háskóla til að sækja um viðurkenningu á þeim sviðum rann út á mánudaginn.

Í niðurstöðum úr skýrslum nefndanna komu fram styrkleikar og veikleikar skólanna. Veikleikarnir voru einna helst skortur á rannsóknaraðstöðu og skrifstofufólki. „Auðvitað koma fram atriði sem mætti bæta og við munum nota þær upplýsingar þegar við skipuleggjum svokallað ytra mat seinna," segir Rósa. Hún bendir á að það sem skólarnir fái út úr þessu sé frelsi til að halda áfram að þróa sjálfa sig. „Það er búið að votta að þeir uppfylli þau skilyrði sem þeir þurfa til að kallast háskóli. Nú verður bara að koma í ljós með hina hópana sem teknir verða fyrir í haust."

larab@frettabladid.is

## VIÐURKENNING HÁSKÓLA Á ÍSLANDI

■ Samkvæmt lögum um háskóla frá 2006 þurfa starfandi háskólar að hafa öðlast viðurkenningu á starfsemi sinni innan tveggja ára frá gildistöku laganna.

■ Viðurkenning menntamálaráðherra byggir á reglum nr. 1067/2006 þar sem koma fram ítarlegri útfærslur á þeim skilyrðum sem birtast í lögunum. Þar eru sett fram skilyrði um fjárhagslegt sjálfstæði háskólanna, hæfi starfsfólks, um inntak og framkvæmd náms og uppbyggingu prófgráðna sem og almenna og sértæka aðstöðu til rannsókna og kennslu í ljósi alþjóðlegra staðla og samþykkta.

■ Matsnefndir skipaðar erlendum sérfræðingum fara yfir þau skilyrði sem sett eru fyrir í reglugerðinni. Þær fara yfir hvort háskólarnir uppfylli skilyrðin og gefa líka út lista yfir hvað þær telja að betur megi fara.

■ Markmiðið með viðurkenningunum er að tryggja gæði íslenskra háskóla á alþjóðavísu og þar með samkeppnishæfni íslensku þjóðarinnar í þekkingarheiminum.

**Heimild: Heimasíða menntamálaráðuneytisins**

Gullnáma fyrir fróðleiksfúsa að finna á hvar.is:

# Ókeypis aðgangur að Economist

Á vefsíðunni hvar.is er hægt að lesa yfir fjórtán þúsund tímarit án þess að greiða fyrir það. Einnig er hægt að skoða Britannicu alfræðibókina, fletta upp í orðabókum og margt fleira.

Sveinn Ólafsson, umsjónarmaður landsaðgangs hvar.is, segir að á síðunni sé safn rafrænna áskrifta sem allir geti skoðað svo framarlega sem þeir tengist síðunni í gegnum íslenska netveitu. „Til að gefa mynd af því hvað fjórtán þúsund tímarit eru mikið af efni þá myndu tíu árgangar af þeim fylla Þjóðarbókhlöðuna tvisvar sinnum, gróflega áætlað."

„Nú þegar skólarnir eru að byrja getur verið gott fyrir skólafólk að vita af síðunni. Til dæmis fyrir allan þann fjölda, yfir þrjúþúsund manns, sem er í námi sem tengist viðskiptum og stjórnun. En einnig fyrir þá fyrir þá sem ekki eru í skóla og vita ekki af henni. Hvar.is getur verið ómetanlegt tæki til að finna alls kyns upplýsingar," segir Sveinn og bætir því við að meðal annars sé hægt að lesa tímaritið The Economist frítt á síðunni.

Sveinn segir að aðgangurinn að hvar.is hafi aukist mikið á liðnum árum. Um sex þúsund greinar voru sóttar inn á hvar.is þegar síðan opnaði árið 1999 en rúmlega 770 þúsund í fyrra. Sveinn á von á því að aðsóknin á síðuna eigi eftir að halda áfram að aukast því stöðugt sé verið að bæta við gagnasöfnin, meðal annars sex þúsund tímarit á þessu ári.

**Netsíða: www.hvar.is**

**- ifv**



**SVEINN ÓLAFSSON** Umsjónarmaður landsaðgangs Hvar.is á Íslandi.

40% afsláttur

Þú sparar 611 kr/kg




**917** kr/kg. áður 1.528 kr/kg.
Goða bayonneskinka

38% afsláttur

Þú sparar 956 kr/kg




**1.559** kr/kg. áður 2.515 kr/kg.
Matfugl kjúklingabringur

30% afsláttur

Þú sparar 408 kr/kg




**952** kr/kg. áður 1.360 kr/kg.
Goða unganautahakk

50% afsláttur

Þú sparar 656 kr/kg




**656** kr/kg. áður 1.312 kr/kg.
Ísfugl kalkúnanuggets

40% afsláttur




**299** kr/pk. áður 499 kr/pk.
Freschetta brick oven italiano 2 pack

34% afsláttur




**199** kr/pk. áður 299 kr/pk.
Hy-Top jarðarber og bláber 454 gr.

50% afsláttur




**75** kr/pk. áður 149 kr/pk.
Hy-Top Marshmallows




**99** kr/stk.
Sprite og Sprite Zero

H:N markaðssamskipti / SIA Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 6. september til 9. september eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
8.280 **-0,04%**

**Fjöldi viðskipta:** 486
**Velta:** 32.119 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **TRYGGINGAMIÐST.** | 11,85% | **STRAUMUR-BURÐ.** | 0,74% |
| **MAREL** | 4,06% | **EXISTA** | 0,59% |
| **ATORKA** | 3,20% | **ICELANDAIR** | 0,54% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 10,01 +3,20% ... Bakkavör 66,30 -0,15% ... Eimskipafélagið 40,95 -0,12% ... Exista 33,75 -0,59% ... FL Group 26,70 +1,91% ... Glitnir 28,75 +1,06% ... Icelandair 27,55 -0,54% ... Kaupþing 1.149 -0,26% ... Landsbankinn 41,70 -0,48% ... ... Straumur-Burðarás 20,20 -0,74% ... Össur 104,00 -0,48% ... Teymi 6,19 +0,65%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

**Ávöxtun í skosku viskíi**

Indverska samstæðan United Breweries, sem meðal annars á eitt af stærstu brugghúsum heims og er þekktast fyrir Kingfisher-bjórinn, hefur keypt skoska viskíframleiðandann Whyte & Mackay. Kaupverð nemur 595 milljónum punda, jafnvirði 77 milljarða íslenskra króna.

Eigendur Whyte & MacKay, Íslandsvinurinn og fasteignamógúllinn Robert Tchenguiz, sem jafnframt er stjórnarmaður í Existu, og mágur hans, Vivian Imerman, ættu að ganga sáttir frá samningaborðinu. Þeir komu inn í hluthafahópinn árið 2001 og hafa fjárfest í félaginu fyrir 200 milljónir punda. Miðað við kaupverð United Breweries hafa þeir ávaxtað pundið vel á þessum sex árum, eða um 198 prósent.



**Viskí er víða að finna**

Víða um heim er framleitt viskí þótt hæst beri þar náttúrlega framleiðslu frænda okkar í Skotlandi og á Írlandi. Sannir áhugamenn vilja hins vegar ógjarnan kalla bourbon-framleiðslu Bandaríkjamanna viskí. Japanir framleiða hins vegar prýðisgóð maltviskí og sömuleiðis Indverjar, en það er einmitt milljarðamæringurinn Vijay Mallya, sem stýrir United Breweries. Sá mun lengi hafa haft augastað á skoska viskíframleiðandanum og gerði óformlegt yfirtökutilboð í fyrirtækið fyrir tæpu ári. Whyte & Mackay verður áfram í Skotlandi samkvæmt þarlendum lögum um framleiðslu á skosku viskíi.

## MARKAÐSPUNKTAR

Hagnaður Hutchison Whampoa, félags í eigu Li Ka-shing, eins ríkasta manns Asíu, nam jafnvirði 242 milljarða króna á fyrstu sex mánuðum ársins. Hagnaðurinn er rúmlega helmingi meiri en í fyrra.

Útlánavöxtur var 26,4 prósent í júlí, samkvæmt tölum Seðlabankans, 1,5 prósentum hægari en í júní og tæplega 7 prósentum hægari en í árs byrjun. Útlán námu 941 milljarði króna í júlí, þar af rúmir 452 milljarðar til heimila.

Sparisjóður Bolungarvíkur hagnaðist um 230 milljónir króna á fyrri hluta ársins samkvæmt nýju uppgjöri. Á fyrri helmingi síðasta árs hagnaðist sjóðurinn um 62 milljónir. Stjórnendur sjóðsins gera ráð fyrir góðri afkomu út árið þótt ekki sé gert ráð fyrir sömu hækkunum á verðbréfum sjóðsins.

## Hallinn 51 milljarður

Viðskiptahalli á öðrum ársfjórðungi nam 51 milljarði íslenskra króna, samkvæmt bráðabirgðatölum frá Seðlabanka Íslands. Hallinn jókst um rúmlega tuttugu og tvo milljarða króna frá fyrsta árshelmingi.



VÖRUGÁMAR

Fram kemur í Morgunkornum Glitnis að aukninguna milli fjórðunga megi nær alfarið rekja til meiri halla á vöruskiptum við útlönd, einkum vegna mikils innflutnings á neysluvörum á öðrum ársfjórðungi. Halli á vöruskiptum við útlönd nam 31,5 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi.

Viðskiptahalli á fyrri helmingi árs er því 79,6 milljarðar króna samanborið við rúmlega 127 milljarða á sama tímabili í fyrra. **- jsk**

## Undirbúa kaup á fimmtu stoðinni

Stjórnendur Alfesca stefna að því að ljúka kaupum á breska fyrirtækinu Oscar Mayer fyrir áramót. Þetta kom fram á kynningarfundi ársuppgjörs Alfesca. Viðræður um kaupin standa nú yfir og áreiðanleikakönnun er nýhafin.

Xavier Govare, forstjóri Alfesca, sagði á fundinum að Oscar Mayer yrði mikill fengur fyrir Alfesca.

Oscar Mayer framleiðir og selur tilbúna rétti undir vörumerkjum annarra og sér meðal annars Sainsbury's og Morrisons-verslunarkeðjunum fyrir vörum. Með kaupunum á félaginu yrði fimmta stoðin reist undir starfsemi Alfesca með tilbúnum réttum. Aðalstoðirnar hafa hingað til verið fjórar: reyktur lax og aðrar fiskafurðir, andalifur og andakjöt, blini og smjörvörur, og rækjur og annar skelfiskur.



**XAVIER GOVARE** Alfesca gerir ráð fyrir að ganga frá kaupum á breska fyrirtækinu Oscar Mayer, sem framleiðir og selur tilbúna rétti, fyrir áramót. FRÉTTABLAÐIÐ / RÓSA

Sala félagsins á árinu sem lauk í mars 2007 nam 124 milljónum punda. Það eru rúmir sextán milljarðar króna. **- hhs**

# Eyjamenn selja í TM

### Glitnir er stærsti hluthafi Tryggingamiðstöðvarinnar eftir milljarðaviðskipti með bréf í félaginu í gær.

Glitnir hefur keypt tæplega fjörutíu prósenta hlut í Tryggingamiðstöðinni (TM) af félögum Guðbjargar M. Matthíasdóttur og hjónanna Sigríðar E. Zoëga og Geirs G. Zoëga auk tengdra aðila. Kaupverð nemur tuttugu milljörðum króna. Greitt verður fyrir sextíu prósent af verðinu, tólf milljarða króna, með reiðufé en afganginn með hlutum í Glitni. Seljendur hafa skuldbundið sig til að halda níutíu prósentum af bréfum í bankanum í eitt ár hið minnsta.

Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, stjórnarformaður TM, segir viðskiptin marka nýtt upphaf í sögu félagsins og hafi báðir aðilar staðið glaðir upp frá samningaborðinu. Guðbjörg, sem er jafnframt stærsti hluthafi Ísfélags Vestmannaeyja, og fjölskylda hennar hafi lengi verið meðal stærstu hluthafa TM. „Þetta er stór ákvörðun hjá fjölskyldunni eftir að hafa fylgt félaginu alla tíð og verið kjölfestufjárfestir síðustu ár," segir hann og bætir við að margir hafi borið víurnar í hlutabréf TM í gegnum tíðina en án árangurs.

Athygli vekur að Glitnir greiðir 46,50 krónur fyrir hvern hlut í TM, sem er talsvert yfir meðalgengi félagsins. Til samanburðar greiddi Kjarrhólmi um 38 krónur fyrir hlut sinn í apríl þegar félagið kom inn í hluthafahópinn. Gunnlaugur segir verðið skiljanlegt enda hafi lítil hreyfing verið á bréfum félagsins. „Verðið er gott," segir hann.

Glitnir hyggst selja ýmist alla hlutina áfram eða stærstan hluta hans til fjárfesta og eru viðræður þegar hafnar. Endanleg mynd mun ekki komin á hópinn en mun skýrast eftir nokkrar vikur. FL Group, stærsti hluthafinn í Kjarrhólma ásamt Sundi ehf., og tengdir fjárfestar koma sterklega til greina, samkvæmt heimildum Markaðarins. Eignahlutur FL Group og Kjarrhólma er hins vegar við fjörutíu prósenta yfirtökumörkin og óvíst hvað gerist í framhaldinu. Víst þykir hins vegar að hræringar verði í stjórn tryggingafélagsins auk þess sem vangaveltur eru uppi um að Óskar Magnússon, forstjóri TM, láti af störfum.



**TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN** Líkur eru á hræringum innan stjórnar TM eftir að Glitnir varð stærsti hluthafi félagsins.

Tryggingahluti TM hefur verið óviðunandi upp á síðkastið og óvíst hvort hann laði fjárfesta að félaginu þótt hækkun iðgjalda og endurskipulagning geti bætt úr skák. Karl K. Másson, sérfræðingur hjá greiningardeild Landsbankans, telur fjárfestana fyrst og fremst horfa á sterka eiginfjárstöðu TM og vátryggingaskuldar félagsins, sjóðs sem safnast af iðgjöldum fyrir ófyrirséð óhöppum. „Á meðan ekki þarf að greiða tryggingatökum skuldina getur tryggingafélagið ávaxtað sjóðinn," segir Karl.

**jonab@frettabladid.is**




## Fjárfestir í vörulestum

Fjárfestingarfélagið Berkshire Hathaway, sem ofurfjárfestirinn Warren Buffet fer fyrir, hefur óskað eftir því að auka hlut sinn í lestaflutningafélaginu Burlington Northern Santa Fe. Gæti hluturinn farið úr fimmtán prósentum í fjórðungshlut. Burlington Northern er hið annað stærsta á sínu sviði í Bandaríkjunum.



WARREN BUFFET

Hinn aldni auðjöfur Buffet hefur reynst naskur í gegnum tíðina að finna undirverðlögð fyrirtæki. Tekjur Burlington Norhtern hafa aukist jafnt og þétt frá byrjun árs 2003 á kostnað flutningabíla, sem hafa þurft að berjast við hækkandi eldsneytisverð og sívaxandi umferðartafir á bandarískum þjóðvegum. Telja sérfræðingar að Buffet sjái fram á enn frekari tekjuvöxt í geiranum þar sem afkastagetan er enn þó nokkur.

Vísitala S&P 500 fyrir lestaflutningafyrirtæki hefur hækkað um fimmtán prósent á árinu. Til samanburðar hefur trukkavísitala S&P hækkað um 7,7 prósent.

Samkvæmt bandarískum lögum fær Berkshire eitt ár til að koma hlut sínum í 25 prósent að sögn Bloomberg. Berkshire hefur einnig fjárfest í Union Pacific og Norfolk Southern, tveimur af helstu samkeppnisaðilum Burlington Northern. Einn hlutur í Berkshire kostar nú rúmar 7,7 milljónir króna. **- eþa**

**SÉR TILBOÐ!**
Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

# STURTU GLER VEGGIR OG HURÐIR

## - beint á gólf




## STURTUSKJÓL

í mörgum stærðum
30x220, 70x220, 80x220, 90x220
100x220, 110x220 og 120x220 sm

E000479
Öryggisgler skv. staðli
það eina löglega fyrir baðherbergi

# HAFÐU ÞAÐ FLOTTASTA Í STURTUNNI!

## STURTUHORN ÚR GLERI

- beint á gólf

VM 531
10 mm öryggisgler
Rammalaust
m krómfestingum







8 mm öryggisgler Rammalaust bogahorn




VM 311
10 mm öryggisgler
Rammalaus kanntaður
m krómfestingum

margar stærðir:
hurð x hlið
80x70 sm
80x80 sm
80x90 sm
80x100 sm
90x70 sm
90x80 sm
90x90 sm
90x100 sm
100x100 sm

## VELDU ÞITT GLER EFTIR STÆRÐ



M32
10 mm öryggisgler

## GLERENDAVEGGIR

70 sm, 80 sm, 90 sm og 100 sm

## GLERVEGGUR með hurð

60, 70, 75, 80, 85, 90, 95, 100, 105, 110, 115, 120, 125, 130, 135, 140, 145, 160, 165, 170, 175 og 180 sm

kynntu þér úrvalið á
www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11 -15

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hryðjuverk hindruð í Danmörku og Þýzkalandi:

# Evrópa á hryðjuverkavaktinni

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Á sama sólarhringnum handtók á þriðjudag lögreglan í Danmörku og Þýzkalandi hópa ungra manna, sem grunaðir eru um að hafa verið að undirbúa stórfelld hryðjuverk. Í öllum tilvikum er um unga múslima að ræða. Nær allir eiga þeir uppruna sinn í múslimalöndum Afríku og Austurlanda og eiga það sameiginlegt að hafa búið lengi í hinum nýju heimkynnum sínum í Evrópu og jafnvel öðlazt ríkisborgararétt þar. Tveir hinna handteknu eru reyndar heimamenn, Þjóðverjar, sem tekið hafa íslamstrú.

Í Þýzkalandi falla þessar nýjustu hryðjuverkavarnahandtökur saman við að þess er minnzt að rétt 30 ár eru frá því „þýzka haustið“ svokallaða hófst með blóðugu ráni Rauðu herdeildanna (RAF) á Hanns-Martin Schleyer, forseta vestur-þýzku vinnuveitendasamtakanna. Þá er þess einnig minnzt nú að rétt 35 ár eru frá því að stríðið við botn Miðjarðarhafs sótti Evrópu heim, er palestínskir hryðjuverkamenn tóku ólympíulandslið Ísraels í gíslingu og drápu í München.

Þessir atburðir í Þýzkalandi á áttunda áratugnum eru áminning um að hryðjuverkaógn er ekki ný af nálinni í Evrópu. En þessi ógn hefur tekið miklum breytingum. Hryðjuverk sem eiga rætur sínar í innri átökum í Evrópulöndum heyra nánast fortíðinni til; friður hefur verið saminn á Norður-Írlandi og mjög hefur fjarað undan basknesku aðskilnaðar- og ógnarverkasamtökunum ETA á Spáni, svo dæmi séu nefnd. RAF, sem vildu umbylta hinu „kapítalíska kerfi,“ voru líka barn síns tíma og lognuðust út af í kjölfar endaloka kalda stríðsins.

Hryðjuverkaógn nútímans í álfunni stafar fyrst og fremst frá öfgamönnum, sem telja sig vera stríðsmenn í „heilögu stríði“ og eru reiðubúnir að vinna hin skelfilegustu óhæfuverk í nafni trúar sinnar.

Franco Frattini, sem fer með dómsmál í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, lýsti því yfir í gær að frekari hryðjuverkavarnaaðgerða væri þörf í aðildarríkjunum. Vísbendingar væru um að hættan á nýjum árásum væri áfram mikil. Hann tilgreindi sérstaklega Spán, Ítalíu, Belgíu, Bretland og Þýzkaland í þessu samhengi.

Handtökurnar í Danmörku sýna að þessi hætta er einnig fyrir hendi á Norðurlöndum. Rétt eins og reynslan hefur sýnt í öðrum Evrópulöndum, þar sem múslimar eru fjölmennir í hópi innflytjenda, eru það nú ungir karlmenn úr þeirra hópi sem glepjast inn á braut „heilags stríðs“ og verða í nafni þeirrar sjúku hugmyndafræði reiðubúnir að reyna að vinna því samfélagi sem þeir ólust upp í eins mikið tjón og þeim er frekast unnt.

Það er því eðlilegt að hið frjálsa evrópska lýðræðissamfélag reyni að koma sér upp skilvirkum vörnum gegn þessari vá. En jafnframt þarf það að vera vakandi gegn því að í nafni hryðjuverkavarna sé gengið of nærri frelsi borgaranna. Þennan erfiða línudans hafa yfirvöld í löndum álfunnar – og reyndar í öllum hinum vestræna heimi – nú þurft að stíga um allnokkra hríð og ekki sér fyrir endann á því.

Á tímum opinna landamæra og sívaxandi hnattvæðingar getur Ísland ekki látið sem þessi þróun varði það ekki líka. Það er skylda íslenzkra stjórnvalda að gæta öryggis borgaranna, og nú á tímum er óhjákvæmilegur þáttur í því hlutverki að gæta að því hvaða þáttum úr þeim hryðjuverkavörnum sem grannþjóðirnar koma sér upp sé viðeigandi að beita hérlendis. Skort hefur á ábyrga umræðu um skipan þessara mála hérlendis og er vonandi að úr því rætist.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Nágrannaerjur

Herra Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, er nú í New York þar sem hann verður meðal annars viðstaddur ráðstefnu Glitnis, sem opnar þar útibú. Forsetinn slær nokkrar flugur í einu því hann heldur líka fyrirlestur og sækir fundi sem ekki tengjast bankanum. Ólafur gæti slegið eina flugu til viðbótar með því að gera upp deilumál sem staðið hefur um hríð á milli forsetaembættisins og Þorsteins M. Jónssonar, stjórnarformanns Glitnis. Þorsteinn býr á Laufásvegi, beint á móti gestahúsi forsetaembættisins, og vill fá að reisa bílskúr og skjólvegg við hús sitt en forsetaembættið hefur staðið í vegi fyrir því.



### Sparar ríkinu bensínpening

Bíll Björgvins G. Sigurðssonar viðskiptaráðherra mengar mest allra ráðherrabíla og ætlar hann því að skipta Benz-ráðherrajeppanum út fyrir nýjan dísiljeppa. Viðskiptaráðherra mengar þar með mun minna á ferðalagi sínu en áður. Þá má gera ráð fyrir að Björgvin spari einnig ríkinu dágóðan skilding í bensínkostnað, því stórfjöskyldan frá Skarði hefur ákveðið að setjast að á Selfossi, en þaðan er mun styttra á þing heldur en úr sveitinni þar sem fjölskyldan hefur alið manninn síðustu ár.



### Bölvað súkkulaði

Kirkjunnar mönnum er ekki skemmt yfir því að Biblían sé höfð í flimtingum í þeim tilgangi að auglýsa farsíma. Þetta er vitaskuld ekki í fyrsta sinn sem prestum finnst fyrirtæki sýna kristinni trú litla virðingu. Á pálmasunnudag 2004 kvartaði séra Sigurður Ægisson til dæmis í Mogga yfir að Nói Síríus byði kristnum nammigrísum upp á Púkaegg, í stað hinna hefðbundna páskaeggja. Súkkulaðieggið táknar víst gröfina sem Jesú var lagður í og unginn á toppnum er frelsarinn sjálfur. Að setja púka í hans stað var aðgerð „út úr öllu korti, á skjön við allt sem eðlilegt getur talist“. Eins gott að umgangast ekki súkkulaði af neinni léttúð.

kristjan@frettabladid.is/
bergsteinn@frettabladid.is

# Lögregla á sjó og landi



ÞORVALDUR GYLFASON

Í DAG | Löggæslumál

Morgunblaðið á þakkir skildar og þá ekki sízt Agnes Bragadóttir blaðamaður fyrir vaskleg skrif að undanförnu um meint svindl í kringum kvótakerfið. Brottkast og löndun fram hjá vikt hafa verið á allra vitorði frá árdögum kvótakerfisins að heita má eins og liggur í hlutarins eðli. Fáir hafa þó viljað við málið kannast, enda varðar kvótasvindl við lög. Í staðinn hefur verið reistur varnarmúr í kringum meint svindl: lygamúr. Slíkir múrar rofna ævinlega á endanum, ýmist innan frá eða utan að, og nú hefur Morgunblaðið blásið í flautuna. Uppljóstranir Moggans snúa meðal annars að slakri löggæzlu. Margir sjómenn hafa lýst svindlinu fyrir mér og öðrum langt aftur í tímann, jafnvel í útvarpi. Dómsmálayfirvöld og lögregla virðast þó hafa látið sér fátt um finnast.

**Sjálfseftirlit í sjálftökusamfélagi**

Gagnrýni Morgunblaðsins hefur reyndar ekki beinzt í fyrsta lagi að lögreglunni, heldur að Fiskistofu, sem annast framkvæmd laga um stjórn fiskveiða, hefur eftirlit með fiskveiðum og sér um álagningu gjalds vegna ólögmæts sjávarafla. Vandinn hér er sá, að Fiskistofa heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið og hefur því beinan hag af því ásamt umbjóðanda sínum, ráðuneytinu, að gjafakvótakerfið líti sem bezt út í augum almennings, sem á fiskinn í sjónum samkvæmt lögum. Ef upp kæmist um stórfellt kvótasvindl, myndi uppljóstrunin trúlega þykja þungur áfellisdómur yfir kvótakerfinu, sem kallar á svindlið. Hún gæti jafnvel kippt fótunum undan fiskveiðistefnunni, sem hefur verið aðalsmerki sjávarútvegsráðuneytisins í bráðum aldarfjórðung. Það fer ekki vel á því, að stofnun, sem heyrir beint undir sjávarútvegsráðuneytið, hafi eftirlit með árangri af störfum ráðuneytisins. Sjálfseftirlit gerir ekki fullt gagn. Það þarf að greina eftirlitið frá framkvæmdinni.

Þessi saga er angi á miklum meiði í okkar litla landi. Kannski er ekki við öðru að búast, úr því að þrískiptingu valdsins er svo mjög ábótavant sem raun ber vitni. Framkvæmdarvaldið ræður lögum og lofum. Dómsvaldið nýtur líkt og löggjafarvaldið trausts innan við þriðjungs þjóðarinnar samkvæmt ítrekuðum könnunum Gallups. Ekki er þó mikið um það vitað, hvers vegna fólkið í landinu vantreystir dómskerfinu svo mjög; Gallup spyr ekki um það. Ein sennileg skýring er, að stjórnmálaflokkarnir – einkum þeir tveir, sem hafa varla fengizt til að sleppa hendinni af dómsmálaráðuneytinu allan lýðveldistímann – hafa ekki vandað nóg til mannvalsins í dómskerfinu, svo sem Lögmannafélag Íslands hefur fundið að og margir kannast við.

**Sakaruppgjöf í stað sjálfsfyrirgefningar**

Lögbrot eru alvörumál í réttarríki, einkum þegar lögreglan ræður ekki við þau og virðist jafnvel láta þau óátalin. Hér er sameign þjóðarinnar í húfi, en svindlið heldur samt áfram samkvæmt mörgum vitnisburðum og færist jafnvel í vöxt, þar eð hvatinn til að svindla á kvótakerfinu eykst með niðurskurði aflaheimilda. Stjórnvöld halda því fram, að frásagnir af kvótasvindlinu séu ýktar. Þau bera því við, að fáir dómar hafi gengið um meint svindl. Þennan hnút þarf að leysa. Það er hægt með því að veita þeim, sem stíga fram og ljóstra upp um brottkast og löndun fram hjá vikt, skilyrðislausa sakaruppgjöf í skiptum fyrir framburð sinn. Til þess þarf stoð í lögum. Þá myndi létta til. Þessi hugmynd er náskyld annarri, sem nú er í skoðun: að þeir, sem hafa gert sig seka um ólöglegt verðsamráð, geti komið sér undan refsingu með því að hjálpa fáliðaðri lögreglu og samkeppniseftirliti við að upplýsa brotin. Einnig mætti hugsa sér aðra og kannski heppilegri umgerð um þessa einföldu lausn: rannsóknarnefnd Alþingis.

Nokkrir stjórnarandstæðingar úr röðum Samfylkingarinnar fluttu frumvarp í þá veru í fyrra, en það náði ekki fram að ganga. Ekki virðist heldur líklegt, að Alþingi setji lög til að heimila sértæka sakaruppgjöf til að draga úr lögbrotum og styrkja réttarríkið í sessi. Alþingi hefur reynzt ófúst til að upplýsa hlerunarmál frá fyrri tíð líkt og gert var í Noregi. Þessi afstaða þingsins er óheppileg, þar eð Sjálfstæðisflokkurinn liggur undir grun um að hafa látið hlera andstæðinga sína og stendur í vegi fyrir fullnaðarathugun á málinu. Óbreytt ástand ber keim af sjálftekinni sakaruppgjöf.

Ef lögreglan stendur máttvana frammi fyrir meintum lögbrotum til sjós, hvaða von er þá til þess, að hún standi í stykkinu á landi? Allir sjá, hverjir hafa mestan hag af veikri löggæzlu og meðfylgjandi óvissu og öryggisleysi. En enginn þykist bera ábyrgð á vanmætti lögreglunnar og öryggi borgaranna, allra sízt dómsmálaráðherrann. Löggur vantar til starfa í tugatali. Þessu þarf að kippa í lag án frekari undanbragða. Láglaunabaslinu verður að linna. Og lögleysinu.

# Ekki er öll vitleysan eins

UMRÆÐAN

Grímseyjarferjan



G. PÉTUR MATTHÍASSON

Sem betur fer fyrir umræðuna í landinu þá er ekki öll vitleysan eins. Umræðan um Grímseyjarferju er líka orðin ákaflega margbrotin og ekki alltaf jafn skynsamleg. Steininn tók nú eiginlega úr þegar stungið var upp á því að selja nýju Grímseyjarferjuna í núverandi ástandi og láta smíða nýja ferju á mettíma.

Þrátt fyrir að ýmislegt hafi farið úrskeiðis varðandi kaup og endurbætur á ferjunni þá er enn svo að þessi kostur er töluvert hagkvæmari en nýsmíði. Reikna má með að nýtt skip myndi kosta a.m.k. 7-800 milljónir króna. Því er núverandi kostur 2-300 milljónum króna ódýrari en nýsmíði.

Endurbætur á gamla Sæfara voru aldrei raunhæfar, viðhald hefði orðið dýrt og þótt koma hefði mátt skipinu í stand fyrir 2009 hefði það einungis dugað til 2018, auk þess sem dýrt og erfitt hefði verið að brúa bilið meðan gert væri við gamla Sæfara.

Nýja Grímseyjarferjan sem nú liggur í Hafnarfjarðarhöfn verður auk þess mun betra skip, hraðskreiðara, hagkvæmara og aðstaða fyrir farþega mun betri. Miklu munar fyrir Grímseyinga að stytta siglingatímann um eina klukkustund.

Nýja ferjan mun gera meira en að standa undir væntingum og þjóna landsmönnum vel. Nýtt skip væri að sjálfsögðu líka góður kostur, bara dýrari. En að fara þá leið núna að kaupa nýtt væri nú ekki til að bæta ástandið.

Oilean Arann var ekki fallegt þegar það var keypt og því hafði verið illa viðhaldið. Þeir sem sigldu skipinu hingað til lands láta hins vegar vel af því og eftir þær miklu endurbætur sem verða gerðar er tæplega um sama skip að ræða. Staðreyndin er sú að þótt ýmislegt hefði mátt gera öðruvísi má reikna með því að fá gott skip fyrir allt þetta fé sem búið er að leggja í verkefnið. Það er óþarfi að fara að taka upp á því núna að henda peningum út um kýraugað.

*Höfundur er upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar.*


C&C
Dömu og barnaleggings
Frá 1290 kr
Margir litir
C&C Faxafeni 14 108 Reykjavík
Sími 554-0655
Opið virka daga 10-18, lau 11-16



„Stelpur eru vitlausar í snjóþvegnar gallabuxur,“ segir Óli Hjörtur Ólafsson, upphafsmaður frasans – að vera alveg með'etta! FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Í snjóþvegnum buxum og alveg með´etta!

***Óli Hjörtur Ólafsson vílar ekki fyrir sér að ganga í snjóþvegnum gallabuxum, enda segir hann engann hafa mótmælt til þessa og næntís-peysan hans smellpassaði við innréttingar í Sykurmolapartíi.***

„Þessi peysa er þeim kostum gædd að lýsast stórfenglega upp þegar maður fer í „blacklight“ lýsingu,“ segir Óli Hjörtur Ólafsson, fráfarandi rekstrarstjóri Q-bar og tískuáhugamaður með meiru, en peysuna góðu keypti hann í Spúútnik þar sem hann vann stundum í afleysingum.

„Ég nota hana reyndar ekki hversdags, heldur meira svona við sérstök tilefni,“ segir hann og nefnir í því samhengi Sykurmolatónleika sem haldnir voru í Laugardalshöll síðasta vetur.

„Eftir tónleikana var mér boðið í sérstakt eftirpartí og þegar ég kom þangað inn var einhver snillingur búinn að skreyta rýmið í nákvæmlega þessum litum: Bleiku, grænu, gulu og svörtu. Ég varð eins og hluti af innréttingunni og fólk hafði mig grunaðan um að hafa planað þetta,“ segir hann íbygginn og dregur auga í pung.

Spurður út í snjóþvegnu gallabuxurnar sem hann klæðist nánast á hverjum degi segir hann engar kvartanir hafa borist til þessa. „Allir vinir mínir fíla þær rosalega vel og þá sér í lagi stelpurnar. Stelpur eru vitlausar í snjóþvegnar gallabuxur,“ segir Óli og flissar, en gaman er að geta þess að Óli Hjörtur er nú fluttur til Kaupmannahafnar þar sem hann ætlar að ljá Dóru Takefusa starfskrafta sína á hinum geysivinsæla „Íslendingabar“ Jolene.

*margret@frettabladid.is*


Húsgagna
Lagersala
Rýmingarsala
Sófasett frá 59,000
Mikið úrval af sófasettum. rúmum, sófaborðum, borðstofuborðum, stólum, skápum, svefnsófar o.m.fl.

Dugguvogur 2 (við hlið Slippfélagsins)
S: 557-9510


Álklæðning og álundirkefi
Fegurð, mýkt, ending
Fæst í fjölda lita
ALCAN Novelis
Ál er okkar mál
ÁLTAK
Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.altak.is

**Rauður varalitur** stendur alltaf fyrir sínu en hann kemur sterkur inn í hausttískuna þetta árið.



Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics
NÝTT!!
Plokkari með ljósi





SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

Haustsprengja
fimmtudag, föstudag og laugardag.
20% afsláttur
af öllum vörum
VERIÐ
Verið Sængurfataverslun
Glæsibæ, s. 552-0978
www.damask.is









Behnaz Sarafpour.



Dolce & Gabbana.



Sophia Kokosalaki.



Rue Du Mail.



Dolce & Gabbana.



Giambattista Valli.



Bottega Veneta.

NORDICPHOTOS/FRÉTTABLAÐIÐ
NORDIC PHOTOS/GETTYIMAGES

# Smáatriði í kastljósinu

***Hönnuðir hausttískunnar lögðu mikla vinnu í saumaskapinn þetta árið. Kjólar voru rykktir og pils höfðu hundruð falda.***

Athygli vakti hversu mikið var lagt í saumaskapinn á hausttískusýningunum. Kjólar voru teknir saman hér og þar og mikið var um rykkingar og ísaum. Pils hjá Behnaz Sarafphour og brjóstbútur Giambattista Valli voru í hundruðum laga og Dolce & Gabbana þöktu silfurkjól með litlum blómaskreytingum. Ekki má gleyma Sophiu Kokosalaki sem saumaði í og rykkti saman flauelsbút svo úr varð hinn gellulegasti veislukjóll. *mariathora@frettabladid.is*




# Dáleiðandi herrailmur

***Hypnose Homme er nýr ilmur frá Lancome.***

Hypnose er nýr ilmur fyrir herra frá Lancome.

Ilmur Hypnose er blanda af rafi, svörtum kardimommum, lofnarblómi og muskus. Hypnose er dáleiðandi ilmur fyrir alla karlmenn.





## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Ótímabær andlátstilkynning eða upprisa

Síðustu misseri hafa karlar tekið upp á því að ganga með handtöskur, enda sífellt fleira sem þarf að hafa við hendina í lífi nútímamannsins. Í vetur verður það ómissandi að eiga stóra leðurtösku til daglegra nota og hönnuðir bjóða nú leðurtöskur á mismunandi verði eins og gengur eftir merkjum, allt frá H&M til Dior, Celio eða YSL, allir veðja á stórar töskur.

Áður fyrr var það staðreynd að karlmenn fóru aðeins í verslanir þegar þá vantaði eitthvað. Nú er öldin önnur og karlmenn eru orðnir eins og hver önnur kona, labba milli búða og skoða, jafnvel mörgum sinnum áður en þeir láta slag standa. Skilin milli hins karlmannlega og kvenlega hafa aldrei verið eins óskýr. Þetta má sjá hjá Prada sem kemur skemmtilega á óvart með herra stretch-buxunum, líkum þeim sem allar konur á Íslandi voru í fyrir einum 25 árum, með teygju undir hælunum. Prada hefur öðru hvoru boðið upp á tvílit föt þar sem liturinn eins og færist yfir í annan frá efri hluta til neðri hluta, til dæmis í peysu. Þessi stíll er kallaður „tie-dye“ og í þetta skipið eru það lakkskór, jafnt fyrir konur og karla, sem voru sýndir á tískusýningu Prada í Mílanó. Ekki virðast innkaupastjórar tískuhúsanna hafa haft mikla trú á þessum lakkskóm því þeir eru ekki fáanlegir hér í París. En blessunarlega fyrir tískusjúka er hægt að treysta á Zöru. Hönnuðirnir þar hafa gert nánast fullkomna eftirlíkingu af tie-dye skónum hjá Prada sem kosta 99 evrur (4-500 evrur hjá Prada). Í vetur er það áfram toppurinn að vera í lakkskóm. Meira en nokkru sinni er málið að blanda saman fatnaði frá fínum tískuhúsum og ódýrari merkjum. Kris Van Assche, nýr hönnuður Dior Homme, sýndi fyrir sitt eigið merki skyrtur með öðru skyrtulafinu ofan í buxunum og hinu utan yfir og nú eru allir tískupinnar með eitt skyrtulaf ofan í buxunum.



Fyrir nokkru lýsti frægur tískufræðingur í Bandaríkjunum því yfir að metrómaðurinn væri allur. Ég held að þessi yfirlýsing hafi verið heldur snemma á ferðinni. Þær breytingar sem hafa orðið á karlímyndinni síðustu ár eru komnar til að vera. Herrasnyrtivörur seljast sem aldrei fyrr, undirfataframboð hefur aldrei verið meira og fleiri og fleiri bjóða herrum upp á alls kyns fegurðarmeðferðir. Snyrtipinninn er manngerð sem er komin til að vera hvort sem okkur líkar betur eða verr.

*bergthor.bjarnason@wanadoo.fr*

# Ung, sexí og alúðleg

*Nýlega kom á markaðinn skemmtilegur ilmur frá Yves Saint Laurent.*



Ilmurinn ber heitið Young Sexy Lovely og er léttur og kvenlegur í fallegum umbúðum. Markhópurinn sem framleiðendur höfðu í huga er ungar konur með tískuvit og -áhuga. Því skemmir það ekki fyrir að lyktin stendur sannarlega undir nafni. Ungleg, kynþokkafull og yndisleg.

# Köttur að næturlagi

*Cat Deluxe at Night er nýr ilmur frá fyrirsætunni Naomi Campbell.*



Grunntónar Cat Deluxe at Night eru blanda mjúkra baðmullarblóma, dýrmætra viða og rafs. Hjartatónar ilmsins eru alpafjóla og bóndarós. Topptónarnir eru síðan sólber, sæt pera og ávaxtablanda.

Cat Deluxe-línan inniheldur einnig sturtugel, húðmjólk og lyktareyði.


Léttustu ferðatöskurnar




TITAN®

Tilboð meðan byrgðir endast.

2stk.= 20% afsláttur

Ferðist létt með 2 töskur!

5 ára ábyrgð

Drangey

Smáralind, sími 5288800, www.drangey.is



Sérverslun með kvensilfur



Margar gerðir af búningasilfri.

**Þetta er ódýrasta mynstrið. Allt sem þarf á upphlutinn, settið frá 90.530, kr.**

Allar upplýsingar um hefð og gerðir búninga eru veittar á staðnum.

**Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.**








RÝMUM

vegna breytinga

4 Verð...

500 kr.

1000 kr.

1500 kr.

2000 kr.

OPIÐ TIL KL. 21 Í KVÖLD

retro stelpur

KRINGLUNNI



**Möndlur** innihalda holla jurtafitu og eru kalkríkar. Konum sem ekki drekka mjólk er ráðlagt að borða níu möndlur á dag til að fullnægja kalkþörfinni. Gott er að blanda þeim saman við annan mat.

# Tíu ára í andlitslyftingu

***Um þessar mundir er verið að gera róttækar breytingar á líkamsræktarstöðinni Nautilus og sundsvæðinu við sundlaug Kópavogs.***

„Verið er að stækka fyrstu stöðina okkar, sem er undir sundlaug Kópavogs á Kópavogstúninu. Hún er nú í 300 fermetra stórum sal. Við fáum nýjan sal til viðbótar sem er um 400 fermetrar. Þar munu koma ný tæki, ný sjónvarpstæki og fleira. Þannig að fjölbreytnin eykst og það verður rýmra um okkur.“

Þetta segir Kjartan Már Hallkelsson, rekstrarstjóri og yfirþjálfari Nautilus-líkamræktarstöðvanna til níu ára, en fyrsta stöðin á tíu ára afmæli um þessar mundir.


Kjartan Már Hallkelsson hefur gegnt hlutverki rekstrarstjóra Nautilus-líkamsræktarstöðvanna á Íslandi síðastliðin níu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Kjartan er ánægður með breytingarnar og segir þær ásamt endurbætum sundsvæðisins eiga eftir að leiða til þess að það verði eitt það glæsilegasta á landinu. „Þarna verður bætt við 25 metra innisundlaug og barnalaug, en fyrir er 50 metra útisundlaug. Svo eru nýir heitir pottar, gufubað, útiklefar og þrjár rennibrautir. Þá eru óupptaldir nýir búningsklefar.“

Sem stendur eru Nautilius-stöðvarnar fimm talsins hérlendis, hluti af erlendri keðju sem er með 140 stöðvar víðs vegar um heim. Að sögn Kjartans stendur til að fjölga stöðvunum frekar hérlendis og sömuleiðis auka þjónustuna, en hingað til hefur ekki verið boðið upp á hóptíma þótt slíkt tíðkist erlendis.

„Ég vil nú ekki segja til um hvenær það gerist, en það er á döfinni,“ segir Kjartan. „Á móti kemur að við erum með framúrskarandi góða tækjaaðstöðu, ódýr kort, ókeypis prufutíma undir leiðsögn þjálfara, matarprógrömm og fitumælingar. Heilsupróf, sem er nýjung frá Svíþjóð, þar sem þrek, styrkur, liðleiki, blóðþrýstingur, mataræði og stress er meðal annars kannað.“


Nautilus-stöðin á Kópavogstúni og endurbætt sundaðstaða munu mynda saman glæsilega aðstöðu eftir breytingar.

Kjartan vill þó meina að vegna hæfilegrar stærðar sé þjónustan betri fyrir vikið og aðgengi að þjálfurum gott. „Hver og einn fær leiðsögn í tækjunum og æfingaráætlun út frá sínum þörfum og markmiðum, sér að kostnaðarlausu,“ bendir hann á. Allt er gert til að sinna viðskiptavinunum sem allra best.“ *roald@frettabladid.is*

**Borðaðu þig granna(n)**

Íslensku Vigtarráðgjafarnir

Nánari upplýsingar
Sími 865-8407

www.vigtarradgjafarnir.is

BYRJENDANÁMSKEIÐ ERU AÐ HEFJAST
ÞÓRSHAMAR KARATE



Frístundakortið
Upplýsingar eru veittar í síma 551 4003 og á heimasíðu félagsins www.thorshamar.is



visir.is
Fyrstur með fréttirnar

EINKATÍMAR · HÓPTÍMAR
HUGRÆN TEYGJULEIKFIMI
TAI CHI · KUNG FU
脫 涵 退
HEILSUDREKINN
Kínversk heilsulind
SKEIFUNNI 3J · SÍMI 553 8282 · WWW.HEILSUDREKINN.IS

HREYFI GREINING
Fagleg heilsurækt
Frábær aðstaða
Frábær lífsstíls námskeið
Frábær staðsetning

Viltu komast í form?

Talya Freeman, Jógakennari
Arna Hrönn Aradóttir, Rope Joga kennari
Sævar Kristjánsson, íþróttafræðingur BSc
Harpa Helgadóttir, sjúkraþjálfari BSc, MTc, MHSc
Birkir Már Kristinsson, sjúkraþjálfunarnemi
Sandra Dögg Árnadóttir, sjúkraþjálfari BSc
Hólmfríður B. Þorsteinsdóttir, sjúkraþjálfari BSc, MTc

Ný námskeið eru að hefjast

Bakleikfimi
Betri líðan í hálsi, herðum og baki. Skráning á harpahe@hi.is. www.bakleikfimi.is

Í formi til framtíðar*
Skráning er hafin í þessi vinsælu aðhalds- og lífsstílsnámskeið fyrir konur. 8 vikna námskeið.

Rope Joga
hjá Örnu Ara. Námskeið eru að hefjast. Skráning í síma 511 1575.

Jóga fyrir stirða og byrjendur
Talya og Guðmundur kynna grunnhreyfingar þar sem öndun og hreyfing fara saman. Engin þekking á jóga er nauðsynleg og hentar öllum.

Vigtarráðgjafarnir
Íslensku vigtarráðgjafarnir vigta alla þriðjudaga kl. 11.30-12.30. Fundur kl. 12.30.

Bumban burt*
Lokuð námskeið fyrir karla sem vilja ná árangri. 8 vikna námskeið.

Móðir og barn
Skráning er hafin í fimm vikna námskeið Söndru Daggar Árnadóttur.

Líkamsrækt
Frábær aðstaða til að æfa á eigin vegum á þægilegum stað. Opnir tímar. Stundaskrá: www.hreyfigreining.is

*Við erum í samstarfi við íslensku vigtarráðgjafana. Við tökum hressilega bæði á hreyfingu og mataræði.

Nánari upplýsingar um fleiri námskeið og stundaskrá fyrir haustið 2007 á www.hreyfigreining.is

HREYFI GREINING
SJÚKRAÞJÁLFUN OG LÍKAMSRÆKT
Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is

Næst



Talið er að brottnám annars eða beggja eggjastokka getið aukið líkur á sjúkdómum eins og Parkinson.

# Vörn í estrógeni

***Talið er að brottnám eggjastokka geti valdið ýmsum sjúkdómum.***

Brottnám eggjastokka getur aukið líkur á taugasjúkdómnum Parkinson og valdið minnistruflunum hjá konum, sérstaklega ef aðgerðin er framkvæmd fyrir tíðahvörf. Þá er talið að áhættan aukist um helming hjá ungum konum.

Þetta kemur fram í rannsókn sem birt var í tímaritinu Neurology Journal og byggir á viðtölum við þúsundir kvenna sem höfðu farið í slíka aðgerð fyrir að meðaltali 27 árum.

Lengi hefur því verið haldið fram að hormónið estrógen, sem eggjastokkarnir framleiða, verndi heilann fyrir hugsanlegum eituráhrifum af völdum dauða taugafruma. Eituráhrifin eru talin auka líkur á sjúkdómum eins og Parkinson og Alzheimer.

Á hverju ári er fjarlægður annar eða báðir eggjastokkar úr fjölda kvenna. Aðeins lítill hluti þeirra fær hormónameðferð. Stór hluti fær enga meðferð og margar ekki fyrr en eftir fimmtugt.

Þá þykir sumum niðurstöðurnar útskýra af hverju fleiri karlar en konur fá Parkinson-sjúkdóminn.

Sjá www.bbc.co.uk. *- rve*



Þeir sem eru einmana eru líklegri til að eiga við heilsufarsleg vandamál að stríða.

# Einmanaleiki ekki góður

***Nýlegar rannsóknir benda til þess að einmanaleiki geti haft slæm heilsufarsleg áhrif.***

Einmana fólk glímir frekar við langvarandi streitu og framleiðir of mikið af streituhormónum vegna ýmissa vandamála í daglegu lífi. Þetta kemur fram á fréttavef bandaríska sálfræðingafélagsins psycport.com og er greint frá á www.persona.is.

Streituhormón geta leitt til vandamála líkt og hækkaðs blóðþrýstings, óreglulegs svefns og kransæðastíflu. Þá eru þeir sem eru einmana ólíklegri til að leita aðstoðar hjá fjölskyldu eða vinum þegar eitthvað bjátar á og því verða vandamálin oft verri en þau þurfa að vera.

Til að draga úr líkum á streitu og heilsufarsvandræðum vegna einmanaleika hvetja rannsakendur þá sem ekki eiga nána vini til að virkja félagslíf sitt og leita tækifæra til að kynnast fólki og jafnvel eignast nána vini. *- sgi*

# Vítamín eru nauðsynleg

***Vítamín eru nauðsynleg en skortur eða ofneysla þeirra getur valdið sjúkdómum.***

Til að uppfylla vítamínþörf hvers einstaklings ætti fjölbreytt mataræði að nægja en mörgum finnst þó vissara að taka inn vítamíntöflur. Vítamín koma ekki í stað matar eða minnka þörfina fyrir hann því þau innihalda engar kalóríur, prótín, steinefni, fitu eða vatn. Öll vítamín eru líkamanum þó mikilvægir hvatar og þess vegna nauðsynleg og skortur á einu vítamíni getur komið ójafnvægi á starfsemi hans. Í of miklu magni geta vítamín þó valdið skaða en það á sérstaklega við um fituleysanleg vítamín eins og A, D, E og K vítamín. Sjá doktor.is



Öll vítamín eru líkamanum mikilvæg.











**Örbylgjuofninn er** gott að þrífa með því að skera sítrónu í sneiðar og setja í skál með vatni. Skálin er látin inn í örbylgjuofninn og látið sjóða í 2 mínútur. Síðan er strokið yfir með klút á eftir og óhreinindin hverfa.


White-Westinghouse



ÞVOTTAVÉL
- Topphlaðin
- 11 kg af þurrum þvotti.
- Vindur vel.
- Fljót að þvo.
- Sparneytin.
- Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS




Smart horn í naglastúdíóinu sem er inn af versluninni sjálfri. Veggfóðrið er frá Lauru Ashley en stóllinn úr versluninni 1929. Náttúruflísarnar voru á gólfinu þegar Helga keypti verslunina og fengu þær að vera áfram á sínum stað. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ætlaði ekki að kaupa búð

***Helga Sæunn Árnadóttir, nagla- og förðunarfræðingur, keypti snyrtivöruverslunina Andorra í Hafnarfirði í sumar og gjörbreytti öllu baka til í búðinni á tveimur vikum.***

„Ég fékk búðina afhenta 1. júlí og þá tóku við tveggja vikna breytingar og við gerðum allt fokhelt baka til, baðherbergið, naglastúdíóið og kaffistofuna,“ segir Helga Sæunn, sem leyfði þó versluninni sjálfri að halda sér að mestu. „Ég létti reyndar rosalega á henni þannig að mér finnst hún miklu girnilegri núna,“ segir Helga og brosir.

Breytingarnar áttu að gerast á þremur dögum en Helga fékk búðina afhenta á föstudegi og ætlaði að opna næsta miðvikudag. „Það frestaðist hins vegar svo ég opnaði föstudaginn 13. júlí,“ segir hún en telur daginn ekki hafa verið óhappadag í þessu tilviki því vel gangi með reksturinn í dag.



Helga Sæunn hefur löngum verið vinsæl í naglaásetningum og segir viðskiptavinina ánægða með nýja staðinn.

Helga segist alls ekkert hafa haft í bígerð að kaupa sér heila verslun enda rak hún sjálf naglastúdíó við Strandgötuna í Hafnarfirði. „Ég labbaði út í búð í hádeginu einn daginn til að kaupa mér samloku og rak nefið inn í Andorra í leiðinni, bara til að tékka á hvort búið væri að selja verslunina. Ég endaði svo á að gera tilboð í búðina og húsnæðið og var búin að eignast þetta allt saman þremur dögum síðar,“ segir Helga Sæunn og hlær.

*sigridurh@frettabladid.is*


Tjáðu þig!

Stærsta bloggsamfélagið! Yfir 150.000 notendur!




Viltu sýn'eikkað?
Ný útlit · Myndaalbúm · Símablogg

BlogCentral.is
Stærsta bloggsamfélagið á Íslandi

vísir.is
Fyrstur með fréttirnar


## I Privé

CHESTERFIELD Í NÝJUM BÚNINGI

Það er mikill klassi yfir þessum sófa sem Phillip Starck hannaði fyrir fyrirtækið Cassina. Sófinn er leðurklæddur og bólstraður með hnöppum í líkingu við gamla Chesterfield-sófann. Útlit hans er þó allsérstakt og hann líkist kannski heldur rúmi en sófa enda er grunnflöturinn mjög stór.





Peugot diesel station 1998 Mjög gott eintak,einn eigandi ekinn rúml.180þ Verð 380þ 660-4013

## Fornbílar



Til sölu Datsun (Nissan) 280zx '83. Ósamansettur,boddy klárt f. sandbl. t-toppur, auka turbo vél ) tjúnuð. og margt fl. Uppl. í s. 866 5459.

## Pallbílar




Reyfarakaup á haustútsölum. 2007 Ford F150, Toyota Tacoma eða Dodge RAM frá 1990þús! Stærri pallbílar og sendibílar benzín/dísel á tombóluverðum. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

## Sendibílar

**Sendiferðabíll 400 þ. Staðgreitt.**
**Óska eftir góðum kassabíl með lyftu. Besti bíllinn tekinn og borgaður með bros á vör. Vinsamlegast hringið í s. 857 7071**

## Vörubílar



Til sölu Man TGA20, 41-430, árg. '05, ek. 99 þús. Góður bíll. Verð 8.5 millj. s. 893-3040.

## Mótorhjól




Til sölu Venox 250 árg 2007 létt og meðfærilegt hjól 30 hö, 170 kg verð aðeins 450.000,- Uppl í síma 840-3011

## Fjórhjól

Polaris Trailboss 250R/ES Til sölu. S. 892 9610

## Kerrur



**Kerruútsölunni framlengt um viku!**
Lokadagar útsölunnar: Brenderup 2205 S - Innanm. 203 x 128 x 40 cm. Burðarg. 525 kg. Dekk: 13" Listaverð: 160.000. Tilboðsverð 145.000,- Aukahlutir innifaldir í verði! Lyfta.is - Njarðarbraut 3 - Reykjanesbæ - 421 4037 - www.lyfta.is

## Hjólhýsi



Enka hjólhýsi með fortjaldi og sér klósetti. Árg. '06. V. 970 þús. S. 552 1275.



Tilboð! Nýtt ónotað Hobby Excellent LU 540. Ásett 2,6m fæst gegn yfirtöku á láni upp á 2,3m. Uppl. í síma 821-0808 Skipti á bíl fyrir 3-4m möguleg.

Tec travel bird árg.'07 4 manna hjólhýsi. 2 kojur. Verð 1700 þús. Uppl. í s. 822 1920.

## Fellihýsi

Felli- og hjólhýsageymsla. Upphitað og nýstandsett geymsluhúsnæði. Hálftíma akstur frá Rvk. Uppl. í s. 897 3060.







## Vinnuvélar






Pel Jobb 1,7 tonn, árg. '96, nýl. vél, gott ástan, 3 skóflur, tilboð óskast, kerra getur selst með. S. 863-3040

## Flug



Volvo XC90 2,5T,árg 05,ek 44 þ.Hlaðinn aukahl.Ásett verð 4.795 þ.Uppl í síma 699-6672

## Bílaþjónusta




## Varahlutir

**Bílapartar ehf**
**S. 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is







# Valsað ál fyrir þök og veggi
Fegurð, mýkt, ending
Fæst í 12 litum
ALCAN Novelis
Ál er okkar mál
ÁLTAK
Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.altak.is
bazooka!!

# Norðurland

FIMMTUDAGUR 6. SEPTEMBER 2007



## Ný sýn á Norðurland

**Ferðafélagið Hristingur hélt í tíu daga hestaferð í júlí.** BLS. 2



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

TENGI
Virka daga
8.00 - 18.00
Laugardaga
10.00 - 15.00

MIKIÐ ÚRVAL
BLÖNDUNARTÆKJA
- fyrir baðherbergi og eldhús
MORA INXX
TENGI
Smiðjuvegi 76 • 200 Kópavogur • Sími 414 1000 • Fax: 414 1001 • www.tengi.is • tengi@tengi.is • Baldursnes 6 • 603 Akureyri • Sími 414 1050 • Fax: 414 1051

# Ný sýn á Norðurland

**Ferðafélagið Hristingur fór í mikla hestaferð um Norður- og Norðausturland í lok júlí þessa árs. Þetta var tíu daga ferð um fjöll og firnindi í ýmsum veðrum og lentu ferðalangarnir í margs konar ævintýrum. Ferðafélagið Hristingur er hópur sem hefur farið nokkrum sinnum áður í hestaferðir saman. Kjarni hópsins er ættaður frá Vestfjörðum en síðan hefur smám saman bæst í hópinn.**

„Í ferðinni voru 12 til 14 manns og um 45 hross. Flestir hestarnir komu frá Dalvík þar sem stór hluti hópsins er þaðan. Þó voru hestar sem komu til dæmis alla leið frá Bolungarvík og voru þetta því heilmiklir flutningar fyrir suma hestana,“ segir Halla S. Sigurðardóttir, meðlimur í ferðafélaginu.

Lagt var af stað frá Heiðarbót í Reykjahverfi í Þingeyjarsýslu og síðan riðið um Reykjaheiði og Bláskógagötur í Undirvegg í Kelduhverfi. Daginn eftir var riðið frá Undirvegg að Lundi og þriðja daginn frá Lundi að Hjarðarási rétt norðan Kópaskers. Þaðan var haldið um Sléttu að Raufarhöfn og á fimmta degi var riðið í suður að Flautafelli, sem er eyðibýli á vegum hestamannafélagsins rétt sunnan við Svalbarð í Þistilfirði. Eftir eins dags hvíld var riðið að Lundi, því næst í Undirvegg í Kelduhverfi og þaðan var haldið að Mývatni. Þaðan var riðið að Einarsstöðum, þar sem ferð hópsins lauk. Þó voru tveir úr hópnum sem riðu síðasta spölinn frá Dalvík yfir í Hjaltadal. Þá fóru þau í gegnum Svarfaðardal, yfir Heljardalsheiði og gegnum Kolbeinsdal. Fyrir þá sem fóru lengst voru þetta tæpir 400 km en um 350 km fyrir hina.

„Veðrið var yfirleitt gott en það var einn dagur þar sem veður var slæmt og var það lengsta dagleiðin. Þann daginn héldum við að við værum villt en sem betur fer kom í ljós að svo var ekki. Á tímabili leist okkur ekki á blikuna en þá vorum við að koma upp að Kröflu þar sem voru miklar sprungur og klappir. Við vissum að við vorum á einhverjum vegi en við vorum bara ekki viss um að við værum á rétta veginum,“ segir Halla.

Í óveðrinu týndist einn hesturinn og var það helsta þraut ferðarinnar.

„Þegar veðrið var sem verst leist einni merinni ekki á aðstæður og hljóp rúmlega 20 km til baka út í þokuna og við vissum ekkert hvað varð um hana,“ segir Halla. Hún bætir þó við að síðar hafi eigandinn fundið hana hjá Eilífsvötnum og var merin í framhaldi nefnd Eilíf.

Það sem kom Höllu einna helst á óvart var hversu gróið landið er. Hún átti frekar von á því að þetta yrði meiri urð og grjót, og reiðgöturnar voru miklu betri en hún bjóst við.

„Þetta voru mjúkar moldargötur og ég bjóst einhvern veginn við því að Melrakkaslétta yrði meiri sandur en þar var mjög gróið. Svo er það nú þannig í svona hestaferðum að maður fer leiðir sem venjulega eru ekki farnar og sér því allt annað Ísland en þegar keyrt er eftir þjóðveginum,“ segir Halla.

Þó að hestarnir púli mest er þetta líka erfitt fyrir fólkið og mikil orka fer í að hlúa að hestunum. Hvar sem ferðafélagið kom var einstaklega vel tekið á móti hestafólkinu og sagði Halla að gaman hefði verið að upplifa þá gestrisni sem þau mættu víðast hvar.



Gengið upp Garðsdal. Ferðalöngunum kom á óvart hversu gróin leiðin var. MYND/HALLA SIGRÚNI



Dagleiðin rædd. Halla og Víkingur bera saman bækur sínar.



Fagurt er um að litast í Laxárdal. Hluti stóðsins á ferð um dalinn.



Riðið í óveðri í urð og grjóti. Á tímabili óttuðust ferðalangarnir að þeir væru villtir og ein hryssa tapaðist þennan afdrifaríka dag. Sem betur fer kom hún í leitirnar.



Meðlimir úr ferðafélaginu Hristingi hvíla sig fyrir næstu lotu.



Hvílst og gert að gamni sínu.






Mikið úrval af borðstofuhúsgögnum



Leðursófasett 3+2, til í rauðu, hvítu og svörtu leðri **Verð kr. 330.000.-**



Vandaður og þægilegur hornsófi með skemmlum og sterku áklæði
sem auðvelt er að þrífa - Margir litir - verð 219.000.-
Einnig fáanlegur með leðri.




Vandað leðursófasett 3+1+1 **Verð kr. 284.000.-**

**Nýtt**



**Rafstýrður hvíldarstóll með lyftu sem lyftir þér upp og úr stólnum.**
**Afar hentugt fyrir eldra fólk og þá sem eiga erfitt með hreyfingar**

**Verð m/ákl. kr. 75.000.-**



Hornsófi með innbyggðu rúmi **Verð kr. 298.000.-**

**NYJAR SENDINGAR**
**HAGSTÆÐ HÚSGAGNAKAUP!**

**www.valhusgogn.is**

Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu
með nýja 360° sýningarkerfinu okkar
Þetta verður þú að prófa!

**Val húsgögn**

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
**Sími 581-2275 ■ 568-5375**
**Opið** Virka daga kl.10-18 / **Laugard. kl.11-16**

# Tálgar misjafnlega útfært spýtnarusl

**Heiðursmaðurinn Ragnar Hermannsson á Húsavík á sér marga minni menn og konur, sem þó er allt heiðursfólk líka.**

„Ég byrjaði að tálga þessa trékalla eftir að ég varð sjötugur. Það kom þannig til að ég varð svona smátt og smátt að verða gamall og ef ég ætti eftir að fara



**Listamaðurinn Ragnar Hermannsson á Húsavík með falleg hjón sem hann skapaði úr því sem hann kallar spýtnarusl.**
FRÉTTABLAÐIÐ/MAGNHILDUR SIGURÐARDÓTTIR

inn á eitthvert hæli þá yrði ég ekki minna en vitlaus af því að gera ekki neitt,“ segir Ragnar þar sem hann er á göngu í húsvísku landslagi og hressandi haustgolu.

„Í sumar hef ég ekkert tálgað. Ég nenni ekki að vera inni. Mér heyrist að það sé aðalatriðið þegar menn eru gamlir að hafa það gott og gera ekki neitt, þótt það gangi ekki inn í kollinn á mér. Ég vil hafa það gott og hafa eitthvað fyrir stafni,“ segir Ragnar sem sýnt hefur útskurð sinn á Safnasafninu á Svalbarðsströnd, þar sem enn má sjá hluta verka hans.

„Ég hafði aldrei lært neitt í tréskurði en fór á námskeið í Reykjavík hjá Hannesi Flosasyni, þeim heiðursmanni. Þá skar ég í dálítinn tíma svokallaðan flatan skurð, eða myndir á veggi. Svo fékk ég nú leið á því og fór í þetta því ég vildi tálga eftir eigin höfði,“ segir Ragnar og hefur ekki tölu á þeim körlum og kerlingum sem þeir hnífurinn hafa skapað.

„Þetta er erfitt verk að því leyti að ég kann ekki að teikna eða gera nokkurn skapaðan hlut. Ég tek bara spýtu, tálga hana og annaðhvort hirði hana eða hendi henni. Ég hef alltaf sagt að verkin séu annarra að dæma því fyrir mér er þetta bara misjafnlega útfært spýtnarusl,“ segir Ragnar sem orðinn er 85 ára gamall og saumar einnig út púða til dægrastyttingar.

„Ég mála alla þessa spýtukalla og hef selt einn og einn. Það virðist vera hægt að selja þetta en ég er ekki tilbúinn til þess í meira mæli,“ segir Ragnar sem er ættaður frá Flatey á Skjálfanda og var allan sinn starfsaldur til sjós.

„Það fer fjarri því að mér finnist gaman að vera gamall. Maður labbar innan um vinnandi fólk og mér bara leiðist það. Ég vildi miklu frekar fá að vera með og taka þátt, en reyni í staðinn að flýja það og vera ekki fyrir.“

thordis@frettabladid.is



**Óskabrunnur ófæddra barna.**

# Barnalán óskast

**Í hlaði Jólagarðsins í Eyjafirði stendur óskabrunnur ófæddra barna.**

Það er blátt áfram töfrandi að ganga að þessum fagra mósaíkbrunni í fagurri náttúru Eyjafjarðar, en hann á sér heillandi sögu og hefur orðið mörgum að barnaláni.

„Þetta leiddi eitt af öðru,“ segir Benedikt Ingi Grétarsson, eigandi Jólagarðsins. „Við hjónin fengum gefna stóra ösp sem lá heima í túni. Okkur datt í hug að reisa hana upp og hefja til vegs sem klifurtré, en þá kom upp sú hugrenning að ekki auðnaðist öllum að eignast börn og oft gengi brösuglega að koma þeim undir. Samt eignuðust allir börn í einhverjum, þótt þau væru ekki manns eigin af holdi og blóði. Og upp frá þessum vangaveltum fannst okkur að ekki sakaði ef allir kæmu saman á einum stað og óskuðu öðrum velfarnaðar og barnaláns; hvort sem það væru ömmur, afar, systkini, vinir eða væntanlegir foreldrar,“ segir Benedikt um tilurð óskabrunns ófæddra barna sem vígður var árið 2000.

Það var listakonan Heiðdís Pétursdóttir sem skapaði óskabrunninn sjálfan, sem er mósaíklæddur og forkunnarfagur fontur.

„Öspina ákváðum við að mála hvíta, sem er litur hreinleika og sakleysis. Á greinarnar settum við stjörnur sem tákn um ófædd börnin, og settum hjá óskabrunninum. Svo koma þeir sem koma vilja, eiga stund við óskabrunninn, gára vatnið og óska sjálfum sér eða öðrum barns og velfarnaðar, en bæði er hægt að óska þeim sem þrá barn að verða með barni, sem og þeim börnum sem komin eru undir góðrar ferðar í þennan heim,“ segir Benedikt, sem fékk séra Hannes Örn Blandon, prófast í Laugalandsprestakalli í Eyjafirði, til að blessa óskabrunn ófæddra barna.

„Daginn sem við völdum til blessunar hellirigndi í Eyjafirði, en um leið og séra Hannes renndi í hlað stytti upp og fór ekki að rigna aftur fyrr en hann hafði lokið verki sínu og gætt sér á kleinum og heitu súkkulaði í garðinum. Okkur fannst það öllum tákn um að brunnurinn nyti Guðs blessunar, en hingað hafa komið margar ömmur og afar til að þakka fyrir þegar óskirnar hafa ræst,“ segir Benedikt, en bæði Íslendingar og útlendingar leggja leið sína að þessum einstaka brunni sem færir barnalán yfir þá sem bera fram óskir sínar.

„Hugmyndin var sú að bera fram hljóða ósk og gára yfirborð vatnsins sem geymir óskina í gæfubrunni framtíðar. Brunninn tileinkaði ég systur minni sem gat ekki eignast börn, en fór að eignast þau eftir óskir við brunninn, en það átti einnig við um Heiðdísi, listakonu og skapara brunnsins. Börn sem heimsækja Jólagarðinn eiga svo til að misskilja tilgang brunnsins því hann kallast óskabrunnur, en það er allt í lagi því börn hugsa svo fallega,“ segir Benedikt brosmildur.

thordis@frettabladid.is

## Óskabrunnur ófæddra barna

*Brunnur þessi mun geyma
óskir
tileinkaðar ófæddum börnum.
Lítið barn er ekki sjálfgefinn
hluti í lífi hverrar manneskju.
Stundum þurfum við að bíða
lengi
og ef til vill eru börnin í okkar
lífi
ekki okkar eigin börn,
heldur litlar hendur sem
læðast í lófa okkar
og verða þannig gleði lífsins.*

*Á meðan við bíðum eigum við
ótal góðar óskir.
Innan stundar mun lítið barn
fæðast í þennan heim
og því munu fylgja hlýjar
hugsanir okkar allra.*




# Betra kaffi – betra líf

**Panama var valið besta kaffiræktarlandið í heiminum 2007. Sjá: www.scaa.org og www.ra.org**




Apakaffið sem er forsæluræktað í 1900 m hæð yfir sjávarmáli var valið næst besta náttúruræktaða (ecolocial) kaffið í heiminum 2007 og sjöunda besta kaffi heims í heildarkeppninni. Fæst í „gourmet“ búðum um allan heim, og nú líka á Íslandi.




Froskakaffið er verðlaunakaffi sem ræktað er í forsælu í 1600 m hæð yfir sjávarmáli. Það er 100% Typica-baunir sem er afbrigði af Arabica-baununum. Froskakaffið er ein af fáum kaffitegundum á Íslandi í þeim gæðaflokki.




Hartmann kaffibóndi hefur verið einn helsti ráðgjafi Starbucks og Sameinuðu þjóðanna í áætlun sem miðar að bættum hag fátækra kaffiríkja. Fæst hjá Starbucks og nú á Íslandi.




Palo Alto er gæðablanda frá fjórum fremstu kaffibændum Panama og er eitt mest selda kaffið í Mið-Ameríku. Fæst einnig á Ítalíu og í Japan ef þú skyldir eiga leið þar um.

Panamakaffið fæst í þessum góðu búðum:

Ps. Kaupum allt kaffið milliliðalaust frá bóndanum.

Fiskisaga · Gallerí Kjöt · Samkaup úrval · Seljabraut · 10-11 ...alltaf opið! www.10-11.is · SKERJAVER Litla búðin með stóra hjartað

NÓATÚN · HAGKAUP · Melabúðin · FK Fjarðarkaup · SPAR

**Fæst einnig hjá þessum góðu kaupmönnum:** Krambúðinni, Kjötborg, Aðalkaup Vogum, Bakaranum á Ísafirði, Samkaup úrvali og KS Sauðárkróki.

Umboðsaðili:
Latino Market ehf.
sími 566-7979

# Menningarminjum bjargað á Húsavík

**Á Húsavík blasa við nokkur aldargömul hús sem á sínum tíma var bjargað frá niðurrifi og hafa nú verið gerð upp af hvalaskoðunarfyrirtækinu Norðursiglingu.**

„Þetta er náttúrlega ein sorgarsaga hvernig farið var með gamalt húsnæði hér á Íslandi,“ rifjar Hörður Sigurbjarnarson upp, framkvæmdastjóri hvalaskoðunarfyrirtækisins Norðursiglingar. „Á Húsavík líkt og víða á Íslandi rifu menn gömul hús á báðar hendur. Drógu tennurnar úr miðbæjum svo þeir litu út eins og tannlausar kerlingar. Það er ekki lengra síðan en 1980 að ekki þótti fínt að eiga gömul hús á Íslandi.“



Norðursigling hefur staðið í ströngu við að gera upp gamalt húsnæði á Húsavík. Hörður segir það kostnaðarsamt en á móti komi að hlutirnir endist þá betur. MYND/HILDUR HARÐARDÓTTIR



Hérna sést Bjarnabúð að utan sem hefur gegnt margvíslegu hlutverki í gegnum tíðina.



Norðursigling bjargaði húsinu Skuld frá niðurrifi og fann því nýtt hlutverk. Nú er þar rekið vinsælt kaffihús.

Hörður segir að eftir það hafi til allrar hamingju átt sér stað töluverð viðhorfsbreyting með þeim afleiðingum að tekið var að vernda gömul hús og gera upp. „Fyrir tæpum áratug, sagði Húsavíkurbær hingað og ekki lengra. Þá var ákveðið að bjarga gömlu húsunum og tók bærinn þátt í að flytja þau.“

Norðursigling, fyrirtæki Harðar, keypti þá Bjarnabúð, sem Bjarni Benediktsson, kaupmaður á Húsavík, byggði fyrir einni öld, þar sem álitið var að þarna væru menningarminjar í hættu. Þá höfðu verulegar endurbætur verið gerðar á húsinu af Jóni Ármanni Árnasyni.

„Við lukum starfi Jóns,“ segir Hörður. „Núna eru í húsinu þrjár íbúðir, tvær stúdíóíbúðir og ein stærri, teknar í notkun árið 2006. Sonur minn og sambýliskona hans keyptu þær, búa í einni og eru með hinar í útleigu.“

Innvolsi hússins hefur þar af leiðandi verið breytt töluvert frá því sem áður var enda hýsti það upphaflega verslun eins og heitið gefur til kynna.

Bjarnabúð var þó ekki eina húsnæðið sem Hörður bjargaði þar sem Norðursigling fékk leyfi hjá bænum til að taka húsið Skuld sem til stóð að rífa í byrjun 2006. Eigendur Norðursiglingar sáu möguleikana sem í því leyndust og eftir nokkrar endurbætur var þar opnað kaffihúsið Skuld, sem nýtur töluverðra vinsælda.

Þá er óupptalið húsið Hallandi, sem Norðusigling keypti árið 1997. Það var byggt árið 1907 og þykir vera með glæsilegri húsum á Húsavík eftir gagngerar endurbætur.

Hörður segir að í dag njóti Húsvíkingar og gestir góðs af þessari fyrirhyggju þar sem húsin, ásamt Húsavíkurkirkju, myndi hlið inn í bæinn og skipti máli fyrir bæjarmyndina.

roald@frettabladid.is





www.hotelselfoss.is



HotelSelfoss





Ráðstefnur - Fundir - Árshátíðir - Jólahlaðborð

Nánari upplýsingar og pantanir í síma 480 2500 og info@hotelselfoss.is



**Viðhaldsfríar**

# ÞAKRENNUR

*Þegar hús eru klædd með „viðhaldsfrírri" klæðningu er nauðsynlegt að nota „viðhaldsfríar" þakrennur.*

*Rennurnar frá Grövik Verk í Noregi eru gerðar úr 0,9 mm áli og tærast ekki, ryðga, né brotna.*

*Fyrsta rennan var framleidd árið 1956 og er enn í notkun.*

*Litir til á lager: Svartar, hvítar, rauðbrúnar og ólitaðar.*

**Hágæða**

**Varmaskiptasamstæður**
**loftræstistokkar og tengistykki**



HAGBLIKK ehf.

*Smiðjuvegi 4C*
*Box 281 202 Kópavogur*
*Sími 587 2202 Fax 587 2203*
*hagblikk@hagblikk.is www.hagblikk.is*

*Augl. Þórhildar 1460.24*

# HOTEL HVOLSVÖLLUR



**...er staðsett í hjarta Njáluslóða þar sem sagan svífur yfir vötnum**
**aðeins um 100 km. frá Reykjavík**

• Nýr Veitingastaður fyrir 180 mans • Fundaraðstaða fyrir 80 mans • 2 heitir pottar
• Hestaferðir • Hótel – Golf • Söguferðir



## Haustdagsskrá 2007

**September**

- **29.09.** Hausthátíð í Rangárþingi Eystra
  *dagskrá á www.hvolsvollur.is*

**Október**

- **12. – 13/10.** Kreole matur - Amerísk vín
- **19. – 20/10.** Spánar helgi Spönsk vín
- **26 – 27/10.** Frönsk helgi

**Nóvember**

- **2 – 3.11.** Villibráðarhlaðborð

## Matar miklar helgar

### Nóvember- desember

Frá 9.11.2007 til 22.12.2007 Bjóðum við uppá skemmtilegar og matar miklar helgar með Villibráða hlaðborði föstudaga og Jólahlaðborði laugardaga.
**Einnig er dinner músik og dans báða dagana.**

**Gistu tvær nætur á verði einnar!**
Gestir sem velja að gista föstudag og laugardag frá 09.11.2007-22.12.2007 greiða aðeins gistingu fyrir eina nótt.
**Önnur nóttin frí.**

**Einnig bjóðum við uppá barnapössun, þar sem ungar vanar stúlkur sjá um að passa börnin meðan foreldranir njóta matarins.**

Verið velkominn
... við tökum vel á móti þér!



hótel hvolsvöllur
restaurant • bar • café

Hlíðarvegur 7 | 860 Hvolsvöllur | s: +354 487 8050 | fax: +354 487 8058 | hotelhvolsvollur@simnet.is

**Partasalan Sími 557 7740**
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

**Japanskar Vélar/Bílstart, Bílapartasala**
Erum að rífa flestar gerðir japanskra og kóreskra bíla, Fiat, Opel, VW ofl, sérstök áhersla á Nissan og MNC. Opið 08-18. S. 893 2284 & 565 3400.

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

## KEYPT & SELT

### Til sölu















Hornskápur úr massívri eik frá 1930 Verð: 65.000 Einnig skenkar og skatthol í boði Uppl. 821 7537.

**Silunganet Silunganet**
Heimavík EHF sími 892 8655.

### Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

### Hljóðfæri

Til sölu er Hammond orgel, lesley getur fylgt. S:849 9305

Mikið úrval af nýjum og notuðum harmonikkum á frábæru verði! www.4you.is Kársnessbraut 114.

Til sölu trommusett fyrir byrjendur tegund Olympic premier, í góðu standi. Verð 55 þús. Uppl. í s. 566 6757 & 696 5531.

### Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.


















## Ökukennsla

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2006. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu Ektorp sófi og Docent hillusamst.f.sjónvarp,frá IKEA Uppl.í.s.868-3394

## Heimilistæki




**Ryksugukerfi - Tilboð 99.800 kr !**
Settu sjálfur upp kerfið í allt að 350fm (eldra) húsnæði á einni helgi. Auðveld uppsetning. 100% rykhreinsun með 9 m sogbarka. Pokalaus vél. Útblástur beint út. www.rafheimilid.is Uppl i s 567 8909 & 863 8909.




**Gufustraubord fyrir kröfuharða ! 60% styttri strautími.**
Blástur, kælisog og hiti í borði. 2. lítra vatnstankur. 3,8 bar gufuþrýstingur. Professional straubolti. Tilboð 68.400 kr. Sendum um land allt. Símar 567 8909 eða 863 8909. www.rafheimilid.is

AEG hvítt, sem nýtt. Kælir/frystir 185cm 65 þ. Uppþvvél 60 cm 55 þ. s. 822 7128.

## Dýrahald



Amerískir Cocker Spaniel hvolpar til sölu. Tegundin hentar mjög vel sem heimilshundar, Kátir og miklar félagsverur.Nánari uppl gefur Karen í s.661 9876 og á www.draumora.com



Krúsi hefur ekki komið heim á Óðinsgötu í Reykjavík síðan 25/7. Leit í hverfinu hans hefur ekki borið árangur ekki heldur auglýsing hjá Kattholti eða dýralæknum. Hann er svartur með nokkur hvít hár á maga og bringu, með glansandi feld. Hann er geltur, örmerktur og eyrnamerktur 31 og var með rauð-hvíta ól með rauðu merkispjaldi með heimilisfangi og símanúmeri. Ef þú hefur upplýsingar um afdrif hans vinsamlegast hringdu í 8244864. Kristín

Yndislegir Papilon hvolpar til sölu. Ættbók frá HRFÍ. Upp. í s. 692 7949.

Enskur Cocker Spanial hvolpur til sölu. Ættb. HRFÍ. Frábær fjölskylduhundur, fæst á sanngjörnu verði á gott framtíðarheimili. S. 663 5521

## Ýmislegt



Til sölu 6 manna nuddpottar á frábæru verði. Uppl. í síma 693 5454.

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

# KENNSLA

**Forvarnaáætlanir – Verkefnisstjórnun**

*Nám í forvarnarskólanum að hefjast*

Eftirfarandi er m.a. tekið fyrir í Forvarnarskólanum:

- Ýmis samfélagsleg og pólitíks álitamál sem varða forvarnir.
- Kenningar um lýðheilsu og skilgreiningar á forvörnum.
- Lög og reglur sem afmarka forvarnir.
- Grundvallaratriði varðandi rannsóknir í áfengis- og vímuefnamálum og forvörnum.
- Mat á árangri forvarna.
- Kenningar og rannsóknir á áhættuhegðun ungmenna.
- Líffræðileg verkun og lyfjaáhrif, áhrif vímuefnaneyslu á heilsu fólks og hegðun.
- Íhlutunar- og meðferðarúrræði á Íslandi, einkum fyrir ungt fólk.
- **Lögð er áhersla á að nemendur geti að loknu náminu sett upp og verkstýrt forvarnaáætlunum.**

**Sjá nánar á www.forvarnir.is**

Upplýsingar og umsóknareyðublöð fást hjá:
Ráðgjafarskóli Íslands, Pósthólf 943, 121 Reykjavík
E-mail: stefanjo@xnet.is Sími: 553 8800 – Fax: 553 8802

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting



**Sumarhús í Varmahlíð í Skagafirði**
Til leigu 50-60fm bústaðir með heitum potti við skóginn fyrir ofan Varmahlíð. Helgar & vikuleiga. Hestaleiga, rafting omfl. Uppl. í s. 862 2129.

Til leigu á Spáni allan ársins hring -Barcelona, Costa Brava, Menorca, Valladolid. Uppl. í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws & www.spainapartments.ws

**Orlofsíbúð á Akureyri**
13.500,- kr. nóttin. Uppl. í s. 897 5300, netfang leo79@internet.is Leó.

## Fyrir veiðimenn

**Góðir maðkar**
Til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5133.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Leigusalar auglýsa frítt.**
Skráðu eignina þína á leiga.is eða hringdu í síma 534-1020.
**Leigjendur leita frítt.**
**Leiga.is býður**
✓ leit að leigjanda
✓ leigu- og tryggingaráðgjöf
✓ gerð leigusamninga fyrir íbúðar og atvinnuhúsnæði.
**Leiga.is**
Löggild leigumiðlun

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

3 herb. íbúð (1 herb. + 2 saml. stofur) til leigu í 101. Hurð úr stofu út í garð. AEG uppþvottavél og ísskápur. Laus strax. Leiga 135þ + rafm&hiti. 3 mán. fyrirfram. Uppl. í s. 0044-7894835216 eða j.kristjansson@gmail.com

Til leigu 120fm, 5-6 herb. hæð með sér inngangi v/Rauðalæk (105). V. 160 þ. á mán. + 3 þ. mán trygging. Aðeins reglusamir og skilvísir leigendur koma til greina. Uppl. í s. 898 1188.

Herb. til leigu á svæði 108. Aðeins reglusamur einstakl. kemur til greina. Uppl. í s. 865 9637

Til leigu 2 herb. íbúð ca.50fm í 105 R. Leiga 95.000 m.rafm. og hita. Uppl í síma: 6615931/5884359

Til leigu glæsileg 3 herb. 84 fm. íbúð á Fjólugötu 101, Rvk. Árs leigusamningur + 3. mán. trygging. Laus strax. Leiga 160.000 kr. p/m. Stefán s. 662 2593.

18fm herb. á sv. 105. Sérinng. frá stigagangi, dyrasími. WC, sturtuklefi, eldunaraðstaða, örbylgjuofn. Símtenging. Laust strax. S. 899 9948.

100 fm 4 herb. íbúð til leigu á bíldshöfða. Einnig 100 fm iðnaðarhúsnæði. S. 892 2722 & 852 2722.

101fm 3ja herbergja íbúð í hverfi 108 til leigu. Sérinngangur, þvottaaðstaða í íbúð. Laus strax. 130 þús. á mánuði + 5þús. hiti og rafmagn. leiga108@visir.is s:8453000

2 herb. íbúð á völlunum í Hfj. til leigu, leigist með öllum tækjum, gardínum og ljósum. Leiga 94.500 + 5390 hússjóður, á mán. Laus strax. S. 895 1696.

Björt og þægileg 3. Herb. 92 fm íbúð með húsgögnum til leigu. Okt.'07-Júní '08. Á góðum stað í Gravarvogi. Reglusemi og góð umgeingni áskilin. Uppl. í s. 567 9330.

## Húsnæði óskast

Ungt par óskar eftir 2-3 herb. Íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Greiðslugeta 75 þús. Reyklaus og reglusöm. Uppl. í s. 698 4474 & 690 6962.

Mæðgur utan af landi óska eftir 3 herb. íbúð til leigu í Rvk. Uppl. í s. 899 4642.

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

**Pantið tímanlega fyrir húsvagninn**
Nýstandsett og upphitað hús á Eyrarbakka Stór hjólh. + húsb. 11.875 p. mán. Lítil hjólh. + húsb. 9.375 p. mán. Fellih. 6.875 p. mán. í 8 mánuði S. 564 6500.

Geymsluhúsnæði fyrir fellihýsi, tjaldvagna og hjólhýsi til leigu. Klukkutíma akstur frá Rvk, upphitað rými. Uppl. í s. 894 4489.

## Gisting

Haustdagar í Biskupstungum. Notaleg sumarhús í fallegu umhverfi, laust um helgina. Uppl. í s. 698 9874 eða eyjasol@internet.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Frístundaheimili**
**Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum.**
**Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411 5000.**

**Ruby Tuesday Skipholti**
Leitum eftir að ráða góða starfskrafta við afgreiðslu í sal og eldhús Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Umsækjendur þurfa að hafa góða samskiptahæfileika og þjónustulund. Umsóknareyðublöð liggja frammi í Skipholti 19 eða senda umsóknir á haukur@ruby.is

**Veitingahús**
**Íslenskumælandi starfsfólk óskast. Æskilegur aldur 30+. Upplýsingar í síma 897 4433 & 894 0292.**

**Atvinna Atvinna**
**Rúmfatalagerinn óskar eftir aðstoðarmanneskju á þjónustuborðið í Smáratorgi. Viðkomandi þarf að hafa góða þjónustulund og vera dugleg(ur) og samviksusöm/samur. Þeir sem hafa áhuga er vinsamlega beðnir um að hafa samband við Eyþór í síma 820 8004 eða 510 7000.**

**Hlöllabátar Ingólfstorgi**
**Óska eftir starfsfólki í dagvinnu, á kvöldin og um helgar (næturnar). Ekki yngri en 18 ára.**
**Uppl. í s. 511 3500 & 861 0500, einnig á staðnum.**

**Ísbúðin Áfheimum**
**Óskar eftir að ráða starfsfólk í kvöldvinnu virka daga**
**Einungis traust og heiðarlegt starfsfólk kemur til greina. Uppl. í s. 699 5978, Guðrún eða senda umsókn cyrus@simnet.is**

**„Viltu slást í hópinn með JÓA FEL ??"**
**Höfum í boði afgreiðslustörf í bakaríinu okkar á Kleppsvegi. Einnig í boði helgarvaktir sem henta vel fyrir skólafólk. Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum Kleppsvegi. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152**



Spennandi tækifæri! Enginn áhætta, enginn útlagður kostnaður! ClaMal vantar duglega sölufulltrúa til að kynna falleg og vönduð dönsk kvenföt á heimakynningum. Miklir tekjumöguleikar - góður sölutími framundan. Allar nánari upplýsingar gefur Jóna í síma 565 3900 milli 10-14 eða inni á www.clamal.is jona@clamal.is

**Sölu/Þjónustufulltrúi.**
**Spennandi starf og góðar tekjur við markaðssetningu nýrra bíla. Símasala/fyrirtækjakynningar. Also wanted US/English native for Buying Dept. Nánari Uppl./More info www.islandus.com/atvinna**

**Kornið Bakarí**
Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu í Hjallabrekku frá kl. 7-13. Uppl. í s. 864 1593, Ella.

**Kornið Bakarí**
Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu á Tjarnarvöllum frá kl. 12-18.30. Uppl. í s. 864 1593, Ella.

**Kornið Bakarí**
Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu í Borgartúni frá kl. 12-18.30. Uppl. í s. 864 1593, Ella.

**Kornið Bakarí**
Óskar eftir hressu og skemmtilegu fólki í helgarvinnu á eftirfarandi stöðum: Spönginni, Lækjargötu, Tjarnarvöllum, Hjallabrekku og N1 Bíldshöfða. Uppl. í s. 864 1593, Ella.

**Vor veitingahús Laugavegi 24**
**Óskar eftir vaktstjóra í fullt starf. Einnig leitum við eftir fólki í fullt starf, kvöld og helgarvinnu. Stundvísi og dugnaðar er krafist.**
**Upplýsingar í síma 823 6266 eða í síma 562 2322.**

**Vaktstjórar - Shell**
**Skeljungur hf. óskar eftir að ráða vaktstjóra til starfa á Shell Laugavegi, Shell Birkimel og Select Vesturlandsvegi. Um er að ræða almenna þjónustu og afgreiðslu ásamt yfirumsjón með vaktinni auk uppgjörs. Nánari upplýsingar veitir Pálína í síma 444 3000 eða stöðvarstjóri á staðnum. Umsóknareyðublöð má nálgast á www.skeljungur.is.**

# TILKYNNINGAR

**Tilboð óskast í uppslátt.**

*Óskað er eftir tilboðum í uppslátt 2ja húsa á Vatnsenda, Kópavogi. Hvort hús verður 290 fm, og munu standa hlið við hlið.*

***Áhugasamir tilboðsgjafar sendi beiðni um frekari gögn á netfangið:***

**globalice@globalice.is**

**Vélstjóri óskast!**

**Vélstjóra vantar á dragnótarbát sem rær frá Reykjavík.**

**Uppl. gefur Guðbjartur í s. 892 2556.**



### Kvöldvaktir - Shell Gylfaflöt

**Skeljungur hf. óskar eftir að ráða vaktstjóra til starfa á Shell Gylfaflöt. Um er að ræða kvöldvaktir frá 19:30 - 23:30 en unnið er 5 daga eina vikuna og 2 hina. Í starfinu felst almenn afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini.**

**Nánari upplýsingar veitir Pálína í síma 444 3000.**

**Umsóknareyðublöð má nálgast á www.skeljungur.is.**

### Biogrill - Starengi 2

**Óskar erfir starfsfólki í dagvinnu á kvöldin og um helgar. Ekki yngri en 17 ára.**

**Uppl. í s. 893 5119, Ólafur.**




### Ítalía - Veitingahús

**Veitingahúsið Ítalía leitar eftir starfsfólki í sal á kvöldin og um helgar. Einnig leitum við að starfsmanni í fullt starf í sal, (11.00-23.00) frá og með 1. október. Um er að ræða framtíðarstarf, ekki yngri en 18 ára. Óskum líka eftir að ráða starfsmann í uppvask og aðstoðarmann í eldhús á kvöldin og um helgar.Nánari upplýsingar eru einungis veittar á staðnum milli kl. 12 og 17 næstu daga.**

**Veitingahúsið Ítalía Laugavegi 11**

### Pizza Höllin Dalbraut

**Óskar eftir starfsmanni í fullt starf eldri en 18 ára. Einnig vantar í hlutastarf í afgreiðslu, útkeyrslu og bakstur. Getur hentað vel fyrir skólafólk. Hægt er að semja um góðan vinnutíma og aldrei er unnið lengur en 23:00. Lágmarks aldur 15 ára.**

**Umsóknareyðublöð liggja fyrir á staðnum. Frekari uppl. s. 659 0692.**

### Skalli Hraunbæ Aukavinna+dagvinna

Vantar hresst og duglegt fólk í kvöld og helgarvinnu í vetur. Einnig vantar starfsmann í dagvinnu frá 9-14 virkadaga góð laun. Lágmarksaldur 17.ára. Uppl. í s. 567 2880 milli 14-17 alla virka daga

### Ritfanga- og leikfangaverslun

Óskar eftir starfsfólki í fullt starf og hlutastarf. Umsóknir sendist á hugsel@gmail.com merktar „bók".

### Vantar strax!!

Óskum eftir duglegu fólki í garðvinnu á aldrinum 17-27 ára með bílpróf. Stundvísi og áreiðanleiki skilyrði. Umsóknir í s. 860 2971.

Starfsmann með bílpróf vantar Sótthreinsun og þrif óskar eftir hraustum starfsmanni 17 ára eða eldri í vinnu við háþrýstiþvott og sótthreinsun. Þarf að hefja störf sem fyrst. Umsóknir og umsögn um reynslu berist til. sotthreinsun@sotthreinsun.is - www.sotthreinsun.is

Óskum eftir að ráða vanan lyftaramann hjá fiskvinnslufyrirtæki í Reykjavík. Uppl. gefnar í síma 891 9577.

### Bakari

Óskum eftir að ráða til starfa í bakarí í Breiðholti. Uppl. í s. 893 7370 & 820 7370.

### Bakarí

Óskum eftir starfskrafta til afgreiðslustarfa í bakarí í Breiðholti og Kópavogi. Vinnutími 1/2 dagur og önnur hver helgi. Helst Reyklausir. Uppl. í s. 820 7370.

Starfskraftur óskast í mötuneyti. Góð laun í boði. Uppl. í s. 691 5976.

Smiðir gera tilboð í stærri og smærri verk (íslenskir) S. 699 7871 Ragnar.

-Hlaðbær Colas hf.- Vantar mann á malbikssög og flokkstjóra í uppúrtekt við malbiksviðgerðir Mikil vinna í boði. Hafið samb. við Verkstjóra. - S. 660 1921.

Vantar Fólk með bílpróf fyrir vinnu i bónstöð. Strax. S. 696 0738

Vantar mann í bílaþrif og bón. Aðeins stundvísir og áreiðanlegir koma til greina. Bónhöllin S. 517 5399

Restaurant in Reykjavík that's speciality is in fish courses, is looking for a polish couple, to work in the restaurant. Preferable non-smoking, healthy, neat, disciplined, punctual, honest, agreeable and englishspeaking, with valid driving licence and kitchen work experience. The restaurant offers good wages, lot of work, apartment, and free food. tel: .+354 696 5900 sjavarbarinn.com

### American style Hafnarfirði

Vantar þig góða vinnu í föstu vaktavinnukerfi? Erum með störf í kvöld- og helgarvinnu og einnig í 100% vaktavinnu. Skemmtilegt vinnuumhverfi, samkeppnishæf laun og frábært folk. Komdu í fjörðinn og sæktu um á americanstyle.is

### Gröfumenn

Óskum eftir gröfumanni á 140 tonna gröfu, með GPS tæki. Uppl í s. 843 5640.

Veitingahúsið Kína Húsið Lækjargötu 8 óskar eftir starfsfóllki í sal. Einnig í uppvask Helgarstörf. Upplýsingar á staðnum eða í s. 551 1014.

### Holtabakarí Grafarholti

Auglýsir eftir hressu og stundvísu starfsfólki til afgreiðslustarfa virka daga og um helgar. Uppl. í s. 557 2414 milli 09-14, Valborg, & 863 5950 Ingibergur.

### Ræstingar

Vantar 3 manneskjur í 100% störf á daginn. Ráðið verður strax. Uppl. gefur Stefán í s. 824 1450 milli kl. 13-17.

Starfskraftur óskast til útkeyrslustarfa, mikil vinna framundan meirapróf æskilegt. Uppl. í s. 695 1612 (Baldvin).

Háskólinn í Reykjavík óskar eftir því að ráða duglegan og skemmtilegan starfskraft í ræstingar. Vinnustaður er í Ofanleiti og um er að ræða dagvinnu. Upplýsingar veitir Herdís í síma 820 6219. Hlökkum til að heyra frá þér!

## Atvinna óskast




53 ára karlm. óskar eftir 50% vinnu e. kl. 14, flest kemur til greina. Uppl. í s. 867 1400.

29 ára kk. óskar eftir atvinnu. helst á Suðurnesjum eða í borginni. Er með meirapróf og lyftararéttindi. vill helst eitthvað tengt því. Uppl. í s. 694 2609.

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar



Sigurður Skagfjörð Bjarnason er sextugur í dag 6.9.2007. Hann verður að heiman á afmælisdaginn.

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

**Yfir 150.000 gestir daglega.**

**Stórmarkaður í stofnunni heima.**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

## TILKYNNINGAR

Sveitarfélagið ÁRBORG

# Auglýsing

## um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

**Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr.73/1997 með síðari breytingum, auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagi í sveitarfélaginu .**

Svæðið afmarkast af lóðarmörkum nýrrar fjölbýlishúsalóðar mót vestri, opnu svæði meðfram Löngudæl mót norðri, núverandi íbúðarbyggð mót austri og þjóðvegi/ Eyrarbraut mót suðri. Deiliskipulag þetta fjallar um fjölbýlishúsalóð fyrir eldri borgara í framhaldi af núverandi byggð til vesturs ásamt tveim einbýlishúsalóðum sem gert er ráð fyrir norðan Kaðlastaða.

Teikning og greinargerð vegna tillögunnar munu liggja frammi á skrifstofu framkvæmda - og veitusviðs Árborgar að Austurvegi 67 á Selfossi frá og með 06. september til og með 04. október 2007.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við skipulagstillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 18. október 2007 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu framkvæmda- og veitusviðs Austurvegi 67, 800 Selfossi.

Á sama tíma er teikning og greinagerð til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða hana og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa í netfangi skipulag@arborg.is.

Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar innan ofangreinds frests, teljast samþykkja hana.

Selfossi 3. september 2007

Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Árborga.

## ATVINNA

SJÚKRAHÚSIÐ VOGUR

# Hjúkrunarfræðingar

Samtök áhugafólks um áfengis og vímuefnavandann óska eftir að ráða hjúkrunarfræðing til starfa.

Þarf að geta unnið næturvaktrir

Á Sjúkrahúsinu Vogi er starfrækt afeitrun og meðferð áfengis og vímefnasjúklinga..

Við hvetjum þá hjúkrunarfræðinga sem eru að hugsa um að breyta til í starfi þessa dagana að hafa samband við okkur og líta á aðstæður og ræða málin.

Frekar upplýsingar veitir Þóra Björnsdóttir hjúkrunarforstjóri á staðnum, sima 824 7615 netfang thora@saa.is




Vegna mikillar eftirspurnar á áskriftum að Stöð2, Sýn og Sýn2 óskum við eftir að ráða inn kurteist og þjónustulundað starfsfólk við móttöku sölu/þjónustusímtala.

Kvöld og helgarvinna í boði fyrir rétta fólkið.

Tekið er á móti umsóknum með upplýsingum um nafn, síma og fyrri störf í netfangið starfsumsokn@365.is

# ÞETTA BORGAR SIG!

Fjölvarp SÝN SÝN2

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtækið sem starfar á íslenskum markaði.

GIGTARFÉLAG ÍSLANDS

## Almennt skrifstofustarf

Gigtarfélag Íslands óskar eftir starfskrafti á skrifstofu eftir hádegi, við símsvörun, móttöku sjúklinga og almenn skrifstofustörf. Starfshlutfall 30 - 40%. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Lögð er áhersla á þjónustulipurð, samviskusemi og jákvætt hugarfar. Umsóknir með upplýsingum um menntun, reynslu og fyrri störf sendist til Gigtarfélags Íslands, Ármúla 5, 108 Reykjavík fyrir 17. september.

Allar frekari upplýsingar um starfið gefur skrifstofa Gigtarfélags Íslands í síma 530 3600

**Gigtarfélag Íslands**

Reykjavíkurborg
Menntasvið
RIMASKÓLI

## Rimaskóli

**Lausar stöður skólaárið 2007 - 2008**

- Umsjónarkennari í 6. bekk frá 15. september vegna fæðingarorlofs
- Kennari í 10. bekk, 50% staða fyrir hádegi
- Skólaliðar, aðstoð við nemendur á skólatíma og ræsting

*Einkunnarorð Rimaskóla eru Regla - Metnaður - Sköpun*

Góð starfsaðstaða og mikið samstarf kennara í árgöngum og fögum.
Umsóknarfrestur er til 20. september. Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við stéttarfélög.
Nánari upplýsingar veita:
Helgi Árnason skólastjóri í síma 664 8320 og
Marta Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri í síma 4117720

Rimaskóli, Rósarima 11, s. 4117720

FERSKAR KJÖTVÖRUR

## Starfsmaður óskast

Ferskar Kjötvörur Og Furðufiskar óska eftir starfsmanni til að hafa umsjón með kjötborði okkar í Hagkaup

Um er að ræða fullt starf.

Nánari upplýsingar veitir Ómar í s: 6606300 eða Rúnar s:6994000

Kokkarnir VEISLUÞJÓNUSTA

FERSKAR KJÖTVÖRUR

## Vilt þú vinna þar sem Íslendingum finnst skemmtilegast að versla?

Óskum eftir starfsmönnum í kjöt og fiskborð Hagkaupa sveigjanlegur vinnutími í boði fyrir fólk á öllum aldri endilega hafið samband.

Nánari upplýsingar veitir Ómar í s: 6606300 eða Rúnar s:6994000

Kokkarnir VEISLUÞJÓNUSTA



# Sense leitar að liðsauka!

Sense er nýr byltingarkenndur vettvangur fyrir stafrænan lífsstíl og stafræna miðlun. Hjá Sense starfar fjöldi sérfræðinga með áralanga reynslu í sölu og þjónustu á hljóð-, mynd- og stjórnkerfum fyrir fyrirtæki og heimili.

Vegna aukinna umsvifa óskum við eftir að ráða til okkar öfluga starfsmenn í bæði tæknihóp og söluráðgjöf fyrirtækjaþjónustu.

## SÖLURÁÐGJAFI FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTU

STARFIÐ
- Sala og ráðgjöf á hljóð-, mynd- og stjórnbúnaði fyrir fyrirtæki með áherslu á skjálausnir
- Samningagerð við viðskiptavini og eftirfylgni
- Samskipti við erlenda samstarfsaðila

MENNTUN OG HÆFNISKRÖFUR
- Stúdentspróf
- Háskólamenntun í viðskipta- eða tölvunarfræði er kostur
- Góð almenn tölvukunnátta og þekking á netbúnaði er mikill kostur
- Reynsla af grafískri vinnu eða myndvinnslu er kostur
- Frumkvæði, fáguð framkoma, sjálfstæði og áreiðanleiki í vinnubrögðum

## TÆKNIMAÐUR

STARFIÐ
- Uppsetning á hljóð-, mynd- og stjórnbúnaði
- Viðgerðir á búnaði
- Samskipti við viðskiptavini og eftirfylgni

MENNTUN OG HÆFNISKRÖFUR
- Rafeindavirki með þekkingu á hljóð- og myndbúnaði
- Góð framkoma, vandvirkni og þjónustulund
- Þekking á netbúnaði er mikill kostur

Áhugasamir sæki um á heimasíðu Nýherja, www.nyherji.is fyrir 17. september nk.
Nánari upplýsingar veitir Erna Agnarsdóttir í Starfsmannaþjónustu Nýherja, erna@nyherji.is

Hjá Nýherja samsteypunni starfa um 450 starfsmenn og er sérþekking þeirra, metnaður og þjónustulund forsendur þess að geta skapað viðskiptavinum okkar sérsniðnar og verðmætar lausnir. Með fjárfestingu í þekkingu starfsmanna og starfsumhverfi sem einkennist af metnaði, fagmennsku, samvinnu og sveigjanleika kappkostum við að skapa frjótt umhverfi fyrir starfsfólk okkar og um leið skapast það forskot sem viðskiptavinir okkar þekkja.

sense er hluti af Nýherja NÝHERJI

sense
HLÍÐASMÁRA 3 - 201 KÓPAVOGUR - SÍMI 585 3800 - www.sense.is

Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

BORGARBÓKASAFN REYKJAVÍKUR

# Áhugaverð störf í Borgarbókasafni

## Bókasafns- og upplýsingafræðingar

Verkefni eru m.a. upplýsingaþjónusta og ýmis notendafræðsla t.d. kennsla á gagnagrunna eins og www.gegnir.is og www.hvar.is. Vinna við einstök verkefni og viðburði fyrir alla aldurshópa með sérstakri áherslu þó á börn og unglinga. Kröfur til starfsins:

- Menntun í bókasafns- og upplýsingafræði.

## Starf (tímabundið til 6 mánaða) við bókmenntavef safnsins,

www.bokmenntir.is / www.literature.is

Verkefni eru m.a. að setja nýtt efni inn á vefinn og uppfæra hann. Kröfur til starfsins:

- Menntun í bókasafns- og upplýsingafræði eða bókmenntafræði.
- Mjög góð enskukunnátta.
- Kunnátta í myndvinnslu æskileg.

## Bókaverðir

Verkefni eru m.a. almenn þjónusta við notendur, afgreiðsla, frágangur og uppröðun safnkosts. Kröfur til starfsins:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun.
- Auk góðrar íslenskukunnáttu er nauðsynlegt að geta lesið og talað annað tungumál.

## Verkefnisstjóri sögubíls (hálft starf til eins árs)

Borgarbókasafn hyggst hefja rekstur sögubíls fyrir börn. Bíllinn mun fara á milli leikskóla Reykjavíkur og á fleiri staði og verður innréttaður þannig að hann henti til sögustunda. Verkefnisstjóri á að hleypa þessu verkefni af stokkunum í samstarfi við barnabókaverði safnsins og leikskóla borgarinnar, hafa umsjón með hönnun bílsins og kynna og skipuleggja starfsemi hans í framtíðinni. Kröfur til starfsins:

- Háskólamenntun.
- Bílpróf.
- Hafa ánægju af að vinna með börnum og segja þeim sögur.

## Umsjónarmaður Grófarhúss

Í starfinu felst húsvarsla og skipulag starfa annarra er sinna henni. Einnig hefur umsjónarmaður eftirlit með tækjum og búnaði á þeim tíma sem söfn hússins (Ljósmyndasafn og Borgarskjalasafn ásamt aðalsafni Borgarbókasafns) eru opin. Umsjónarmaður leiðbeinir gestum og aðstoðar starfsmenn vegna viðburða í húsinu. Kröfur til starfsins:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun.
- Góð enskukunnátta og þekking á tölvum.

## Störf við uppröðun safnkosts

Þessi störf henta t.d. framhaldsskólanemum í hlutastarfi.

Öll störfin krefjast þess að viðkomandi hafi mikla ánægju af mannlegum samskiptum, eigi auðvelt með að vinna í öflugum hópi starfsmanna safnsins og geti sýnt frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð. Starfsmenn þurfa að hafa áhuga á lestri og bókmenntum. Einnig er ætlast til að starfsmenn Borgarbókasafns séu opnir fyrir hvers konar nýjum verkefnum og verkferlum á stofnun sem stöðugt leitar nýrra leiða til að ná markmiðum sínum.

Vinnutími er breytilegur því söfnin eru opin fram á kvöld og um helgar. Til greina kemur að ráða námsmenn sem vilja vinna með námi í sum þessara starfa.

Á heimasíðu Borgarbókasafns, www.borgarbokasafn.is eru nánari upplýsingar um starfsemina og markmið safnsins.

Laun og kjör skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélaga.

Nánari upplýsingar veitir Erla Kristín Jónasdóttir safnstjóri og staðgengill borgarbókavarðar, s. 563 1730 erla.kristin.jonasdottir@reykjavik.is

Umsóknir berist Önnu Torfadóttur, borgarbókaverði, Borgarbókasafni Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík eigi síðar en mánudaginn 17. september n.k.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 411 1111, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

# Stórkaup birgðaverslun

**óskar eftir sjálfstæðu og duglegu fólki í tiltekt á pöntunum á kvöldin.**

Um er að ræða akkorðsvinnu og vinnutíminn er frá 18:00 - 22:00 á kvöldin mán. - fím. kvöld

**Frumkvæði, stundvísi og sjálfstæð vinnubrögð vel metin**

Ekki yngri en 18 ára.

Tilvalið með skóla!!

JB Byggingafélag

# Smiðir

Óskum eftir smiðum í mælingu eða tímavinnu, næg verkefni framundan.

Leggjum áheyrslu á skemmtilegt starfsumhverfi, öflugt starfsmannafélag og ferðasjóð. Sterkt og gott fyrirtæki

**Upplýsingar gefur Kári Bessason í síma 693-7004 en einnig er hægt að sækja um á www.jbb.is.**

JB Byggingafélag, Bæjarlind 4, s: 544-5333

JB Byggingafélag

# Verkamenn athugið!

Vegna aukinna verkefna óskar JB Byggingafélag eftir að ráða verkamenn til starfa í byggingavinnu. Íslensku- eða enskukunnátta æskileg.

Leggjum áheyrslu á skemmtilegt starfsumhverfi, öflugt starfsmannafélag og ferðasjóð.

**Upplýsingar gefur Kári Bessason í síma 693-7004**
Einnig er hægt að sækja um á **www.jbb.is.**

JB Byggingafélag, Bæjarlind 4, s: 544-5333



# Ævintýri í Gullborg á hverjum degi!

## Leikskólinn Gullborg óskar eftir að ráða leikskólakennara eða starfsfólk með aðra menntun. Einnig er laus staða í sérkennslu.

Gullborg er fjögurra deilda leikskóli staðsettur á Rekagranda 14. Unnið er markvisst með sjálfsmynd barna og einnig lögð áhersla á tónslist og myndlist. Leikskólinn er í samstarfi við Myndlistaskóla Reykjavíkur.

*Verið velkomin í heimsókn á Gullborg eða hafið samband við Rannveigu leikskólastjóra í síma 562-2455 eða 693-9820.*

Við leitum að fólki á öllum aldri, af báðum kynjum, með margs konar menntun og reynslu.

Lærum saman í leik

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið

www.leikskolar.is

# KÓPAVOGSBÆR

## Frá Salaskóla

**Lausar stöður í Salaskóla**

- **Umsjónarkennari á yngsta stig**
- **Hlutastarf í Dægradvöl**

*Í Salaskóla er lögð áhersla á að hver nemandi fái að njóta sín.*
*Kennt er í aldursblönduðum námshópum og leitast við að hafa námshópa hæfilega fjölmenna.*
*Boðið er upp á gott vinnuumhverfi og frábæran starfsanda*

Upplýsingar gefur Hafsteinn Karlsson, skólastjóri eða Hrefna Björk Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri í síma 570 4600

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um störfin.

**Heimasíða skólans er *http://salaskoli.is***

***www.kopavogur.is - www.job.is***

512 5100 I SYN.IS I VERSLANIR VODAFONE

GOTT FÓLK

UEFA CHAMPIONS LEAGUE

# FRÁBÆR SKEMMTUN FRAMUNDAN

## MEISTARADEILDIN

A RIÐILL
1. LIVERPOOL
2. MARSEILLE
3. BESIKTAS
4. PORTO

B RIÐILL
1. VALENCIA
2. CHELSEA
3. ROSENBORG
4. SCHALKE

C RIÐILL
1. LAZIO
2. REAL MADRID
3. WERDER BREMEN
4. OLYMPIACOS

D RIÐILL
1. CELTIC
2. AC MILAN
3. BENFICA
4. SHAKHTAR DONETSK

E RIÐILL
1. LYON
2. RANGERS
3. STUTTGART
4. BARCELONA

F RIÐILL
1. MANCHESTER UNITED
2. ROMA
3. DYNAMO KIEV
4. SPORTING

G RIÐILL
1. INTER
2. PSV EINDHOVEN
3. CSKA MOSKVA
4. FENERBAHCE

H RIÐILL
1. STEAUA BUCHAREST
2. ARSENAL
3. SEVILLA / AEK ATHENS
4. SLAVIA PRAG

sýn
besta sætið



**HÚSAVÍK** FASTEIGNASALA

Borgartún 29
Sími 510 3800
Fax 510 3801
www.husavik.net
Reynir Björnsson
Elías Haraldsson
Lögg. fasteignasalar

## Opið hús í dag milli kl. 18:30 og 19:30
## Vallarbarð 4 – Hafnarfirði

Frum




Glæsilegt og vel staðsett ca 178 fm einbýlishús á tveimur hæðum ásamt ca 34 fm frístandandi bílskúr, samtals ca 212 fm. Neðri hæð skiptist í forstofu, hol, baðherbergi, þvottahús, geymslu, eldhús og þrjár stofur. Efri hæð skiptist í fjögur svefnherbergi, baðherbergi og stórar svalir. Parket og flísar á gólfum. Fallegur garður í rækt með stórum sólpalli og skjólveggjum. Hellulögð aðkoma með hita í stéttum. **Verð 55 millj.**

***Reynir Björnsson lfs. tekur vel á móti gestum milli kl. 18:30 og 19:30. Teikningar á staðnum.***

HÚSAVÍK – ÞAR SEM GOTT ORÐSPOR SKIPTIR MÁLI

**MIÐBORG**
Laugavegur 182 4. hæð • 105 Rvk
**Sími 533 4800**
Björn Þorri, hdl., lögg. fast.sali. – Karl Georg, hrl., lögg. fast.sali.

## Krosshamrar 8 – Opið hús

Frum



Gott 180 fm. steinsteypt einbýli á einni hæð, þar af 42,3 fm. bílskúr. Húsið sem er mjög vel staðsett í botnlangagötu, skiptist í forstofu, eldhús með borðkrók, stofu, borðstofu, hol, sjónvarpshol, þvottahús, þrjú svefnherbergi og baðherbergi. Stór verönd með skjólvegg í suður. Gróinn og skjólgóður garður. **V. 55 millj.**

***Opið hús í dag milli kl. 17:00 og 18:30, verið velkomin***




# ATH ÞJÓNUSTA OFAR ÖLLU

HRINGDU NÚNA
og skráðu eignina þín í sölu hjá okkur
699 6165/899 0800

RE/MAX Fasteignir
Stefán Páll Jónsson
Löggiltur fasteignasali
Engjateig 9
105 Reykjavík

## Eignir óskast

**Fyrir ákveðna kaupendur!**

**Einbýli í Setbergi**

**Einbýli í Fossvogi**

**fyrir fjársterka aðila**

Frum

**LÖGHEIMILI EIGNAMIÐLUN**
**Skipholt 15**
**105 Reykjavík**
**sími 512 3600**
fax 512 3601
Jónas Örn Jónasson, Hdl
löggiltur fasteignasali



**Heimir Bergmann**
Framkv.stjóri
Beinn sími 512 3600
**GSM: 822 3600**
heimir@logheimili.is



**Jónas Örn Jónasson**
Löggiltur fast.sali
Lögmaður
**GSM: 698 3600**
jonas@logheimili.is

**LÖGMAÐUR OG LÖGGILTUR FASTEIGNASALI MEÐ ÞÉR ALLA LEIÐ!**

Frum





OPIÐ HÚS Í DAG KL. 17-18.
Hraunbær 144, íbúð nr. 301- 110 RVK.

**Góð 5-6 herbergja endaíbúð á góðum stað í Árbænum. 124,1 fm á 3. hæð/efstu.** Forstofa. Stórt hol með nýlegum flísum. Eldhús með snyrtilegri innrétt. nýlegum flísum og borðkrók. Baðh. flísalagt. 4-5 svefnherbergi. Gróið og barnvænt hverfi. **Verð 26,9 millj.**

***Nánari uppl. hjá sölufulltrúa Akkurat Ásdís 898 3474.***

**Akkurat** FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000

**TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA**
**SÍMI 533 4040**
**kjoreign@kjoreign.is**
**OPIÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17**
**Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali**

Kjöreign ehf

**FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is**

## MARÍUBAKKI - ÚTSÝNI




Mjög góð 4ra herb. íbúð á 3.hæð ásamt sér þvottahúsi í íbúð og sér íbúðarherbergi í kjallara með sameiginlegri snyrtingu. **Húsið er klætt að utan og í góðu ástandi. Frábært útsýni. Barnvænt hverfi. Laus fljótlega. Verð 21,9 millj.**

## GULLENGI

Frum




Rúmgóð og björt 3ja herb. íbúð á 3. hæð í litlu fjölbýli. Stærð 111,1 fm. Ljósar innréttingar og beykiparket á gólfum. góðar flísalagðar svalir. Útsýni. Þvottahús í íbúð. Stutt í alla þjónustu. Tvennar svalir. **Laus fljótlega. Verð 26,9 millj.**

## RAUÐHAMRAR - GRAFARVOGUR




Sérlega falleg og rúmgóð 4ra herb. íbúð á 2. hæð ásamt bílskúr. Stærð alls. 145,5 fm. Mikið og fallegt útsýni, bæði til norðurs og suðurs. Góðar svalir. Einn eigandi. **SÉRLEGA BARNVÆNT HVERFI. ÖRSTUTT Í SKÓLA OG AÐRA ÞJÓNUSTU.**

| **Kristinn Valur Wiium** | **Ólafur Guðmundsson** |
|---|---|
| **Sölumaður, sími: 896 6913** | **Sölustjóri, sími: 896 4090** |





FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

Fíton/SÍA

# Falskt öryggi á Laugaveginum

**UMRÆÐAN**
Skipulagsmál



EVA MARÍA JÓNSDÓTTIR

Nú þegar komið hefur fram að enginn hefur nokkurn tíma viljað gefa húsunum að Laugavegi 4 og 6 grið, friða þau eða færa til, því sem næst, upprunalegs horfs, er rétt að drepa létt á dyr og minna á hlutverk rýnihóps sem hefur verið starfandi að því að gefa álit sitt á teikningum af nýjum byggingum við Laugaveginn. Á fundum rýnihópsins hefur ítrekað komið fram að menn telja sitt hlutverk vera að sjá til þess að það sem verður byggt á Laugavegi, sé áreiðanlega betra en það sem þarf að víkja, verður rifið. Það er alls ekki alltaf sjálfgefið að þetta nýja sé betra en það gamla.

Rýnihópurinn hefur frá upphafi gert mjög viðamiklar athugasemdir við þær teikningar sem kynntar hafa verið fyrir honum, af Laugavegi 4-6. Frá upphafi hafa fulltrúar hópsins verið nokkuð einróma um að það sem rís á þessum viðkvæma stað gömlu verslunargötunnar, þurfi að vera þannig úr garði gert að sátt ríki um það. Mismunandi áherslur hafa svo verið um hin ýmsu atriði. Undirrituð hefur til dæmis ævinlega talað gegn öllum byggingum sem skerða sólarljós á gangstéttinni norðanverðri. Það er gert af þeirri grundvallarskoðun (og af fenginni reynslu) að sólarljósið sé eitt helsta aðdráttaraflið fyrir þá sem vilja ganga um miðbæinn. Aðrir í rýnihópnum hafa lagt ríka áherslu á að nýja húsið sýni umhverfi sínu tilhlýðilega hógværð, beri það ekki ofurliði. Um það er auðvelt að sammælast.

Nú vill svo óheppilega til að sú fundargerð frá rýnihópi um Laugaveg 4-6, sem send var inn í borgarkerfið og var t.a.m. skipulagsráði til hliðsjónar þegar tekin var ákvörðun um að láta niðurrifsheimildina óáreitta, var frá fundi þar sem 2 fulltrúar mættu ekki og sá þriðji þurfti að sitja hjá.

Fulltrúi kaupmanna í rýnihópnum dvaldist erlendis, en fulltrúa íbúa barst aldrei fundarboð og var því fjarri mikilvægri samkundu. Þriðji fulltrúinn hafði reyndar gert tillögu að lausn fyrir byggingar á þessum stað, hverrar aðalsmerki var virðing fyrir liðnum tíma og reisn gamalla húsa um leið og notagildi húsanna var gert nægjanlegt fyrir nútímalegar kröfur. Sá sat hjá.

Svo götótt fundargerð var sem sagt það plagg, sem borgarfulltrúar höfðu til hliðsjónar, sumir sjálfsagt undrandi á viðsnúningi rýnihópsins, sem fram að þessu hafði spyrnt mjög við fótum, og verið trúr því markmiði að láta ekki Laugaveginn verða verri eftir en áður. Láta ekki ósmekklega ásýnd fermetragræðginnar tróna yfir svæði sem við eigum öll saman og taka af okkur sólarbletti, sem eru líka sameign okkar allra.

Þetta dæmi sem hér er rakið, sýnir enn og aftur að starf rýnihópsins gefur falskt öryggi og getur hvorki verndað þau hús sem nú standa við Laugaveg, né tryggt borgarbúum framúrskarandi nýbyggingar.

Auðvitað liggur rót vandans í því deiliskipulagi, sem samþykkir slíkt fermetramagn í gömlu og grónu umhverfi. En það er líka umhugsunarefni fyrir þá sem „eiga“ byggingarréttinn á lóðum við Laugaveg, hvort það, að hugsa um hagsmuni heildarinnar sé ekki affarasælast fyrir alla: Okkur gangandi vegfarendur, fagurkerana, þá sem vilja laða fólk á Laugaveginn, fólk framtíðarinnar og þá ekki síst eigendur byggingaréttarins. Það er hægt að byggja af smekkvísi og virðingu fyrir sameiginlegri sögu og sameiginlegu rými, þannig að allir græði. En það er líka hægt að byggja af smekkleysi og græðgi, svo að jafnvel þeim ofbjóði sem seinþreyttir eru til vandræða.

*Höfundur er íbúi í miðborginni og á sæti í rýnihópi um nýbyggingar á Laugavegi.*

**BRÉF TIL BLAÐSINS**

## Ég er að tala um mann

**Jóhann Eyvindsson skrifar:**

Hann er maður eins og ég og þú. Hann á fjölskyldu, heimili og líf. Og eins og flestir – hann er með vinnu. Munurinn á honum og okkur hinum er sá að vinnan hans er þess eðlis að hann sker sig verulega úr hópnum.

Honum eru gerðar strangari kröfur en til annarra þjóðfélagsþegna. Hann má ekki vinna á svörtu, fremja smávægilegt afbrot, eða gera stór mistök í vinnunni, því þá verður hann rekinn úr stéttinni fyrir lífstíð – já, ekki einu sinni alþingismönnum eru settar svona strangar kröfur.

Hann umgengst banvæna smitsjúkdóma við störf sín, ekur á ofsahraða um bæinn, og hleypur inn í hætturnar hvar sem þær er að finna. Honum er lítil virðing sýnd við störf sín, drekkt í ókvæðisorðum, á hann hrækt og í hann sparkað. Hann mætir í vinnuna og vonast til að hann fari ekki slasaður heim eftir vaktina eins og sumir félagar hans hafa lent í. Í eyrum hans hljóma orð háttvirts héraðsdómara, „Eðlilegt má telja að menn verði fyrir árás við slík störf,“ og veltir fyrir sér hvort búið sé að gefa út veiðileyfi á hann og félaga sína.

Hann kennir börnum sínum að fara varlega yfir götuna og að gæta þess að fara aðeins yfir gangbraut þegar rauði kallinn logar, en sjálfur stendur hann berskjaldaður á miðjum gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar stjórnandi umferð í von um að annars hugar ökumenn aki sig ekki niður á meðan aðrir vinnufélagar hans stumra yfir illa slösuðu fólki. Hann les í blöðum að innflytjendur frá Austur-Evrópu séu á þrælakaupi en hefur þó lent í því að segja Pólverja frá laununum sínum með þeim afleiðingum að Pólverjanum varð mikið um og hló lengi að vesalings manninum. Hann fer með konunni sinni í bíltúr og segir við hana „sjáðu þetta, kannski kaupum við svona einn daginn“ og fær til baka „já kannski þegar þú skiptir um starf, reyndu að vakna til lífsins“. Vinnufélagar hans eru margir hættir. Hann vill ekki hætta sjálfur því hann elskar starfið sitt. Hann er hugsjónamaður. En nú er bara svo komið að fjölskyldan, þjónustufulltrúinn í bankanum og öll hans skynsemi segja honum að hætta líka. Kannski má líta svo á að þjóðin eigi ekki betri þjónustu skilið en hún er tilbúin að borga fyrir.

Ég er að tala um mann – lögreglumann.




Safnaðu þekkingu
- sæktu þér aukinn styrk

MENNING OG SJÁLFSRÆKT
Ludwig van Beethoven - maðurinn og tónlistin, hefst 18. sept.
Saga Portúgals; menning og skáldskapur, hefst 20. sept.
Sjálfsstyrking og samskipti fyrir konur, hefst 24. sept.
Spennusögur með Katrínu Jakobsdóttur, hefst 25. sept.
Gísla saga Súrssonar, hefst 25. sept., aukanámskeið 26. sept.
Vönduð íslenska: Að skrifa gott íslenskt mál, hefst 26. sept.

STJÓRNUN OG FJÁRMÁL
Níu lyklar mannauðsstjórnunar, hefst 4. sept.
Excel II - fjármál og rekstur, hefst 18. sept.
Stefnumiðuð stjórnun opinberra aðila - mat á árangri, hvað þarf að mæla? Haldið 25. sept.
Verkfæri í verkefnastjórnun, hefst 26. sept.
Skilvirk ákvarðanataka: Greining með LESTAN (Leadership Styles Analysis), haldið 26. sept.
Verkefnastjórnun I: Undirbúningur og áætlanagerð – grundvallaratriði, hefst 27. sept.
Gerð viðskiptaáætlana, hefst 28. sept.
Florence Kennedy: Vinnustofa í samningatækni, hefst 1. okt.

UPPELDIS- OG KENNSLUSVIÐ
Íslenski þroskalistinn, hefst 26. sept.
Leiklist fyrir leikskólakennara, hefst 3. okt.
Leiklist fyrir grunnskólakennara, hefst 4. okt.
Europass - námstefna um gagnkvæma viður-kenningu prófskírteina og starfsréttinda, hefst 8. okt.
Börn eru klár, hefst 8. okt.

FÉLAGS- OG HEILBRIGÐISSVIÐ
Gagnavinnsla í SPSS, hefst 1. okt.
Siðfræði heilbrigðisþjónustu: Fagmennska, siðareglur, rannsóknir.

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 endurmenntun.is


TILE
STÚTFULL BÚÐ AF
STÚTFULLUR 8BLS BÆKLINGUR AF SPENNANDI TILBOÐUM
GIGABYTE
Strax
129.900
119.900
FARTÖLVUUPPFÆ
TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is
1GB STONE MP3
500GB
OCZ LEIKJAMÚS
acer
4.990
23.900
2.1MP
CREATIVE
500GB eSATA
9.990
14.900
GIGABYTE
29.900
69.900
49.900
35.900
14.900
19.900
37.900
450W
OCZ
1GB
6.990
2.990


BOÐ
FRÁBÆRUM TILBOÐUM
VERÐ VÖRN
Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur
þá lækkum við okkar verð á staðnum
FARTÖLVUR FRÁ PACKARD BELL OG ACER Í MIKLU ÚRVALI
1GB MINNI
3.990
320GB HARÐDISKUR
5.990
Athugið aðeins 1 stk. á mann
25DVD DISKAR
1.990
Verbatim 16x DVD+R spindill
IP4300 PRENTARI
9.990
Mest seldi prentari á Íslandi
1GB OCZ MINNISLYKILL
1.990
Ótrúlega nettur, er líka lyklakippa
TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

LEIKKONAN ROSIE PEREZ FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1964

*„Í vinahópi hef ég alltaf verið háværr, fyndin og málgefin, en um leið og ég stíg út úr þeim þrönga hópi verð ég afar þögul og sjálfshugul. Ég kæri mig ekki um að standa í sviðsljósinu.“*



**Hin smávaxna Rosie Perez byrjaði feril sinn sem danshöfundur, en sló í gegn sem leikkona í kvikmyndunum Do the Right Thing og White Men Can't Jump. Hún hefur verið handtekin fyrir óspektir í mótmælum en hún hefur sterkar pólitískar skoðanir. Rosie verður 43 ára í dag.**

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** 6. SEPTEMBER 1944

## Ölfusárbrú fellur ásamt bílum



Aðfaranótt 6. september 1944 slitnaði nyrðri aðalstrengur Ölfusárbrúar með þeim afleiðingum að brúin hékk uppi á hinum strengnum. Tveir mjólkurbílar í eigu Kaupfélags Árnesinga fóru um brúna þegar slysið varð og féllu báðir ofan í straumþunga ána.

Annar bíllinn hafði hinn í eftirdragi eftir að hafa sótt hann bilaðan í höfuðstaðinn. Engir farþegar voru í bílunum en bílstjórarnir björguðust naumlega. Sá sem var í bílnum sem dreginn var lenti í grynningum nálægt vesturbakkanum og var vaðið út til hans. Hinn bjargaðist með undraverðum hætti þegar honum lánaðist að komast út um dyragluggann í miklu hyldýpi og ná taki á tómum mjólkurbrúsa sem flaut þar hjá. Tak hans var þó slæmt og vildi brúsinn snúast í höndum hans í straumiðunni. Þá náði hann taki á varadekki bílsins og barst með því óðfluga niður ána um 1200 metra leið en gat þá svamlað í land á eystri bakkanum.

Á meðan brúnni var lyft á ný og stoðir hennar styrktar, var eina bílfæra leiðin austur yfir Ölfusá um brúna á Brúarhlöðum í Hreppum, en sú leið var 130 km lengri og vegurinn slæmur. Einnig var ferjað yfir Ölfusá í bátum.

## MERKISATBURÐIR

- **1972** Sumar-Ólympíuleikunum er haldið áfram í München í Þýskalandi eftir morð á ísraelskum íþróttamönnum.
- **1975** Tékkneska tennisstjarnan Martina Navratilova sækir um pólitískt hæli í Bandaríkjunum.
- **1975** Jarðskjálfti í Lice í Tyrklandi banar 3.000 manns.
- **1987** Síamstvíburarnir Benjamin og Patrick Binder eru aðskildir á Johns Hopkins-sjúkrahúsinu í Bandaríkjunum.
- **1991** Sovétríkin viðurkenna sjálfstæði Eistlands.
- **1997** Díana prinsessa af Wales er borin til grafar.
- **2004** Bill Clinton, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, undirgengst fjórfalda hjáveituaðgerð.

---



✝

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Valgerður Hanna Jóhannsdóttir**

Sporhömrum 6, Reykjavík,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut þriðjudaginn 28. ágúst. Jarðarför hennar fer fram frá Grafarvogskrikju föstudaginn 7. september kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda**

**Flosi Óskarsson**
**Gylfi Óskarsson** **Sigríður Konráðsdóttir**

---



✝

*Hjartans þakkir færum við þeim fjölmörgu sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa*

**Rolfs Johansen**

**Kristín Ásgeirsdóttir Johansen**
**Agnes Johansen**
**Thulin Johansen** **Guðrún Þorleifsdóttir**
**Svava Þorgerður Johansen** **Björn Sveinbjörnsson**
**Berglind Johansen** **Pétur Albert Haraldsson**
**Ásgeir Johansen** **Aki Ishise Johansen**
**Kristín Johansen** **Halldór Harðarson**
**og barnabörn.**

---



✝

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Svava Ólafsdóttir**

frá Hruna, Klausturhólum 2 Kirkjubæjarklaustri,

lést á Landspítalanum Fossvogi 2. september. Hún verður jarðsungin frá Prestbakkakirkju föstudaginn 7. september klukkan 14.00.

**Andrés S. Einarsson og fjölskylda**

---



✝

*Minningarathöfn um manninn minn, föður okkar, stjúpa og afa,*

**Per Key Kristiansen**

Sólvallagötu 6

sem lést í Kaupmannahöfn 17. júlí sl., verður haldin í Dómkirkjunni föstudaginn 7. september kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á MS-félag Íslands eða önnur líknarfélög.

**Guðrún Magnúsdóttir**
**Eske Key Kristiansen** **Uffe Key Kristiansen**
**Lára Kristín Traustadóttir** **Þorvaldur Sigurðsson**
**Magnús Björn Traustason** **Rakel Snædahl**
**og barnabörn.**

---

**HÁSKÓLINN Á AKUREYRI:** HELDUR UPP Á AFMÆLI SITT TIL LAUGARDAGS

# Enn í krafti frumkvöðulsins

Hátíðlegur, glaðsinna andi svífur yfir akureyrskum vötnum þessa dagana og ekki að ósekju því stolt bæjarins, Háskólinn á Akureyri, stóð á tvítugu í gær. Af því tilefni var blásið til fjögurra daga afmælishátíðahalda.

„Háskólinn á Akureyri byrjaði formlega hinn 5. september 1987. Hann var stofnaður alveg frá grunni og er ekki byggður á grundvelli annarra stofnana,“ segir Jóna Jónsdóttir, forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs Háskólans á Akureyri.

„Fyrsta árið voru við skólann þrjátíu nemendur og fjórir fastráðnir starfsmenn sem kenndu í tveimur stofum Íþróttahallarinnar. Menntafólki fyrir sunnan þótti þetta heldur mikil bjartsýni en strax var mikill stórhugur í mönnum að byggja upp mikils metinn háskóla,“ segir Jóna, og víst hefur afmælisbarnið vaxið og dafnað á sínum fyrstu tuttugu árum.

„Í dag eru nemendur um 1.400 talsins og starfsmenn komnir vel á annað hundrað. Húsnæði er allt á fallegu háskólasvæði og með næsta byggingaráfanga verður öll starfsemi komin á einn stað, en stúdentagarðarnir fimm eru í nágrenni við háskólann,“ segir Jóna, en þumalputtaregla hefur verið sú að helmingur nemenda komi frá Eyjafjarðarsvæðinu meðan sitt hvor fjórðungurinn kemur frá höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni.

„Til viðbótar við staðnám á Akureyri er stór hópur fjarnema víða um land sem leggur stund á leik- og grunnskólakennarafræði, auðlindagreinar, hjúkrun og viðskiptafræði,“ segir Jóna þar sem hún stendur við Íslandsklukkuna.

„Nemendur og starfsfólk fá gómsætar hnallþórur með afmæliskaffinu og í tilefni afmælisins stendur margt til. Við skrifum undir samning um samstarf við Sjávarlíftæknisetrið BioPol á Skagaströnd, HA-bandið gefur út geisladisk, við tilkynnum úrslit í teiknisamkeppni grunnskólanemenda á Íslandsklukkunni, hefjum málstofuröð heilbrigðisdeildar og verðum með tónlistaruppákomu í kaffiteríunni,“ segir Jóna. Á laugardag verður hápunktur afmælishaldanna þegar boðsgestum verður boðið til stórveislu af fínni gerðinni.



**JÓNA JÓNSDÓTTIR** Forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs Háskólans á Akureyri stendur hér við Íslandsklukkuna eftir Kristin E. Hrafnsson, en klukkunni er árlega hringt á fullveldisdaginn 1. desember. Á laugardag verður henni hringt tuttugu sinnum í tilefni tuttugu ára afmælis háskólans. MYND/ÓSKAR Þ. VILHJÁLMSSON

„Þar verður mikið um dýrðir og meðal annars verður Íslandsklukkunni hringt tuttugu sinnum af listamanninum Kristni E. Hrafnssyni, sem lætur bjölluna syngja eitt högg fyrir hvert afmælisár háskólans,“ segir Jóna, en afslöppuð gleðistemmning einkennir skólalífið þessa fjóra afmælisdaga.

„Nú er háskólinn orðinn fullvaxta og í stakk búinn fyrir framtíðina. Þriðjungur bæjarbúa starfar á einn eða annan hátt við skólastofnanir í bænum, og ýmislegt sem mér þykir einkennandi fyrir afmælisbarnið sjálft. Í því býr kraftur frumkvöðulsins, sem rekja má til upprunans, og þann kraft finnur maður bæði í starfsfólki og nemendum skólans. Menn eru óhræddir við að takast á við ný verkefni og læra af mistökunum. Þeir eru sáttir við að sumt gengur upp og annað ekki, en það einkennir frumkvöðla. Hér er einnig heimilislega notalegt að vera. Menn ganga að næsta manni og heilsast, og við munum halda í það andrúm eins lengi og hægt er.“



**HÁTÍÐ** Íslandsklukkan stendur við Háskólann á Akureyri.

**thordis@frettabladid.is**

---



✝

*Ástkær systir mín, mágkona og frænka,*

**Guðlaug Torfadóttir**

líffræðingur, Hofakri 3, Garðabæ,

lést á Krabbameinsdeild Landspítalans þriðjudaginn 4. september. Útför verður auglýst síðar.

**Kristín S. Gilson** **Henry L. Gilson**
**Valgerður Jónsdóttir** **Guðni Hannesson**
**Kristbjörn Jónsson**

---

Tilkynningar um merkisatburði má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

---


# 75 ára afmæli



**Sjöfn Halldórsdóttir**

frá Þverholtum

Í tilefni af afmælinu tekur Sjöfn á móti gestum í Lyngbrekku laugardaginn 8. sept. kl. 20.00 Blóm og kransar afþakkaðir en frjáls framlög í spari-baukinn falla í góðan jarðveg. Pizzupartí fyrir börnin og unglingana heima hjá ömmunni á sunnudag frá kl. 14.

---



## Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

**MOSAIK** Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

DELL MÆLIR MEÐ WINDOWS VISTA™ HOME PREMIUM

# VIÐ KYNNUM NÝJA DELL INSPIRON FARTÖLVU – LITRÍKT ÚRVAL



NÝ INSPIRON™ 1520

GOTT FÓLK

**8 MISMUNANDI LITIR**

**HD SKJÁR**

**MEDIADIRECT**

**INNBYGGÐ 2,0 MEGAPIXLA VEFMYNDAVÉL**

**WI-FI CATCHER™**

## VELDU ÞINN LIT!



## INSPIRON 1520 KOSTAR 129.900,-*
## eða 4.969,- á mánuði (miðað við 36 mánuði)

- Intel® Core™2 Duo örgjörvi T5250
- 1,50GHz, 667MHz FSB, 2MB L2 Cache
- 2GB 667MHz Dual Channel DDR2 vinnsluminni (2x1024)
- 15,4" Widescreen WXGA+ (1440x900) TrueLife skjár
- Innbyggð 2,0 megapixla myndavél
- 256MB nVidia GeForce Go 8600M GT skjákort
- 160GB 5400rpm SATA harður diskur
- 8X DVD+/-RW geisladrif ásamt hugbúnaði
- Windows Vista Home Premium
- 3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS

Dual Core örgjörvi og 15,4" WideScreen skjár gerir það að verkum að Inspiron 1520 hentar vel í hverskonar margmiðlun og tölvuleiki. Inspiron 1520 fæst í 8 litum og því átt þú að geta fundið eina sem passar þér. Snjöll og einföld, ef þú leitar að gæðafartölvu er Inspiron 1520 tölvan fyrir þig.

* **FYRIRVARAR:** Verð er tilboðsverð með vsk. og gildir meðan birgðir endast. Verð miðast við gengi og getur breyst án fyrirvara. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

Dell, vörumerkið Dell, Inspiron, UltraSharp, TrueLife og TrueMobile eru vörumerki í eigu Dell Inc. Intel, Pentium og Core eru skrásett vörumerki í eigu Intel Corporation eða útibúa þess í Bandaríkjunum Norður-Ameríku og öðrum löndum. Microsoft, Windows og Windows Vista eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Microsoft Corporation. Önnur nöfn eða vörumerki sem vísað er til í þessari auglýsingu geta verið í eigu annarra. Dell gerir ekki tilkall til vörumerkja annarra.

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

www.ejs.is




## STUÐ MILLI STRÍÐA Lífslögmálinu sturtað niður

**ROALD VIÐAR EYVINDSSON** FÓR Í KARMÍSKA UPPGJÖRSFERÐ TIL SPÁNAR



Ég trúi á karma, lögmálið um orsök og afleiðingu. Að geri ég eitthvað gott eða slæmt fái ég það til baka. Þess vegna reyni ég að búa til gott karma með því að breyta rétt, þótt ætlunarverkið heppnist ekki alltaf.

Sem dæmi legg ég mig fram við að mynda gott karma í kringum þá staði sem ég hef heimsótt eða búið á. Hafi mér liðið eða líkað illa við einhvern stað reyni ég að fara þangað aftur til að sættast við hann.

Þannig var það um daginn þegar ég skellti mér í uppgjörsferð til Sitges, strandarbæjar skammt frá Barcelona á Spáni. Ég fór þangað fyrst fyrir sjö árum og gerði mér heilmiklar væntingar, enda bærinn rómaður fyrir fegurð og fjörugt strandarlíf. Því miður get ég ekki annað sagt en að ég hafi orðið vonsvikinn.

Við mér blasti bær, ef bæ skyldi kalla, sem var varla stærri en Keflavík. Ekki þótti mér nú mikið koma til bæjarlífsins, sem virtist ganga út á sólböð, drykkju og uppáferðir. Frá þessu krummaskuði fór ég hneykslaður í bragði og leit ekki um öxl af ótta við að andleysið kynni að breyta mér í saltstólpa.

Sjö árum síðar ákvað ég að snúa aftur til að grafa stríðsöxina og í fyrstu benti flest til að það gengi upp. Bærinn reyndist ósköp notalegur og fólkið vinalegt. Um tíma gat ég meira að segja hugsað mér að búa þarna. En þá dundu ósköpin yfir.

Að morgni fjórða dags vaknaði ég með hrikalega ónotakennd í maganum og vissi ekki fyrr en ég lá ofan í klósettinu á hótelherberginu þar sem matarleifar kvöldsins áður skiluðu sér heldur frekjulega. Ég var ekki búinn að jafna mig þegar leifarnar héldu áfram að skila sér, þar til innyflin virtust ætla að kreistast út.

Matareitrun úrskurðaði læknirinn. Næstu daga varð ég vinsamlegast að lifa á eplum og bönönum og ef ég lá ekki með köldu eða hita í rúminu haltraði ég um göturnar vegna bakverkja út af allri legunni.

Þegar heim var komið sannfærði ég mig um að ýmislegt væri nú á sig leggjandi á leiðinni að andlegum þroska. Held ég bíði samt aðeins með enn eina ferð til Sitges.




## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







LANDSINS MESTA ÚRVAL
400GB SJÓNVARPSHÝSING
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.
BEINT Í SJÓNVARP
Horfðu á kvikmyndir í sjónvarpi, ljósmyndir úr fríinu eða hlustaðu á tónlist allt saman án tölvu
ÖRUGG VINNSLA
DViCO TViX spilarinn er í hæsta gæðaflokki og virkar með öllum venjulegum 3.5" IDE harðdiskum
BEINT Í GRÆJUR
Með fjarstýringunni getur þú spilað tónlist beint úr TViX spilaranum án tölvu eða sjónvarps
EINNIG 3.5" HÝSING
Virkar einnig sem venjulegur harðdiskaflakkari og tengist þá beint í USB tengi tölvunnar
AUÐVELD Í NOTKUN
Spilar án vandræða alla mögulega staðla eins og AVI, DivX3-5, DAT, MPEG, VOB, MP3, WMA, OGG og JPEG
FYLGIHLUTIR
Allir helstu kaplar fylgja, einnig fullkomin fjarstýring sem er hlaðin af möguleikum
DViCO
VERÐ 27.900
MSI MÓÐURBORÐ
• Flott MSI P35 Platinum móðurborð Intel S775 1333FSB
• Styður Core 2 Duo og Quadcore örgjörva
• 4xDual Channel DDR2 1066MHz minnisraufar
• SATA2 Raidstýringar, eSATA og FireWire
VERÐ 17.900
MSI MÓÐURBORÐ
• MSI P6N SLI F V2 Nforce 650i móðurborð
• Nvidia Nforce 650i SLI kubbasett, 2xPCI-E x16
• 4xDual Channel DDR2 800MHz minnisraufar
• SATA2 Raid diskstýringar, FireWire, Gigabit netkort
VERÐ 13.900
MSI MÓÐURBORÐ
• MSI K9N6SGM-V móðurborð fyrir AM2 sökkul
• 128MB Nvidia onboard skjástýring, GeForce 6100
• 2xDDR800 minnisraufar, 1x PCI-E x16, 1xPCI-E x1, 2xPCI
• SATA2 Raid diskstýringar, FireWire og USB2
VERÐ 5.990
CORSAIR MINNI
1GB DDR2, 667MHz 240pin PC2-5300, CL5 PC2-5400, CL5 Corsair Value Select minni með lífstíðarábyrgð
VERÐ 4.490
CORSAIR MINNI
2GB - Pöruð 2 stk 1GB DDR2, 800MHz 240pin PC2-6400, Corsair XMS minni með kæliplötu, lífstíðarábyrgð
VERÐ 9.990
2.5" TVIX HÝSING
Glæsileg 2.5" lítil DViCO TViX sjónvarps ferðahýsing, fyrir gögnin þín, flott fjarstýring fylgir með
VERÐ 14.900
3.5" TV HÝSING
320GB IcyBox MP301 sjónvarpshýsingin tengist beint í græjur eða sjónvarp og án þessa að þú þurfir tölvu. Fjarstýring fylgir
VERÐ 19.900
MSI NX8500GT
MSI viftulaust GeForce8 NX8500GT skjákort • 256MB DDR3 • PCI-Ex 16x Dual VGA og DVI • styður DirectX 10
VERÐ 9.990
MSI NX8600GT
MSI viftulaust GeForce8 NX8600GT skjákort • 256MB DDR3 • PCI-Ex 16x Dual DVI • styður DirectX 10
VERÐ 16.900
X-FI HLJÓÐKORT
SoundBlaster X-Fi Xtreme Gamer 7.1 er eitt besta hljóðkortið í dag. EAX5.0, 8MB XRAM o.fl. Ótrúlegt kort
VERÐ 9.990
ALVÖRU KRAFTUR
520W Corsair HX aflgjafi með einni 120mm viftu undir aflgjafanum, ATV rev 2.2 Modular, frjáls kaplatenging
VERÐ 11.900
250GB MY BOOK
250GB My Book Essential er 3.5" hýsing frá Western Digital, geymdu öll gögnin þín á einum stað, USB2
VERÐ 12.900
500GB MY BOOK
500GB My Book Essential er 3.5" hýsing frá Western Digital, geymdu öll gögnin þín á einum stað, USB2
VERÐ 19.900
MSI NX8600GTS
MSI viftulaust GeForce8 NX8600GTS skjákort • 256MB DDR3 • PCI-Ex 16x, Dual DVI • styður DirectX 10
VERÐ 22.900
MSI NX8800GTS
MSI GeForce8 NX8800GTS skjákort 320MB 1700MHz DDR3 • PCI-E 16X HDTV, TV-út • Dual DVI • Styður DirectX 10
VERÐ 34.900
HEYRNARTÓL
Logitech Dialog 812 svört heyrnartól með hljóðnema Einföld og þægileg heyrnartól til almennrar notkunnar
VERÐ 2.490
HEYRNATÓL
Logitech Precision Gaming heyrnatól stillanlegur hljóðnemi sem minnkar umhverfishljóð. Digital og Analog
VERÐ 3.990
HEYRNARTÓL
Logitech Premium grá og svört stereo heyrnartól með hljóðnema sem minnkar umhverfishljóð. USB
VERÐ 4.790
ULTRAX LYKLABORÐ
Logitech UltraX Media svart og silfrað lyklaborð með ábrendum íslensku stafasetti. 6 margmiðlunarhnappar, USB2
VERÐ 3.990
2.1 HÁTALARKERFI
Logitech X-240 er svart 2.1, 25W RMS hátalarakerfi sem er sérstaklega hannað með tilliti til MP3 spilara
VERÐ 6.990
2.1 HÁTALARKERFI
Logitech Z-2300 Digital er öflugt 2.1 200W RMS hátalarkerfi með fjarstýringu. Frábær hljómgæði og falleg hönnun
VERÐ 21.900
TÖLVULISTINN
Reykjavík • Nóatúni 17 • Sími 414 1700
Akureyri • Glerárgötu 36 • Sími 414 1730
Egilsstaðir • Miðvangi 2-4 • Sími 414 1735
Keflavík • Hafnargötu 90 • Sími 414 1740
Kópavogur • Hlíðasmára 10 • Sími 414 1760

**!** **Ath. 19.27**
*spilar Sinfónían í beinni á Rás 1 Ríkisútvarpsins Vorblót eftir Stravinskí. Það er best að skrúfa tækin í botn, halla sér aftur og láta þessa kviðu hvolfast yfir sig með öllum þeim krafti sem í tónlistinni býr. Á sínum tíma varð allt brjálað út af þessari tónlist en nú til dags gengur mönnum betur að skilja í henni máttinn.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Börn í Afganistan

Á föstudag var opnuð í Ljósmyndasafni Reykjavíkur sýning á verkum ljósmyndarans Dante: Hin umkomulausu börn Afganistans. Myndirnar á sýningunni sýna börn í Afganistan í hvunndeginum sem einkennist af óróleika stríðsrekstrar og óstöðugleika á svæðinu eins og alkunna er. Börnin þar hafa mátt þola meira harðræði fyrir níu ára aldur en flestir þola á heilli mannsævi. „Þrátt fyrir þetta skynjar maður hjá þeim einlæga von og styrk til að takast á við framtíðina,“ segir listamaðurinn Dante sem dvaldi í landinu um skeið en hann býr og starfar í Reykjavík.

Dante stundaði nám í Gerrit Rietveld Academy í Amsterdam í Hollandi og Institute of American Indian Arts í Santa Fe í Nýju-Mexíkó og hefur unnið verk



**LJÓSMYNDIR** Mynd frá sýningu Dante í Skotinu.

sín að stórum hluta út frá arfleifð sinni sem indíáni.

„ Það að vera indíáni hefur stöðug áhrif á listsköpun mína og víkkar út skilning minn á viðfangsefnum. Ég myndi þó ekki fullyrða að sú staðreynd að ég sé indíáni hafi áhrif á alla mína vinnu, en ég veit þó að í sumum verkum mínum hef ég tilhneigingu til þess að bera hugmyndafræði indíána saman við hinn nýja heim. Sum verk eru einföld þar sem ég leitast við að ná fram þögulli fegurð en önnur geta komið áhorfandanum í uppnám og jafnvel fengið hann til þess að fyllast frumstæðri tilfinningu.“

Sýningin er sett upp í Skotinu og verður uppi til 24. október, en fram undan er á Ljósmyndasafninu stórsýning á verkum ljósmyndara Dagblaðsins Vísis sem verður opnuð 15. september og kemur hún í stað sýningar þeirra Páls Stefánssonar, Rax og Olaf Otto Becker AUTOMATOS sem lýkur nú um helgina.

**- pbb**












**TÓNLIST** Besta band á Íslandi er tekið að spila á ný eftir sumarleyfi. Fyrstu tónleikarnir eru í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Besta bandið á landinu

**Sinfóníuhljómsveit Íslands er komin til starfa eftir sumarhlé og heldur sína fyrstu hljómleika í kvöld. Á dagskrá eru verk eftir Atla Heimi Sveinsson, Stravinskí og Mozart. Einleikari kvöldsins er Ari Þór Vilhjálmsson en hljómsveitarstjóri er Rumon Gamba.**

Það styttist í dvalarlok hljómsveitarinnar á Melunum þar sem hún hefur nú spilað í hátt í fimmtíu ár. Engan gat grunað þegar hljómsveitin fór úr fyrra húsnæði, Þjóðleikhúsi og síðar Austurbæjarbíói, að svo langt liði þar til hún fengi sitt eigið hús. Besta band á Íslandi er hún oft kölluð af poppurunum landsins sem oftast fá meiri umfjöllun en okkar stóra hljómsveit.

Fram undan er stórt ár hjá Sinfóníunni. Nýr styrktaraðili er kominn henni til hjálpar: FL Group. Rumon Gamba verður áfram aðalhljómsveitarstjóri hennar og dagskrá tónleika kvöldsins gefur okkur fyrirheit. Á þessum upphafstónleikum hljómsveitarinnar í vetur mun ungur fiðluleikari, Ari Þór Vilhjálmsson, leika fiðlukonsert Mozarts nr. 3, sem tónskáldið samdi aðeins nítján ára gamall. Þá verður einnig frumflutt verk Atla Heimis Sveinssonar, Alla Turca og svo framvegis..., þar sem Atli hyllir meistarann frá Salzburg eins og honum einum er lagið og endurgreiðir og launar fyrir sig með nýju verki en Atli er fyrstur íslenskra tónskálda til að vera á launum hjá hljómsveitinni til lengri tíma. Hið magnþrungna Vorblót Stravinskís rekur síðan endahnútinn á tónleikana og munu tónar Igors skekja húsið sem oft áður.

Á laugardag er síðan haldinn hinn árlegi Sinfóníudagur. Þá gefst öllum áhugasömum tækifæri til að kynnast hljómsveitinni. Dagskráin hefst kl. 13 með því að einstakir hljóðfærahópar hljómsveitarinnar kynna sig og hljóðfæri sín fyrir gestum í anddyri og hliðarsölum bíósins. Trúðurinn Barbara mun veita tónlistarmönnunum dygga aðstoð við þetta starf. Klukkan 14.30 verða síðan stuttir tónleikar með allri hljómsveitinni í aðalsalnum, og þá verður líka dregið í happdrætti sem gestir Sinfóníudagsins geta tekið þátt í. Starfsfólk Sinfóníunnar mun jafnframt veita áhugasömum ráðgjöf og aðstoð við að velja sér áskriftarleiðir en þær eru nokkrar sem fyrr í hinu fjölbreytta og stóra prógrammi hljómsveitarinnar og úr vöndu að ráða.

Vefur hljómsveitarinnar gefur nasasjón af dagskránni, sem er raunar svo efnismikil að erfitt er að gera grein fyrir henni í stuttri grein. Fram undan eru tónleikar með einleikurum á borð við Ágúst Ólafsson, Víking Heiðar og Sigurð Flosason. Bara þennan mánuð eru á dagskrá verk eftir íslensk tónskáld á borð við Jón Þórarinsson (Völuspá í næstu viku) og Jón Leifs (forleikurinn að Galdra-Lofti).

Kammersveit hljómsveitarinnar verður með útibú í Þjóðmenningarhúsi. Margir erlendir gestir munu kæta áhorfendur og hljómsveitina með innleggi sínu í þann galdur sem vikulega er framinn úti á Melum. Nægir þar að nefna Petri Sakari, Evu Ollikainen, Esa Hakkila, Erling Blöndal og Vladimir Ashkenazy. Vefslóð hljómsveitarinnar er www.sinfonia.is.

**pbb@frettabladid.is**




MIÐASALA HAFIN
STÓRTÓNLEIKAR
RÚNNI JÚLL
LAUGARDAGINN 27. OKTÓBER
( FYRSTA VETRADAG) KL. 20.00
Í HÖLLINNI
LÖG MEISTARANNA
HLJÓMAR
TRÚBROT
LÓNLÍ BLÚ BOJS
GCD
ÁHÖFNIN Á HALASTJÖRNUNNI
BAGGALÚTUR
midi.is
RÁS 2
GESTIR
BUBBI MORTHENS
BJÖRGVIN HALLDÓRSSON
MARÍA BALDURSDÓTTIR
LARRY OTIS
SHADY OWENS
GYLFI ÆGISSON
JÓHANN HELGASON
HERMANN GUNNARSSON
MAGNÚS KJARTANSSON
DR. GUNNI
BJÖRGVIN FRANS GÍSLASON
MIÐASALA Á MIDI.IS, SKÍFUVERSLUNUM LAUGAVEGI, KRINGLUNNI OG SMÁRALIND
OG BT VERSLUNUM ÚTI Á LANDI.
MIÐAVERÐ:
SVÆÐI A 6.900 KR
SVÆÐI B 5.900 KR

# Teikningar Jónasar Svafár



Í síðustu viku var sett upp sýning í Hoffmannsgalleríi í Reykjavíkurakademíunni á teikningum Jónasar Svafár (1925-2004).

Jónas vann jöfnum höndum sem dráttlistarmaður og ljóðskáld og var hluti þess hóps sem stóð á jaðri formtilrauna ljóðlistamanna og myndlistarmanna á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar. Hann hafði sérstöðu í heimi skálda og myndlistarmanna og batt bagga sína ekki sömu hnútum og samferðamenn. Að þessu sinni eru myndirnar einungis til sýnis. Flestar þeirra eru líkar þeim sem finna má í bókum hans eða svolítið breyttar.

Teikningarnar sem eru til sýnis eru allar unnar hægum dráttum með mjúku ritblýi á pappír. Nokkuð sem ekki greinist á grafísku eftirmyndunum í bókunum. Framlag Jónasar til íslenskrar menningar er ekki mikið að vöxtum en afar áhugavert og sérstakt.

Það er Ingólfur Arnarsson sem er sýningarstjóri en Hoffmannsgallerí er á Hringbraut 121, fjórðu hæð og er opið frá 9-17 alla virka daga. Sýningin stendur fram eftir hausti. - pbb

# Stórkanónur í Salnum



**TÓNLIST** Irina og Jónas við æfingar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/

Tónleikaröð Salarins, Tíbrá, hefur á liðnum árum einkennst af miklum metnaði og nú þegar vetrarstarfið er að hefjast á Digranesinu tefla þau í tónlistarhúsi Kópavogs fram stórum nöfnum. Rússneska mezzósópransöngkonan Irina Romishevskaya opnar starfsárið en hún er í fremstu röð rússneskra söngvara. Hún á nú þegar að baki glæstan feril, bæði í óperum og á tónleikapalli, þar sem hún hefur tekist á við afar fjölþætt viðfangsefni. Irina er aðstoðarprófessor við Tónlistarháskólann í Moskvu hjá sínum gamla kennara Galinu Pisarenko. Efnisskrá Irinu Romishevskaya í Salnum er fjölbreytt. Viðfangsefnin eru eftir Vivaldi, Purcell, Scarlatti, Gluck, Rossini, Bizet, Rimski-Korsakov, Tsjaíkovskí, Glinka og Músorgskí. Með söngkonunni á opnunartónleikunum í Salnum 7. september kl. 20 leikur Jónas Ingimundarson. - pbb




## NÝJAR BÆKUR

Út er komin á forlagi Vöku-Helgafells skáldsagan Á eigin vegum eftir Kristínu Steinsdóttur í kiljubroti og er 136 bls. Fyrir hana fékk Kristín Fjöruverðlaunin, bókmenntaviðurkenningu kvenna, í fyrra. Kristín á að baki fjölskrúðugan ritferil. Sagan segir frá Sigþrúði, sem komin er á efri ár og vinnur fyrir sér með blaðaburði. Hún lifir rólegu lífi og lætur sér lítið duga. Fólkið hennar er allt horfið og frá barnæsku hefur henni lærst að treysta á sjálfa sig. En í henni blunda draumur um annað líf.




Harpa Björnsdóttir myndlistarmaður hefur sent frá sér ljóðabók sem hún myndskreytir sjálf. Bókina kallar hún Einyrkju og verk sín ljóðmyndir því að í bókinni eru bæði ljóðin í myndum og prentuð í texta. Harpa hefur áður gefið út ljóðabókina Vertu ský fyrir nær tveimur áratugum. Bókin er í brotinu 21x21 cm og er 63 blaðsíður, prentuð í lit í Prentmeti.



Jentas-bókaútgáfan hefur gefið út þýðingu Sölva Björns Sigurðssonar á skáldsögunni Neistaflug eftir Tracy Chevalier sem kunn er af skáldsögunni Stúlkan með perlueyrnalokk sem reyndist vinsæl og var kvikmynduð. Sagan gerist í Lundúnum 1792 og segir frá Jem, sem flytur til borgarinnar og tekur að leggja lag sitt við fólk á jaðri samfélagsins, sirkusmenn og pörustúlkuna Maggý. Hann kynnist einnig skáldinu William Blake. Handan Ermarsundsins ríkir ógnaröld og þau skötuhjúin bræða stigu samfélags hinna ríku og snauðu. Sagan er 358 síður og prentuð í Finnlandi, en Jentas gefur söguna út hér á landi og í Danmörku.








**SJÓNVARP** Saunders sást hér síðast í Ab Fab.

# Síðasta serían

Annað kvöld hefjast á BBC 1 sýningar á nýrri þáttaröð þeirra Dawn French og Jennifer Saunders sem báðar eru þekktar fyrir sjónvarpsverk sín. Í upphafi störfuðu þær sem skemmtikraftar í klúbbum en veldi þeirra óx hratt, bæði með leik í hinu þekkta gamanþáttaliði Fimm og síðan í þáttum undir eigin nafni. French lék síðan aðalhlutverk í kunnum þáttum um prest í smáþorpinu Dibley, meðan Saunders setti saman margar raðir um tískukvendin tvö í þættinum Absolutely Fabulous sem framleiddur var af BBC á árunum 1992 til 2005.

Nýja þáttaröðin verður sú síðasta sem þær munu gera, en jafnframt er í vændum síðasta ferð þeirra um Bretlandseyjar þar sem þær munu koma fram á mörgum stöðum og verður slegist um miðana, því þær hafa á tveimur áratugum skapað sér einstaka stöðu í bresku þjóðlífi og ná vinsældir þeirra langt út fyrir bresku eyjarnar.

French hefur boðað að hún hyggist setjast í helgan stein og segist sannfærð um að lífdagar hennar styttist, en hún hefur frá unga aldri átt við offituvandamál að stríða. - pbb

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

3 4 5 **6** 7 8 9

### Fimmtudagur

### TÓNLEIKAR

- 19.30 **Minifestival** verður haldið á Iðnó í kvöld til styrktar tónlistar- og myndlistarmanninum **Úlfi Chaka Karlssyni** vegna veikinda hans. Fram koma **Singapore Sling, Reykjavík!, Mínus, Mr. Silla, Pornopopp, The Way Down** og **Bacon**. Heyrst hefur að leynigestur kvöldsins verði hljómsveitin **HAM**. Það kostar 1500 kr inn og allur aðgangseyrir rennur óskiptur til Úlfs og fjölskyldu hans.
- 20.00 Raftónlistartónleikar á vegum **Ung Nordisk Musik** fara fram í húsakynnum Listaháskóla Íslands á Sölvhólsgötu 13. Fram koma **Guðmundur Steinn Gunnarsson** með verkið Selbol, **Magnus Olsen Majmon** frá danmörku með verkið Audelá l'inconnu, **Bjorn Erik Haugen** frá Noregi með verkið A pale shade of grey, **David Lennartsson** frá Svíþjóð með verkið Mellem Rummen og **Mathias Hansson** einnig frá Svíþjóð með verkið Norra Kvarken.

### FYRIRLESTRAR

- 12.15 **Maryam Namazie** heldur hádegisfyrirlestur í Odda 101. Erindið kallar hún: **„Afneitun trúarinnar, fyrrum múslimar og áskoranir pólitísks íslams.“** Í erindinu ræðir Maryam þróun pólitísks islams í Evrópu og leiðir til að vinna gegn áhrifum þess. Hún fjallar einnig um það hvernig verja þarf algild mannréttindi. Erindið verður haldið á ensku. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.
- 13.00 Tvennir fyrirlestrar á vegum **Ung Nordisk Musik** eru haldnir í húsakynnum Listaháskóla Íslands á Sölvhólsgötu 13 í dag. Fyrri fyrirlesturinn hefst kl. 13. Hann heitir Spontaneity and Technique og það er **Atli Ingólfsson** sem flytur. Síðari fyrilesturinn hefst kl. 14 Sá ber heitið The Sound of Music - The Music of Sound og **Ríkharður H. Friðriksson** flytur.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Sigga sýnir í Chelsea

Sigga Björg Sigurðardóttir myndlistarkona opnar einkasýningu í New York í dag í Galerie Adler sem er á 27. stræti vestur í Chelsea-hverfinu. Sýningu sína kallar Sigga „Paradox Parade“ en hún samanstendur af teikningum á pappír, teiknimynd og veggjamálverkum.

Sigga Björg er búsett í Glasgow og hefur starfsstöð sína þar þótt hún sýni víða. Hún útskrifaðist frá The Glasgow School of Art 2004 og hefur síðan haslað sér völl í sýningum víðsvegar um heim.

Í kynningu Galeri Adler segir: „Okkur langar að kynna ykkur einhverjar þær undarlegustu verur sem þú hefur rekist á.“ Verkin sýna furðuverur af ýmsu tagi sem koma fram í ímyndun listamannsins, sumar minna á barnateikningar en allar eiga þær sameiginlegt að vekja með áhorfandanum bros í kátleika sínum og kúnstugheitum. Sýningin stendur til loka október. - pbb



**MYNDLIST** Eitt verka Siggu á sýningunni í New York

# Sýning um Nonna

Í ár eru 150 ár liðin frá fæðingu Jóns Sveinssonar, Nonna, þessa merka rithöfundar og jesúítaprests, en hann fæddist 16. nóvember árið 1857. Af því tilefni verður opnuð sýning honum og ferli hans helguð í Þjóðarbókhlöðunni á laugardag. Kalla aðstandendur sýninguna „Pater Jón Sveinsson – en kallaðu mig Nonna“. Sýningin um Nonna lýsir merkilegu lífshlaupi hans í máli og myndum. Konur í Zontaklúbbi Akureyrar, sem reka Nonnahús á Akureyri, eiga veg og vanda að gerð sýningarinnar. Hún er sett upp í samvinnu við Þjóðdeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og stendur til 6. október. Sýningin verður einnig sett upp á Amtsbókasafninu á Akureyri og í Köln í Þýskalandi síðar á árinu. -pbb



**JÓN SVEINSSON** Nonni – bar hróður landsins víða.




## >MIKILL ÁHUGI Á TALENT CAMPUS

Íslenskir kvikmyndagerðarmenn eru hvattir til að kynna sér Talent Campus sem haldin er á vegum RIFF, alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík. Skráning fer fram um þessar mundir á riff.is en meðal þeirra sem brynna af sínum viskubrunni eru Baltasar Kormákur og Tom Kalin.



# bíó

bio@frettabladid.is

## KVIKMYNDANJÖRÐURINN RAGNHILDUR STEINUNN JÓNSDÓTTIR SJÓNVARPSKONA

# *Felldi tár yfir ástarlífi mörgæsa*



**Hvaða mynd sástu síðast í bíó?** Fór nú bara síðast á frumsýningu Astrópíu.

**Hvaða mynd sástu síðast á myndbandi?** Leigði síðast myndina „Amélie“. Vel leikin og flott mynd.

**Hvaða kvikmynd hefur haft mest áhrif á þig?** Það er án efa heimildarmyndin „Ferðalag keisaramörgæsanna“. Ég hefði aldrei trúað því að ég myndi fella tár við að horfa á ástarlíf mörgæsa!

**Hefur þú grátið í bíó?** Já, margoft. Ég græt við minnsta og furðulegasta tilefni í bíó. Hef meira að segja einu sinni staðið mig að því að gráta yfir kredit-lista í lok myndar.

**Uppáhalds íslenska persónan:** Uggi sem Ari Matthíasson lék í myndinni „Veggfóður“. Frábær týpa og góður húmor.

**Mesta kvikmyndastjarna allra tíma:** Katharine Hepburn án efa. Ótrúleg sjarmadrottning á hvíta tjaldinu.

**Mesta hetja hvíta tjaldsins:** Oskar Schindler sem Liam Neeson lék í „Schindler's List“ er alvöru hetja að mínu mati.

**Mesti skúrkurinn:** Karakterinn Annie Wilkes sem Kathy Bates lék í „Misery“ var ógeðfelld persóna.

**Hver er versta kvikmynd sem þú hefur séð?** Kvikmyndin „The Story Of Us“ með Michelle Pfeiffer og Bruce Willis var hrikaleg! Hún var eiginlega bara algjör skelfing.

**Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér?** Ég myndi vilja leika í hasarmynd með fullt af áhættuatriðum. Paul Thomas Anderson myndi leikstýra myndinni og Edward Norton myndi leika á móti mér.

# Bond stelur Bourne

Aðstandendur leyniþjónustumannsins James Bond ætla að láta sverfa til stáls í 22. myndinni (sem reyndar enn hefur ekki hlotið nafn). Leikstjórinn Marc Forster er augljóslega orðinn hundleiður á því að hlusta á Bourne-Bond samlíkingar og ætlar að sanna fyrir heimsbyggðinni að sá breski sé betri en Kaninn. Hann hefur því ráðið Dan Bradley í tökuliðið. Og hver skyldi hann vera?

Bradley hafði yfirumsjón með hönnun áhættuatriða í kvikmyndunum Bourne Ultimatum og Bourne Supremacy þannig að honum ætti að vera kunnugt um hvernig eigi að fá fólk til að grípa andann á lofti yfir hástökkum og slagsmálum.

Mikil leynd hvílir yfir 22.myndinni en þó er vitað að Paul Haggis mun skrifa handritið. Daniel Craig verður sem fyrr í smókinginum og verður forvitnilegt að sjá hvernig harðir aðdáendur taka hinum ljóshærða Breta í annað sinn.

Eitt virðist þó á silkitæru, að bæði Broccoli-fjölskyldan og Forster ætla að bregðast hart við gagnrýni á Bond og sanna í eitt skipti fyrir öllu að hann er miklu meira en bara kvennaflagari og dagdrykkjumaður.



**ENN MEIRI HASAR** Daniel Craig þarf að öllu sínu að halda fyrir næstu mynd því stefnt er að enn flóknari og flottari áhættuatriðum í mynd númer 22.

# De Niro og Pacino saman

Kvikmyndaáhugamenn í Bandaríkjunum ráða sér vart fyrir kæti eftir að fregnir bárust af því að Hollywood-goðsagnirnar Robert De Niro og Al Pacino hygðust endurnýja kynnin í kvikmyndinni Righteous Kill. De Niro og Pacino léku síðast saman í Heat en það var í fyrsta skipti sem þeir tveir sáust saman á hvíta tjaldinu (þeir höfðu auðvitað leikið saman í annarri myndinni um Corleone-fjölskylduna en þá var De Niro í hlutverki ungs Vito sem braust úr sárri fátækt til æðstu metorða í mafíunni í byrjun 20.aldarinnar, Pacino var sem fyrr Michael Corleone).

Leikstjórinn Jon Avnet hyggst hefja tökur í Connecticut og New York en fjöldi stórleikara hefur bæst í hópinn. Meðal þeirra er Jon Leguizamo sem áður hefur haft kynni af þessum risastjörnum en hann drap meðal annars Carlito í Carlito's Way og lék með De Niro í hinni mjög svo vondu The Fan. Aðrir sem hafa verið nefndir eru glæparapparinn 50 Cent og b-myndakónugurinn Brian Dennehy en Righteous Kill segir frá hópi lögreglumanna sem leita að raðmorðingja í New York.



**SAMEINAÐIR** Pacino og De Niro léku saman í Heat en það var í fyrsta skipti sem þessar stórstjörnur birtust saman á hvíta tjaldinu.



# Brostnar hugsjónir fyrir vestan

**Kvikmyndin Veðramót verður frumsýnd á morgun en þetta er nýjasta afurð Guðnýjar Halldórsdóttur. Hún er byggð að einhverju leyti á reynslu leikstjórans sjálfs.**

Veðramót segir frá þremur ungmennum sem ákveða að fylgja hugsjónum sínum, flytjast vestur á land og taka að sér stjórnun á vistheimili fyrir ungt fólk sem hefur komist í kast við lögin eða átt erfitt heima fyrir. Þrátt fyrir að ungmennin þrjú séu öll að vilja gerð þá snýst þessi hugsjónadvöl þeirra upp í hreinustu martröð þar sem sifjaspell og ofbeldi liggur í loftinu

Guðný Halldórsdóttir fór fyrir tæpum þrjátíu árum vestur á Breiðavík og vann þar á betrunarheimili fyrir vandræðaunglinga. „Myndin er samt skáldsaga þótt hún sé að einhverju leyti bygggð á minni reynslu,“ segir Guðný Halldórsdóttir. „Ég var í Breiðavík þegar heimilið var opnað fyrir stúlkur en skildi aldrei af hverju þær voru þarna þá fyrr en tuttugu og fimm árum seinna,“ bætir hún við.

Veðramót er spennusaga og örlagamynd, að sögn Guðnýjar, en hún er líka harmsaga. „Þetta eru eiginlega mín viðbrögð, mitt framlag til umræðunnar um sifjaspell. Og virðingarvottur fyrir samtök á borð við Stígamót og



FYRIRMYNDIN Atli Rafn kemur til betrunarheimilisins Veðramóta en sagan er byggð á reynslu Guðnýjar, leikstjórans sjálfs.



STJARNA FÆDIST Baltasar Breki ásamt Gunnari Schluter en Baltasar er sonur Baltasars Kormáks kvikmyndaleikstjóra.

Blátt áfram sem hafa unnið þrotlaust starf á þessum vettvangi,“ segir Guðný. „Þessa ónáttúru verðum við að stöðva og þetta er mitt framlag í þá baráttu,“ segir hún.

Margir ungir og óreyndir leikarar stíga þarna sín fyrstu skref fyrir framan kvikmyndatökuvélina og Guðný segir það hafa verið afskaplega gaman og gefandi að vinna með þeim. „Algjörlega óvart voru síðan mörg af þeim börn leikstjóra þannig að þau höfðu einhverja smá innsýn inn í þennan heim,“ útskýrir Guðný, en með helstu hlutverk fara þeir Hilmir Snær Guðnason og Atli Rafn Sigurðarson. Þeir eru hins vegar dyggilega studdir af ungviði íslenskrar leiklistar, þeim Baltasar Breka, Arnmundar Ernst og Tinnu Hrafnsdóttur. Til gamans má geta að frænka Tinnu og nafna hennar, Þjóðleikhússtjórinn Tinna Gunnlaugsdóttir, leikur einmitt persónu frænku sinnar þegar hún er eldri.

Veðramót er fimmta kvikmynd Guðnýjar en hún hefur áður gert Kristnihald undir Jökli, Karlakórinn Heklu, Ungfrúna góðu og Húsið og nú síðast Stellu í framboði. Um tónlistina sér Ragnhildur Gísladóttir en meðal þeirra sem hefja upp raust sína er Hilmir Snær.

Veðramót er frekar ódýr mynd á íslenskan mælikvarða. Hún kostaði „aðeins“ 113 milljónir og var að mestu leyti tekinn upp í upptökuveri sem byggt var í Sætúni og eru flestar senur kvikmyndarinnar þaðan.



FRAMLAG LEIKSTJÓRANS Veðramót er fyrst og fremst framlag leikstjórans til baráttunnar gegn kynferðisofbeldi.

# Pixar óánægt

Stjórnendur teiknimyndafyrirtækisins Pixar eru afar ósáttir við yfirmenn Walt Disney. Þrátt fyrir að nýjasta afurðin Ratatouille hafi náð 200 milljóna dollara markinu um helgina telja þeir að forsvarsmenn Disney hafi ekki staðið sig í stykkinu við að kynna myndina. Óttast Pixar að rottukokkurinn Remi nái ekki að komast inn á topp fimm listann þegar árið er liðið en Toy Story, A Bug‘s Life, Finding Nemo og The Incredibles hafa allar náð því.

Samkvæmt fréttasíðunni imdb.com er talið líklegt að Ratatouille komist ekki einu sinni inn á lista yfir tíu mest sóttu myndir ársins en það væri óneitanlega mikill skellur fyrir konunga teiknimyndanna. Eftir því sem heimildir síðunnar herma hefur markaðsdeild Disney viðurkennt að rotta í eldhúsi hafi einfaldlega verið erfitt viðfangsefni.



EKKI NÆG KYNNING Ratatouille hefur náð tvö hundruð milljóna dollara markinu en það er ekki nóg að mati Pixar.




mazda

Veldu rétt

Mazda6 er hagkvæmasti bíllinn í rekstri í sínum stærðarflokki, samkvæmt félagi þýskra bíleigenda, ADAC. Komdu í Brimborg og prófaðu Mazda6.

Prófaðu eitthvað nýtt. Gerðu samanburð á japönskum gæðum - berðu saman bæði gæði og þjónustu Toyota og Mazda. Mazda keppir við hvern sem er - helst Toyota. Vertu sportlegur. Veldu annan stíl. Núna Mazda6.

Mazda6 Touring 4 dyra 2,0i sjálfskiptur

2.640.000 kr.*

Vertu sportlegur
Veldu annan stíl
Núna Mazda6

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.mazdabrimborg.is

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.mazdabrimborg.is

**Prófaðu...**

*...að skipta einhverjum af kaffibollum dagsins út fyrir yljandi te. Úrvalið er þvílíkt að allir ættu að geta fundið eitthvað gómsætt við sitt hæfi, hvort sem um ræðir kamillute, grænt te, chai eða fjallagrasate.*



# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN ÞRÚÐUR VILHJÁLMSDÓTTIR LEIKKONA

# Þykir gellur ekki geðslegar



**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Þarf það að vera matur? Ég held að það sé helst vatn. Og svo fiskur.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið:**
Það er erfitt að velja úr þeim. Ég held reyndar að það sé lambakjöt sem ég fékk hjá foreldrum mínum. Það toppar eiginlega alla veitingastaði.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Já, það er lifur og gellur.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum:**
Ég nota mikið af engifer sem krydd út í fiskrétti og á allt mögulegt. Mér finnst það mjög gott.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Það eru ávextir, held ég bara.

**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**
Það er alltaf til mjólk, ostur og ávextir.

**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Þá myndi ég taka með mér banana og súkkulaði.

**Hvað er það skrýtnasta sem þú hefur borðað?**
Ég held að það séu ostrur. Ég fékk þær bara í heimahúsi. Mér fannst þær svolítið skrýtnar. Mér fannst ein góð, en gat svo ekki borðað mikið fleiri en það, mér fannst þær eitthvað svo slímugar.

# Gjöf guðanna

Hinn gríski Hómer kallaði perur gjöf guðanna í Ódysseifskviðu sinni. Perur, sem flestir borða beint úr ávaxtaskál heimilisins, fara líka afar vel í mörgum matréttum. Þær má hægelda í krydduðu soði, og fara afar vel í eftirrétti í þeirri birtingarmynd. Ferskar perur smellpassa líka við ýmiss konar osta og og hnetur. Tíminn ræður því hversu mikið er færst í fang við framreiðslu þeirra. Perur má til dæmis fylla með osti, eða baka áður en osturinn kemur til sögunnar. Hins vegar má líka bera ferskar perusneiðar fram á brauði eða kexi ásamt gorgonzola og pekanhnetum, geitaosti og möndlum eða brie-osti og heslihnetum, svo eitthvað sé nefnt. Þessar blöndur má líka nota í skemmtileg salöt.

Ef perur eru keyptar harðar út úr búð er um að gera að skella þeim í bréfpoka og bæta banana í hópinn. Það hraðar þroskunarferlinu svo þær nái að verða sætar og mjúkar í tæka tíð.



**MARGAR BIRTINGARMYNDIR** Auk þess sem perur bragðast vel beint úr ávaxtaskálinni fara þær afar vel í samkrulli við góða osta og hnetur.

# Námskeiðin hefjast

Kvöldskólarnir fara nú flestir að kynna haustdagskrá sína, enda námskeiðshald rétt að hefjast. Kvöldskóli Kópavogs er á meðal þeirra sem bjóða upp á matreiðslunámskeið fyrir áhugafólk.

Á meðal þeirra námskeiða sem boðið verður upp á í ár er gerð bauna-, pasta- og grænmetisrétta, námskeið í suðrænum réttum, hráfæði, matargerð fyrir karlmenn og námskeið í bökugerð. Þar læra nemendur að gera botna í hvers kyns bökur og elda allt frá sjávarréttaböku til eftirréttarböku.

Hverjir þeir sem hafa hug á að sækja námskeið í matargerð ættu því að drífa sig í að kynna sér námskrár skólanna.



**BÖKUNÁMSKEIÐ** Á meðal þess sem Kvöldskóli Kópavogs býður upp á haust er námskeið í bökugerð. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA






# Falafel fyrir fjölskylduna

**Matthías Hemstock tónlistarmaður hefur gaman af framandi matargerð. Hann eldar mið-austurlenskt falafel í risaskömmtum.**

„Ég hef aðallega áhuga á mat sem kallaðist einhvern tímann „exotískur" hérna. Það er til dæmis taílenskur matur, indverskur og mexíkóskur. Svo finnst mér mið-austurlenskur matur líka alveg rosalega fínn. Hann hentar grænmetisætum líka mjög vel, það er svo auðvelt að sleppa kjötinu í honum," sagði Matthías, en hann og fjölskylda hans borða aðallega grænmetisfæði.

Á fimm manna heimili er í nógu að snúast, og því grípur Matthías oft til þess ráðs að elda stórar uppskriftir í einu og frysta afgangana. „Fyrir utan falafelið geri ég stundum pottrétti með kúskús eða chilli sin carne, úr baunum. Það dugar alveg í þrjár máltíðir fyrir okkur," sagði hann.

Falafel-uppskriftin sem hann lætur lesendum Fréttablaðsins í té dugar því fyrir allt að tólf manns. „Þetta er dálítil fyrirhöfn, af því að maður þarf að djúpsteikja bollurnar," sagði Matthías. Hann byrjar á því að brúna kryddin á pönnu, en segir lítið mál að nota duft í staðinn. Til að djúpsteikja bollurnar þarf ekki annað en góða steikarpönnu og bragðlitla olíu. „Ég nota wok-pönnu, og ég held að það þurfi svona um fjóra sentímetra af olíu," útskýrði Matthías.

Í næstu viku leggur hann land undir fót með Rússíbönunum. „Öll næsta vika er undirlögð í Tónlist fyrir alla á Vesturlandi. Við verðum sveimandi um sveitirnar á daginn, þegar við heimsækjum skóla, og svo spilum við fyrir fullorðna fólkið á kvöldin. Þetta er alvöru tónleikaferðalag," sagði Matthías og hló við.



**FEÐGAR MEÐ FALAFEL** Matthías Hemstock ásamt Braga syni sínum. Það er nóg að gera hjá fimm manna fjölskyldu, svo Matthías bregður gjarnan á það ráð að elda stórar uppskriftir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**FALAFEL**

- 500 g kjúklingabaunir
- 2-3 laukar
- nokkur hvítlauksrif
- 1 msk. kúmín
- 1 msk. kóríander
- 1 tsk. túrmerik
- 1 pakki kóríanderlauf eða steinselja, með stilkum
- 2 msk. Gram kjúklingabaunamjöli
- Cayenne pipar eftir smekk
- Salt eftir smekk
- Olía til djúpsteikingar

Kjúklingabaunir lagðar í bleyti yfir nótt. Allt maukað í matvinnsluvél. Gott er að byrja á öllu nema baununum, blandan svo sett í stóra skál. Baunir maukaðar og blandað vel saman við kryddblönduna, helst í hrærivél. Cayenne-pipar má sleppa til að milda réttinn.

Olía hituð við meðalháan hita þar til byrjar að krauma vel í kringum deigið. Bollur formaðar með tveimur matskeiðum, settar beint í olíu. Steikið eins margar og komast fyrir. Steikið í 2-3 mínútur á hvorri hlið.

Látið þorna aðeins á pappír eða grind.

Berið fram með pítubrauði og grænmeti, s.s. agúrkum, tómötum og salatblöðum. Íslensk pítusósa, sýrður rjómi, baba ghanoush og chilliolía fer allt mjög vel með.

Falafel má frysta og hita svo upp í ofni. sunna@frettabladid.is

# Ostrudagar fyrir forvitna

Veitingastaðurinn Domo efnir til ostrudaga um helgina. Ragnar Ómarsson, yfirkokkur á Domo, sagði ætlunina vera að leyfa gestum að kynnast ostrum, sem teljast ansi sjaldséðir hrafnar hér á landi. „Við ætlum að gefa öllum eina ostru. Það er mikil forvitni í kringum þennan mat, svo við viljum leyfa fólki að smakka aðeins. Við munum ganga um með svakalegan bala og opna eina ostru fyrir þá sem þora," útskýrði hann. „Við verðum hins vegar líka með mismunandi vinaigrettur með, svo fólk fái ekki bara sjóinn upp í sig," bætti hann við.

Ragnari innan handar verður Alfreð Ómar Alfreðsson, matreiðslumeistari og kokkalandsliðsmaður. „Alfreð flytur ostrurnar inn sjálfur og við fáum þær beint frá Írlandi. Þetta getur ekki verið ferskara," sagði Ragnar. Þeim gestum sem kunna að meta ostrurnar býðst svo að panta disk með fimm, sex eða tíu ostrum. „Svo verðum við með fimm rétta matseðil með smá ostruþema líka, fyrir þá sem hafa áhuga," benti Ragnar á.

Ostrudagarnir standa yfir á föstudag og laugardag. Borðapantanabók Domo er óðum að fyllast fyrir þá daga, svo þeir sem hafa áhuga á ostrusmakki þurfa að vera fljótir til. Aðrir þemadagar í haust verða villibráðardagar, humardagar og ástralskir dagar, áður en jólahlaðborðatíðin gengur í garð. - sun



**OSTRUDAGAR** Marga dreymir um að fá að bragða á ostrum, sem oftar en ekki er talað um sem frygðarauka.



**ÞEMADAGAR** Ragnar Ómarsson og starfslið hans á Domo efna til ýmiss konar þemadaga í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# PERLURUGL!

## ÚTIVISTAR, TÍSKU OG SKÓMARKAÐURINN

# LOKASLAGURINN Í PERLUNNI

- OPIÐ FRÁ 12:00 - 18:00 ALLA DAGA TIL 9. SEPTEMBER -

## NÚ FER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR

### 66°Norður

Jakkar................ 4.500 – 7.500 kr.
Fleece................ 3.000 – 4.500 kr.
Dúnúlpur............ 9.000 kr.
Fylgihlutir........... 500 – 1.000 kr.
Krakka buxur...... 1.500 – 3.000 kr.
Krakkajakkar..... 2.000 kr.
Skyrtur.............. 2.000 kr.
Regnjakkar barna 1.000 kr.
Regnbuxur barna 1.000 kr.
Regnföt fullorðins 3.000 kr.

### Skór

Herraskór frá.......... [illegible]
Dömuskór frá.......... [illegible] kr.
Barnaskór frá.......... 500 kr.
Ecco dömus[illegible] 3000 áður 11995 kr.
Dömustígvél frá..... 3000 áður 14995 kr.

### Blend

Jakkar frá.......................... 3000 kr.
Peysur frá.......................... 1500 kr.
Skyrtur frá.......................... 1500 kr.
[illegible].......................... [illegible]000 kr.
Buxur frá.......................... 2000 kr.
[illegible].......................... 1500 kr.
[illegible].......................... 1500 kr.

HÖFUM AUKIÐ VÖRUÚRVALIÐ
AÐEINS 4 DAGAR EFTIR
FIMMTUDAGUR - FÖSTUDAGUR - LAUGARDAGUR OG SUNNUDAGUR



BLEND She
Kaupfélagið
66° NORÐUR
ecco
BLEND
STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN

# Fólk



> VISSIR ÞÚ?

Nick Lachey, fyrrum kærasti Jessicu Simpson, og Carmen Electra voru saman í bekk í menntaskóla. Þau léku meira að segja saman í leikritinu um Pétur Pan.

folk@frettabladid.is

# Sú lélegasta á eBay

Plata Trúbrots frá árinu 1970, Undir áhrifum, er seld hæstbjóðanda á uppboðssíðunni eBay. Hæsta boð til þessa nemur þrettán þúsund krónum og hafa þrettán manns boðið í plötuna.

„Þetta var lélegasta Trúbrotsplatan í mínum huga en ef það er einhver sem vill borga fyrir hana þá er það bara ókei,“ segir Gunnar Þórðarson, fyrrum meðlimur Trúbrots. „Ég á þessa plötu ekki einu sinni sjálfur þannig að ég get ekki selt mína,“ segir hann og hlær.



**GUNNAR ÞÓRÐARSON** Hljómsveitin Trúbrot gaf árið 1970 út plötuna Undir áhrifum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem plötur þar sem Gunnar kemur við sögu ganga kaupum og sölum á uppboðum. Dæmi eru um að plötur Thor´s Hammer hafi farið á að minnsta kosti fimmtíu þúsund krónur hjá söfnurum.

Á eBay segir að Undir áhrifum sé frábær önnur plata þessarar goðsagnakenndu hljómsveitar. Kom eintakið út á vegum Parlophone í Danmörku. Seljandinn er aftur á móti frá Brooklyn í Bandaríkjunum. - fb

# Baksviðs á Næturvakt

**Leikin heimildarmynd um hvað fór fram á bak við tjöldin við gerð Næturvaktarinnar verður frumsýnd á Vísir.is í dag. Þar má sjá viðtöl við þær persónur sem Jón Gnarr og Pétur Jóhann Sigfússon bregða sér í auk annarra sem koma við sögu í þáttaröðinni. Þetta mun vera í fyrsta skipti sem íslenskur sjónvarpsþáttur nýtir sér netið á þennan hátt en þúsundir hafa kíkt á þau fjögur myndbrot úr þáttaröðinni sem eru á YouTube-vefsjónvarpssíðunni.**

**Næturvaktin verður frumsýnd á Stöð 2 16. september.**





Valensia stendur fyrir vönduð undirföt á frábæru verði

Í Hagkaupum færð þú fjölbreytt úrval Valensia undirfata í stærðum sem henta íslenskum konum.

Þú getur valið allt frá einföldum, látlausum línum úr hágæða efnum sem móta líkama þinn á léttan og þægilegan hátt til ríkulegs blúnduundirfatnaðar með stuðningi.

Valensia undirföt eru endingargóð og endurspegla undirfatatískuna hverju sinni.
Fegurð, vönduð snið og þægindi eru í fyrirrúmi.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla


## FRÉTTIR AF FÓLKI



Leikarinn **Tobey Maguire** kvæntist Jennifer Meyer við hátíðlega athöfn á Hawaii síðastliðinn mánudag. Maguire og Meyer byrjuðu saman árið 2003 og eiga dótturina Ruby sem fæddist í nóvember. Meyer er dóttir háttsetts aðila innan Universal-kvikmyndafyrirtækisins en Maguire er eins og flestir vita þekktastur fyrir hlutverk sitt sem Köngulóarmaðurinn.



Leikkonan **Nicole Kidman** trúlofaði sig eftir að hún hætti með **Tom Cruise** og áður en hún hitti núverandi eiginmann sinn **Keith Urban**. Hún segist ekki hafa verið tilbúin til að trúlofast og á endanum hafi ekkert orðið úr sambandinu. Í viðtali við Vanity Fair segist hún jafnframt vilja eignast barn með Urban en hún á fyrir tvö ættleidd börn með Cruise.



Leikkonan **Hally Berry** hefur staðfest að hún sé komin þrjá mánuði á leið með sitt fyrsta barn. Á hún von á barninu með kærasta sínum **Gabriel Aubry**. „Við Gabriel erum ótrúlega spennt. Ég hef beðið lengi eftir þessari stund. Næstu sjö mánuðir verða þeir lengstu í lífi mínu,“ sagði Berry.

Gamanleikarinn **Bill Murray** segist hafa verið að skutla fólki heim þegar hann var handtekinn í Svíþjóð í síðasta mánuði, drukkinn í golfbíl. Murray segist hafa verið í partíi þegar hann bauðst til að skutla fólkinu heim til sín. „Ég var með sex manns í bílnum og skutlaði þeim heim til sín einu í einu,“ sagði Murray. Sænskir dómstólar eiga enn eftir að úrskurða hvort hann verði dæmdur fyrir ölvunarakstur.



# Þekktur leikari í myndbandi Kenyu

**Bandaríski leikarinn og tónlistarmaðurinn Leon leikur á móti íslensku R&B-söngkonunni Kenyu í myndbandi hennar við lagið This Is Real. Tökur á myndbandinu standa yfir hér á landi og er þar að sjálfsögðu notast við íslenska náttúrufegurð.**

Leon, sem starfrækir hljómsveitina Leon and the Peoples, hefur leikið í þekktum myndum á borð við Cliffhanger, Waiting To Exhale og Cool Runnings og er Kenya vitaskuld hæstánægð með að starfa með honum. „Umboðsmaðurinn minn úti er að vinna með honum og við ákváðum að leiða hesta okkar saman í þessu verkefni," segir Kenya. Hljómsveit hans spilaði einnig undir hjá Kenyu á tónleikum hennar í New York á dögunum. Voru það fyrstu tónleikar hennar þar í borg og gengu þeir glimrandi vel að hennar sögn.

Upptökum á fyrstu plötu Kenyu er að ljúka og kemur hún út fyrir jólin. Næstu tónleikar hennar verða á Iceland Airwaves-hátíðinni en þangað til verður hún önnum kafin við gerð nýju plötunnar og fleiri myndbanda tengdum henni.

**freyr@frettabladid.is**



**LEON** Bandaríski leikarinn Leon leikur á móti Kenyu í nýjasta myndbandi hennar. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



**KENYA** Söngkonan Kenya er að undirbúa sína fyrstu sólóplötu.

# Caine heiðraður

Leikarinn gamalreyndi Sir Michael Caine hlaut verðlaun karlatímaritsins GQ í Bretlandi fyrir æviframlag sitt til leiklistarinnar. Sir Michael, sem er 74 ára, hlaut verðlaunin fyrir hlutverk sín í myndum á borð við The Italian Job og Alfie.

Simon Pegg, sem lék í Hot Fuzz, var valinn leikari ársins og James Blunt sólótónlistarmaður ársins. Verðlaunaafhendingin fór fram í konunglega óperuhúsinu í Covent Garden í London og var Sir Elton John kynnir kvöldsins.

Rapparinn Kanye West var kjörinn besti erlendi listamaðurinn og Kaiser Chiefs var valin hljómsveit ársins. Best klæddi maðurinn var Johnny Borrell úr hljómsveitinni Razorlight.



**MICHAEL CAINE** Sir Michael Caine ásamt Jude Law, sem afhenti honum verðlaunin. NORDICPHOTOS/AFP

# Jude handtekinn

Íslandsvinurinn Jude Law var handtekinn í London á þriðjudag eftir átök við paparazzi-ljósmyndara. Átökin voru skilgreind sem „árás" á ljósmyndarann, en leikarinn kunni reyndi að hrifsa myndavélina af honum.

Atvik þetta átti sér stað fyrir utan heimili Law í Maida Vale í Vestur-London. Jude mætti síðar á lögreglustöð þar sem hann var formlega handtekinn. Fingraför leikarans voru tekin og ákveðið var að málið yrði tekið fyrir í næsta mánuði. Jude neitar sök. Hvorki hann né talsmaður hans vildu tjá sig um málið við fjölmiðla í gær.



**HARÐUR AF SÉR** Jude Law réðst á ljósmyndara fyrir utan heimili sitt og reyndi að hrifsa af honum myndavélina. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES





**Námsmannaþjónusta Sparisjóðsins**

Við hjá Sparisjóðnum viljum vera í góðu sambandi við viðskiptavini okkar. Félagar í Námsmannaþjónustunni njóta persónulegrar þjónustu sem er sniðin að þörfum hvers og eins, auk góðra kjara og spennandi sértilboða. Við erum alltaf til í að ræða málin – ef sambandið er gott, gengur allt annað betur líka.

Skoðaðu málið betur á **www.spar.is** til þess að komast í gott samband!

SPARISJÓÐURINN
Námsmannaþjónusta




| ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| DISTURBIA | kl. 5:30 - 8 - 10:20 | 14 |
| LICENSE TO WED | kl. 6 - 8 - 10:10 | 7 |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 6 - 8 - 10:10 | L |
| ASTRÓPÍÁ VIP | kl. 8 - 10:10 | L |
| RATATOUILLE M/- ENSKU TAL | kl. 8:10 - 10:20 | L |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 5:30 | L |
| TRANSFORMERS | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | 10 |
| SELFOSSI S. 482 3007 | | |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 8 - 10 | L |
| RUSH HOUR 3 | kl. 8 - 10 | 12 |

| KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| ASTRÓPÍÁ | kl.6:30-8:30-10:30 | L |
| LICENSE TO WED | kl. 6 - 8 - 10:10 | 7 |
| BOURNE ULTIMATUM | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 14 |
| AKUREYRI | | |
| LICENSE TO WED | kl. 8 | 7 |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 6 - 8 | L |
| KEFLAVÍK | | |
| BOURNE ULTIMATUM | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| ASTRÓPÍA | kl. 8 - 10 | L |







LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| DISTURBIA | kl. 8 og 10.20 | 14 |
| BRETTIN UPP íslenskt tal | kl. 6 | L |
| THE BOURNE ULTIMATUM | kl. 5.40, 8 og 10.20 | 14 |
| RATATOUILLE | kl. 5.30 | L |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| SURFS UP ENSKT TAL | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | |
| BRETTIN UPP ÍSL. TAL | kl. 4 - 6 | |
| BOURNE ULTIMATUM | kl. 8 - 10.30 | 14 |
| BOURNE ULTIMATUM LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 4 - 8 - 10 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL | kl. 4 - 6 | |
| RUSH HOUR 3 | kl. 6 - 8 - 10.10 | 12 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

SÝNINGARTÍMAR GRÆNA LJÓSSINS

| | |
|---|---|
| KL. 5.30 | Away From Her / Die Falscher |
| KL. 8 | Away From Her / Sicko / Cocaine Cowb. |
| KL. 10.30 | Sicko / Shortbus / The Bridge |

| | |
|---|---|
| EVENING | kl. 5.30 - 8 - 10.30 |
| BRETTIN UPP ÍSL. TAL | kl. 6 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| BRETTIN UPP ÍSL. TAL | kl. 6 | |
| ASTRÓPÍA | kl. 6 - 8 - 10.10 | |
| BOURNE ULTIMATUM | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| RUSH HOUR 3 | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| BECOMING JANE | kl. 8 - 10.30 | |

SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| BRETTIN UPP ÍSL. TAL | kl. 6 | |
| DISTURBIA | kl. 8 - 10.10 | 14 |
| BOURNE ULTIMATUM | kl. 8 - 10.10 | 14 |
| RUSH HOUR 3 | kl. 6 síðasta sýning | 12 |

MIÐASALA Á midi.is


# Næntís-þemað slær í gegn

„Við byrjuðum á þessu því okkur langaði til að halda stór og skemmtileg þemapartí með tónlist sem fær fólk til að dansa. Næntís-tónlistin er fyndin og skemmtileg og fötin líka þannig að okkur fannst þetta tilvalið þema,“ segir Curver sem heldur, í samstarfi við hina bresku Kiki-Ow, tvö slík partí um helgina hvort í sinum landshlutanum. Eitt á Nasa í Reykjavík og annað á Sjallanum á Akureyri.

Gestir hafa tekið næntís-þemað alla leið og margir mæta í neongöllum með flautur um hálsinn og neonljós í hárinu.

Curver segir að það hafi alveg vantað svona þemapartí í íslenskt skemmtanalíf og fólk sé þyrst í þetta. „Það hafa margir sagt eftir kvöldin að þeir hafi ekki dansað svona mikið í mörg ár og það er fyrst og fremst það sem við viljum að fólk geri.“

Hægt er að nálgast miða á bæði kvöldin á midi.is. Gleðin verður í Sjallanum á föstudag og á Nasa á laugardag.



**MÁLNINGARGALLAR OG NEONLJÓS** Curver og Kiki-Ow halda næntís-partí í Sjallanum og á Nasa um helgina.



**GUÐMUNDUR INGI ÞORVALDSSON** Guðmundur Ingi hefur samið barnarokksöngleikinn Sagan af Eyfa (bönnuð börnum).
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Óður til lífsgleði barna

**„Það er allt of langt síðan gefin var út almennileg barnaplata með broddi og ádeilu,“ segir leikarinn og söngvarinn Guðmundur Ingi Þorvaldsson, sem hefur samið barnarokksöngleikinn Sagan af Eyfa (bönnuð börnum).**

Plata með nítján lögum eftir Guðmund Inga kemur út í október. „Þessi plata er tileinkuð börnum sem voru send í sveit heim til mín í gamla daga á bæina í kring. Þarna voru tveir til þrír sveitabæir sem tóku við krökkum sem áttu bágt. Þeir sögðu manni oft algjörlega ótrúlegar sögur af lífi sínu. Maður var svo mikill krakki að maður sagði bara: „Viltu ekki samt koma í fótbolta?“ Löngu seinna áttaði maður sig á því hvernig lífi þau hefðu lifað en flest þeirra hafa orðið að góðum og gildum þjóðfélagsþegnum,“ segir Guðmundur Ingi, sem ólst upp í Reykholtsdal í Borgarfirði.

**Erfiðleikar hjá Eyfa**

Platan fjallar um ævi Eyfa frá fæðingu þar til hann verður sautján ára og fær bílprófið. „Þetta fjallar um strák sem á góða frumbernsku en fullorðna fólkið í kringum hann er með allt niður um sig. Þegar hann er átta ára greinist hann með hvítblæði og þá kemur í ljós að pabbi hans er í raun ekki pabbi hans. Pabbinn drepur sig og mamman fer á kaf í rugl. Hann eignast misgáfulega skyndipabba og síðan er hann tekinn frá mömmu sinni og sendur í sveit til afa síns. Þar lifir hann lífinu og verður að manni,“ segir Guðmundur og bætir við: „Platan óður til lífsgleði og stórkostlegrar aðlögunarhæfni barna.“

**Hundrað manna verkefni**

Platan er fyrsta verkefni vetrarins hjá listfélaginu Fimbulvetri. Hátt í eitt hundrað manns koma að verkefninu, þar á meðal Selma Björnsdóttir, Þórunn Lárusdóttir, Árni Beinteinn Árnason, Ólafur Darri Ólafsson, Guðrún Ásmundsdóttir og Þórdís Elva Þorvaldsdóttir. Einnig hafa þeir Axel Árnason, Árni Hjörvar Árnason og Þórður Gunnar Þorvaldsson verið honum til halds og trausts.

**Söngleikur í bígerð?**

Guðmundur er afar ánægður með þennan myndarlega hóp. „Þetta er stórkostlegt og það eru forréttindi að fá að vera listamaður að vinna að sínum eigin hugðarefnum.“ Hann útilokar ekki að söngleikur byggður á plötunni verði settur á fjalirnar en það eigi þó allt eftir að koma í ljós.

freyr@frettabladid.is

# Heilbrigði og hjartans kæti

Er til eitthvað eitt í þessum heimi sem getur fengið mann til þess að gleðjast jafn auðveldlega og oft og tónlist? Auðvitað myndi maður gleðjast brjálæðislega ef lottóvinningur myndi falla manni í skaut, ef Palestínumenn og Ísraelar myndu sættast og/eða ef maður myndi heimta gamlan og góðan vin úr helja. Líkurnar á þessu eru hins vegar, því miður, hverfandi og þá er gott að eiga traustan vin eins og tónlistin er. Og ef einhver sveit í heiminum í dag kann að gleðja jafn auðveldlega (að minnsta kosti hið litla hjarta undirritaðs) þá hlýtur sú sveit að vera hin ástralska Architecture in Helsinki.

Fyrri plötur sveitarinnar voru báðar frábærar og á þeirri þriðju er gleðinni haldið áfram. Platan er sú fyrsta frá sveitinni sem gefin er út af stóru plötufyrirtæki (Polyvinyl) og flestir virðast ekki á eitt sáttir um ágæti plötunnar. Fyrir mitt leyti svíkur hún mig, sem aðdáanda Architecture in Helsinki, ekki um eitt prósent. Lögin eiga samt til að flakka of mikið um og söngur Camerons Bird er oft full taugaveiklaður. Eftir nokkra tamningahlustun rennur platan samt í gegn eins og bros unglings á nýjustu Will Ferrell myndinni.

Heart It Races og Hold Music flokkast auðveldlega með bestu lögum ársins og fleiri lög fá einnig háa einkunn en önnur ekki, eins og gengur og gerist. Places Like This er einfaldlega þannig plata að maður smellir henni í tækið og leyfir henni að njóta sín. Platan er reyndar nokkuð frábrugðin fyrirrennurum sínum en samt getur engin önnur sveit en AiH verið hér á ferð. Ég get samt vel skilið að hljómsveitin stuði einhverja og sérstaklega þessi plata, því vissulega er hún stuðandi. Ég get samt ekki annað séð en að hér sé blússandi jákvætt stuð á ferð.

**Steinþór Helgi Arnsteinsson**



**TÓNLIST**

**Places Like This**

Architecture in Helsinki

★★★★

Þó að sumarið sé á enda þá sér AiH okkur fyrir framlengingu á því. Ekkert bætir eins mikið og hjartans kæti sem AiH á greinilega nóg af.



THE KLAXONS Hljómsveitin The Klaxons fagnar Mercury-verðlaununum sínum. NORDICPHOTOS/AFP

# Íslandsvinir verðlaunaðir

**Hljómsveitin The Klaxons vann hinn virtu Mercury-verðlaun í Bretlandi fyrir plötu ársins, frumraunina Myths of the Near Future. Bar hún nokkuð óvænt sigurorð af Amy Winehouse, Arctic Monkeys, Dizzee Rascal og Bat For Lashes sem höfðu einnig verið tilnefnd.**

Söngvari The Klaxons, Jamie Reynolds, sagði að sveitin hefði átt skilið að vinna Mercury-verðlaunin frekar en Winehouse vegna þess að á plötunni hennar væri fortíðarhyggjan í fyrirrúmi en á þeirra væri meiri framtíðarbragur. Meðlimur dómnefndarinnar var á sama máli: „Þessi plata hefði aðeins getað verið samið í Bretlandi og aðeins á þessum tíma. Þetta er mjög heilsteypt plata," sagði hann.

The Klaxons var stofnuð fyrir tveimur árum. Spilaði sveitina á síðustu Airwaves-hátíð í Hafnarhúsinu við góðar undirtektir. Fyrir sigurinn fær hún rúmar tvær og hálfa milljón króna í sinn hlut.

Amy Winehouse, sem hefur átt við vímuefnavandamál að stríða, söng á hátíðinni lagið A Losing Game. Var þetta í fyrsta sinn sem hún kom fram opinberlega í nokkrar vikur og var eftirvæntingin því mikil á meðal áhorfenda. Stóðst hún pressuna auðveldlega og þótti komast ákaflega vel frá sínu.



AMY WINEHOUSE Frammistaða Winehouse á Mercury-verðlaununum vakti mikla lukku.

# Hjálmar í upptökum

Reggísveitin Hjálmar er síður en svo dauð úr öllum æðum því hún hóf upptökur á sinni þriðju plötu síðastliðinn sunnudag. „Við erum komnir með níu lög sem við erum búnir að taka upp sem grunna," segir Guðmundur Kristinn Jónsson, gítarleikari Hjálma. Stefnt er á að upptökulotan standi yfir í tvær vikur og er útgáfa fyrirhuguð í október.

Guðmundur býst við því að platan verði nokkuð öðruvísi en hinar tvær, þó svo að reggíið verði áfram í fyrirrúmi. „Í grunninn er þetta reggí en menn hafa leyfi til að gera eitthvað annað."



HJÁLMAR Reggísveitin Hjálmar er að taka upp sína þriðju plötu.

Hjálmar ætla að frumflytja efni af nýju plötunni á haustfagnaði á Nasa á föstudagskvöld. Húsið verður opnað á miðnætti og er frítt inn. - fb





www.volkswagen.is




* Á meðan birgðir endast.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 07-1197

Komdu og prófaðu Golf GT Sport og fáðu miða á hasarmyndina The Bourne Ultimatum.*

Ómótstæðilegur, þú fellur fyrir honum eins og skot!

170 hestafla TSI-vélin kemur bílnum í 100 km hraða á aðeins 7,9 sekúndum og eyðir aðeins 7,3 lítrum í blönduðum akstri. Sportfjöðrunin tryggir hámarksupplifun af akstrinum. Meðal annars búnaðar er: Sportinnrétting, GT-grill, sóllúga, álfelgur og fjölrofastýri. Bíllinn er samlitur með skyggðum rúðum.

Verð frá 3.090.000 kr.

Volkswagen Golf GT Sport er grænn bíll

HEKLA greiðir fyrir kolefnisjöfnun allra nýrra Volkswagen-bíla í eitt ár. Kolefnisjöfnun felst í því að binda samsvarandi magn gróðurhúsalofttegunda og bíllinn gefur frá sér. Þetta gerum við með skógrækt og landgræðslu.

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA

## > Bestu dómararnir



Þeir Kristinn Jakobsson og Egill Már Markússon fengu átta í einkunn hjá Fréttablaðinu fyrir frammistöðu sína í 15. umferð. Kristinn dæmdi leik ÍA og Breiðabliks og Egill Már viðureign FH og KR.

## > Bestu ummælin



„Það er verk að vinna í þessu fríi. Það er vonandi að menn láti þessa rassskellingu sér að kenningu verða,“ sagði Logi Ólafsson, þjálfari KR, eftir 5-1 stórtap sinna manna fyrir FH.

# sport

sport@frettabladid.is

**15. UMFERÐ LANDSBANKADEILDAR KARLA:** SPENNA Á TOPPI OG BOTNI

## *Stórsigrar Vals og FH gefa tóninn*

FH og Valur gáfu ekkert eftir í toppbaráttu Landsbankadeildar karla í 15. umferðinni. Bæði lið unnu sína leiki stórt, 5-1, og er því munurinn á liðunum enn þrjú stig. Bæði lið eiga þó næst á dagskrá erfiða leiki fyrir höndum en ef FH-ingar komast ekki lengra frá Valsmönnum eftir næstu umferð verður leikur liðanna í 17. umferð afar þýðingamikill og í sjálfu sér úrslitaleikur mótsins.

Fallslagurinn er líka enn mjög harður. KR varð fyrir barðinu á FH og Víkingar töpuðu stórt fyrir Valsmönnum. KR mætir næst HK á heimavelli og þurfa sárlega á þremur stigum að halda. Ef HK-ingar vinna hins vegar munu þeir endanlega hafa tryggt veru sína í efstu deild.

ÍA og Fylkir eru í baráttunni um þriðja sætið á meðan að Breiðablik og Keflavík sigla lygnan sjó. Baráttan við botninn heldur þó áfram hjá Fram og Víkingi.




## TÖLURNAR TALA

**Flest skot:** 23, FH og Fylkir.
**Flest skot á mark:** 15, FH.
**Fæst skot:** 6, Fram.
**Besta skotnýting:** Fram, 33%
**Hæsta meðaleink.:** FH, 7,17.
**Lægsta meðaleink.:** KR, 4,14.
**Grófasta liðið:** ÍA og Valur, 16 brot.
**Prúðasta liðið:** Víkingur, 7 brot.

**Fjöldi áhorfenda:** 5.545

Nógu margir áhorfendur komu á leiki 15. umferðar til að slá áhorfendamet efstu deildar karla en ekki til að rjúfa 100 þúsund manna múrinn. Það kemur í næstu umferð. Samtals hafa mætt 98.412 manns á leiki sumarsins en gamla metið var sett í fyrra þegar 98.026 áhorfendur mættu á völlinn.

# Ótrúlegur mánuður að baki

**Ásgeir Gunnar Ásgeirsson skoraði fyrstu þrennu sumarsins í 5-1 sigurleik FH á KR. Hann er leikmaður 15. umferðar Landsbankadeildar karla að mati Fréttablaðsins en hann hefur farinn mikinn undanfarin mánuð í bæði deild og bikar.**

**FÓTBOLTI** FH-ingurinn Ásgeir Gunnar Ásgeirsson er leikmaður 15. umferðar Landsbankadeildar karla að mati Fréttablaðsins. Þetta er í annað skiptið sem hann hlýtur þá nafnbót en í bæði skiptin er það frammistaða hans gegn KR sem dregur það besta fram í honum.

„Ég svo sem veit ekki hvað veldur þessu,“ sagði hann í léttum dúr. „Okkur FH-ingum hefur gengið vel með KR og þetta er kannski hluti af því.“

Ásgeir Gunnar skoraði þrennu í 5-1 sigri FH-inga á KR á Kaplakrikavelli. Það er í fyrsta skiptið í efstu deild í sumar sem leikmaður nær þrennunni.

Annars hefur Ásgeir Gunnar farið mikinn undanfarinn mánuð í bæði deild og bikar. Hann hefur skorað sex mörk í jafn mörgum leikjum sem þykir auðvitað sérstaklega gott fyrir miðvallarleikmann. Hann skoraði til að mynda í bæði fjórðungs- og undanúrslitum bikarsins. Í fyrrnefnda leiknum tryggði hann sínum mönnum sigur á lokamínútunum í spennandi leik gegn Val.

Til að króna góða frammistöðu var hann svo valinn í landsliðshópinn sem mætir Spáni og Norður-Írlandi í undankeppni EM. Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari sagði við það tilefni að hann væri mjög hrifinn af Ásgeiri Gunnari og að ekki margir leikmenn eins og hann væru til á Íslandi.



**Í LANDSLIÐIÐ** Ásgeir Gunnar Ásgeirsson hefur skorað sex mörk í síðustu sex leikjum FH og var þar að auki valinn í íslenska landsliðið. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

„Þetta hefur auðvitað verið mjög skemmtilegt í sumar enda er meiri spenna í deildinni nú en undanfarin ár,“ sagði Ásgeir Gunnar. „Fallbaráttan er líka mjög spennandi og mikið í húfi fyrir mörg lið.“

FH á tvo erfiða leiki fyrir höndum í deildinni í næstu umferðum, fyrst gegn Breiðabliki á útivelli og svo gegn Val á heimavelli. Sigur í þessum leikjum færir liðinu Íslandsmeistaratitilinn í fjórða skiptið í röð.

„Þetta eru einfaldlega úrslitaleikir fyrir okkur. Breiðablik eiga harma að hefna síðan í bikarleiknum og svo kemur hreinn úrslitaleikur móti Val. Við erum þó rólegir og hugsum um einn leik í einu.“

eirikur@frettabladid.is



**SÍMUN** Leikur ekki meira með Keflvíkingum á tímabilinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Símun Samuelsen:

## Skipti um félag á elleftu stundu

**FÓTBOLTI** Færeyski knattspyrnumaðurinn Símun Samuelsen gekk ekki til liðs við norska 1. deildarliðið Sogndal eins og greint var frá á dögunum. Félagaskiptaglugganum var lokað 31. ágúst en á síðustu stundu var hætt við að Símun færi til Sogndal. Þess í stað var hann lánaður frá Keflavík til Notodden sem einnig leikur í norsku 1. deildinni.

Lánssamningur Símuns gildir til áramóta. - esá

1. deild kvenna:

## HK/Víkingur og Afturelding upp

**FÓTBOLTI HK/Víkingur og Afturelding unnu sér í gær sæti í Landsbankadeild kvenna með því að bera sigurorð af andstæðingum sínum í undanúrslitum úrslitakeppni 1. deildarinnar.**

**HK/Víkingur vann 5-1 sigur á Hetti og samanlagt 9-4. Völsungur, sem vann góðan 3-2 sigur á Aftureldingu í Mosfellsbæ í fyrri leik liðanna, varð að játa sig sigrað í gær á Húsavík, 3-0. Mosfellingar unnu samanlagt 5-3.**

**Tvö lið komast upp í efstu deild kvenna en aðeins eitt fellur úr deildinni. Það er vegna þess að liðunum í deildinni verður fjölgað úr níu í tíu næsta tímabil.** - esá

Evrópukeppnin í handbolta:

## Leiktíma breytt

**HANDBOLTI** Íslandsmeistarar Vals munu á morgun og á laugardag mæta Viking Malt frá Litháen í forkeppni Meistaradeildar Evrópu.

Báðir leikirnir fara fram í Vodafone-höllinni en leiktíma síðari leiksins hefur verið breytt. Honum var flýtt um klukkutíma og hefst klukkan 17.30. - esá



**EKKI NÓG** Góð frammistaða Dirk Nowitzki dugði ekki gegn Litháen. NORDICPHOTOS/GETTY

Evrópukeppni landsliða:

## 28 stig frá Dirk dugðu ekki

**KÖRFUBOLTI Litháen tryggði sér sigur í sínum riðli með 84-80 sigri á Þýskalandi í Evrópukeppni landsliða í gær en bæði liðin voru ósigruð fyrir leikinn.**

**Sarunas Jasikevicius fór fyrir sínum mönnum í Litháen en hann var með 15 stig og 10 stoðsendingar. Dirk Nowitzki var með 28 stig fyrir Þýskaland og er stigahæsti leikmaður riðlakeppninnar með 29 stig að meðaltali í leik. Leikurinn var gríðarlega mikilvægur því úrslitin í honum fylgja liðunum inn í milliriðilinn.** - óój

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar Knattspyrnusambands Íslands vegna ummæla þjálfara í 14. umferð:

# Guðjón og Magnús fengu báðir sektir

**FÓTBOLTI** Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ ákvað á fundi sínum í gær að ávíta Guðjón Þórðarson og Magnús Gylfason fyrir ummæli sín og sekta knattspyrnudeildir ÍA og Víkings um 10.000 kr. vegna þeirra. Þá ákvað nefndin einnig að veita Leifi Garðarssyni og Ólafi Helga Kristjánssyni áminningu vegna ummæla þeirra. Allt þetta gerðist efrir leiki liðanna í 14. umferð Landsbankadeildar karla. Fréttablaðið heyrði viðbrögð þriggja þjálfara við þessu en ekki náðist í Guðjón Þórðarson í gær.

„Ég hef viðurkennt og beðist afsökunar á því að hafa haldið því fram að dómarinn hafi ætlað að gefa okkur þetta rauða spjald. Ég átti því von á áminningu og það kemur ekki á óvart að þeir hafi sektað því þeir hafa gert það áður. Mér finnst það samt ótrúlega skrýtið að mín gagnrýni skuli vera talin sams konar og sú hjá Guðjóni Þórðarsyni sem gaf í skyn að tveir af þremur dómurum leiksins á móti KR hafi verið KR-ingar,“ sagði Magnús Gylfason, þjálfari Víkinga.

„Ég tek þessu bara og það má vel vera að maður hafi aðeins farið yfir strikið í einum ummælum eftir leikinn,“ sagði Leifur Garðarsson, þjálfari Fylkis, og bætti við: „Þessi úrskurður fær mann til þess að velta vöngum yfir því hvort þjálfarar eigi ekki að fá að lágmarki tíu mínútur eftir leik áður en þeir tjá sig. Þá væri til að mynda hægt að halda sameiginlegan blaðamannafund.“

„Ég sætti mig við niðurstöðuna og geri ekkert í henni en mér finnst orðalagið í athugasemdinni um að ég hafi skaðað ímynd íslenskrar knattspyrnu vera virkilega stór orð. Eftir stendur að ekki hefur verið tekið á kjarna málsins en ég vona að það verði gert því dómararnir eru gríðarlega stór þáttur af leiknum. Það vilja það allir og dómararnir örugglega líka að það verði líka veitt aðhald. Þjálfararnir eru kannski ekki þeir sem eiga að veita þeim aðhald en spjótin beinast að þeim strax eftir leikina. Ef við megum ekki benda á það sem okkur finnst fara miður þá vonast ég til þess að tekið verði á kjarna málsins í framtíðinni,“ sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks. - óój/hbg



**SEKTAÐUR** Guðjón Þórðarson, þjálfari ÍA í Landsbankadeild karla. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



# NUDDPOTTA BOMBA

fimmtudag, föstudag & laugardag




# HÁMARKSSLÖKUN Á LÁGMARKSVERÐI

**Ótrúleg tilboð í Lagnadeild BYKO í Breidd, Akureyri og Selfossi**

## DÚNDUR VERÐ

Nú dúndrum við verðinu niður
þannig að allir eiga að geta
fengið sér nuddpott fyrir veturinn.






BYKO

GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

## ÚRSLIT Í GÆR

*Evrópukeppnin í körfubolta:*

Ísland-Austurríki 91-77

**Stig Íslands**: Jakob Örn Sigurðarson 21 (10 stoðs., 7 fráköst), Páll Axel Vilbergsson 13 (5 fráköst, 3 stoðs.), Fannar Ólafsson 12 (8 fráköst), Helgi Már Magnússon 11, Logi Gunnarsson 10, Magnús Þór Gunnarsson 9, Brenton Birmingham 5 (7 fráköst, 3 stolnir), Friðrik Stefánsson 3 (7 fráköst, 3 stoðs.), Þorleifur Ólafsson 3, Brynjar Þór Björnsson 2, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 2.

Peter Hutter var með 20 stig og 8 stoðsendingar fyrir Austurríki og Benjamin Otter bætti við 18 stigum, 12 fráköstum og 4 vörðum skotum.

Finnland-Lúxemborg 100-59

**LOKASTAÐAN Í RIÐLINUM:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Finnland** | **8** | **7** | **1** | **730-535** | **15** |
| Georgía | 8 | 6 | 2 | 640-549 | 14 |
| **Ísland** | **8** | **4** | **4** | **635-644** | **12** |
| Austurríki | 8 | 3 | 5 | 555-590 | 11 |
| **Lúxemborg** | **8** | **0** | **8** | **473-715** | **8** |

*Þýski handboltinn*

Wetzlar-Lemgo 24-28

**Logi Geirsson** var ekki í liði Lemgo.

TuS N-Lübbecke-Wilhelmshaven 28-28

**Birkir Ívar Guðmundsson** var í marki Lübbecke og **Þórir Ólafsson** skoraði sjö mörk fyrir liðið. **Gylfi Gylfason** skoraði sex mörk fyrir Wilhelmsh.

Kiel-Minden 32-18

**Einar Örn Jónsson** skoraði þrjú mörk fyrir Minden.

Füchse Berlin-Gummersbach 28-28

**Guðjón Valur Sigurðsson** skoraði fimm mörk fyrir Gummersbach og **Róbert Gunnarsson** þrjú. **Sverre Jakobsson** lék í vörn liðsins.

**STAÐA EFSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Kiel** | **3** | **3** | **0** | **0** | **111-72** | **6** |
| Flensburg | 2 | 2 | 0 | 0 | 69-47 | 4 |
| **Rhein-N.-L.** | **2** | **2** | **0** | **0** | **65-51** | **4** |
| Nordhorn | 2 | 2 | 0 | 0 | 65-54 | 4 |
| **Magdeburg** | **2** | **2** | **0** | **0** | **58-50** | **4** |
| Lemgo | 2 | 2 | 0 | 0 | 55-47 | 4 |
| **Göppingen** | **3** | **2** | **0** | **1** | **76-68** | **4** |
| Wilhelmshaven | 3 | 1 | 1 | 1 | 81-85 | 3 |
| **Gummersbach** | **3** | **1** | **1** | **1** | **75-83** | **3** |
| Hamburg | 1 | 1 | 0 | 0 | 39-29 | 2 |
| **Grosswallst.** | **2** | **1** | **0** | **1** | **59-72** | **2** |
| Füchse Berlin | 3 | 0 | 1 | 2 | 74-82 | 1 |
| **Lübbecke** | **3** | **0** | **1** | **2** | **78-95** | **1** |

# Skotsýning Íslands í seinni hálfleik

**Íslenska körfuboltalandsliðið endaði frábært sumar með því að vinna öruggan 14 stiga sigur á Austurríki, 91-77, í gær. Íslensku strákarnir unnu þrjá síðustu leiki sína í riðlinum. Jakob Örn Sigurðarson átti stórleik.**

**KÖRFUBOLTI** Íslenska landsliðið tryggði sér þriðja sætið í sínum riðli í b-deild Evrópukeppninnar með öruggum 14 stiga sigri á Austurríki, 91-77, í lokaleik sínum í gærkvöldi þar sem Jakob Örn Sigurðarson átti stórleik. Íslenska landsliðið lenti mest 12 stigum undir, 9-21, í fyrsta leikhlutanum en var búið að jafna fyrir hálfleik og setti síðan á svið skotsýningu í seinni hálfleik, þar sem tíu íslenskar þriggja stiga körfur litu dagsins ljós.

Það tók íslensku strákana nokkurn tíma að hitta því liðið klikkaði á 11 af 13 þriggja stiga skotum sínum í fyrsta leikhlutanum. Það átti eftir að breytast því íslenska liðið setti niður 15 þriggja stiga skot það sem eftir lifði leiksins.



FANNAR Í TEIGNUM Skilaði tólf stigum í gær og tók átta fráköst. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Íslenska liðið byrjaði ekki vel, hittnin var engin í upphafi og Austurríkismenn voru duglegir að sækja hratt í bakið á íslensku strákunum og skora ódýr stig úr hraðaupphlaupum. Austurríki komst í 3-11, 6-17 og 9-21 og hafði tíu stiga forskot, 13-23, eftir fyrsta leikhlutann. Baráttuhundarnir Fannar Ólafsson og Helgi Már Magnússon komu með mikinn kraft inn af bekknum og kveiktu neistann í íslenska liðinu en besti maður liðsins var þó án nokkurs vafa Jakob Örn Sigurðarson sem átti stórkostlegan leik. Jakob hélt uppi íslensku sókninni á meðan aðrir leikmenn liðsins virtust vera ískaldir og spilaði síðan félaga sína uppi eftir að skotin þeirra fóru að detta. Jakob endaði leikinn með 21 stig, 10 stoðsendingar, 7 fráköst og engan tapaðan bolta en hann hitti úr 7 af 12 skotum sínum í leiknum.

„Það tók okkur smá tíma að komast í gang. Ég er búinn að segja það oft við strákana að það er ekkert erfitt að spila gegn svona vörn fyrstu tíu mínúturnar en síðan fer þetta að þreyta þá og taka frá þeim einbeitingu að vera alltaf með mann í andlitinu út um allan völl. Það gekk fullkomlega upp og síðan hittu bara allir í seinni hálfleik,“ sagði Sigurður Ingimundarson, þjálfari íslenska liðsins, sem stýrði liðinu til sigurs í 8 af 9 leikjum ársins.



ÁTTI STÓRLEIK Jakob Örn Sigurðarson skoraði 21 stig í leiknum og gaf þar að auki tíu stoðsendingar. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

„Það var ofsalega skemmtileg stemning hjá strákunum í sumar og þeir ætluðu sér að spila vel. Liðsheildin var frábær, stemningin í hópnum var einstök og menn voru að leggja sig á fullu í þetta. Það er frábær varnarvinna sem er ástæðan fyrir því að við höfum verið að vinna þessa leiki,“ sagði Sigurður.

Það hefur verið frábært að fylgjast með íslenska liðinu í sumar, fyrst tryggði það sér gull á Smáþjóðaleikunum í fyrsta sinn í 14 ár, þá vann það glæsilegan sigur á geysisterku liði Georgíu og krónaði árið síðan með því að vinna þrjá síðustu leiki sína og tryggja sér þriðja sætið.

**ooj@frettabladid.is**


1.deild karla

ÞRÓTTUR - ÞÓR

Valbjarnarvelli kl 18.00 fimmtudag 06.sept.

Tekst Þrótturum að tryggja sér sæti í Landsbankadeildinn 2008 ?

Von er á gesti númer 4000 á heimaleik Þróttar í deildinni, sá fær vegleg verðlaun í hálfleik.

Lifi Þróttur!

ORKAN Iceland Express spron




KLÁRIR Hermann Hreiðarsson leiðir íslenska landsliðið út á móti Spánverjum í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslenska landsliðið hefur ekki unnið leik á heimavelli í undankeppni EM 2008:

# Er heimavallarvígið hrunið?

**FÓTBOLTI** Fram undan eru tveir heimaleikir hjá íslenska karlalandsliðinu í undankeppni EM í Sviss og Austurríki 2008. Það eru tvö heitustu lið riðilsins, Spánverjar og Norður-Írar, sem mæta á Laugardalsvöllinn. Spánverjar hafa unnið fjóra leiki í röð og Norður-Írar hafa náð í 16 af 18 mögulegum stigum síðan þeir steinlágu fyrir íslenska liðinu í fyrsta leiknum í Belfast.

Íslenska landsliðið hefur spilað þrjá heimaleiki í riðlinum til þessa. Tveir fyrstu leikirnir töpuðust síðasta haust, sá fyrri 0-2 fyrir Dönum og sá síðari 1-2 fyrir Svíum. Eini heimaleikur þessa árs í keppninni var gegn Liechtenstein í júníbyrjun en hann endaði með 1-1 jafntefli.

Ef marka má fyrri úrslit ættu menn að vera bjartsýnir fyrir þessa tvo leiki. Íslenska liðið vann 2-0, gerði markalaust jafntefli og hélt hreinu í síðustu tveimur heimsóknum Spánverjum í Laugardalinn. Liðið hefur enn fremur unnið báða heimaleiki sína gegn Norður-Írum 1-0. Ingi Björn Albertsson skoraði sigurmarkið 1977 og Þórður Guðjónsson lék það síðan eftir 23 árum síðar. Áhyggjuefnið er kannski hrakfarir íslenska liðsins í undanförnum heimaleikjum.

Það er samt af sem áður var að Laugardalsvöllurinn væri helsta vígi íslenska landsliðsins því gengi liðsins hefur farið hríðversnandi í síðustu undankeppni og ef það fer ekki að breytast í næstu leikjum stefnir í versta heimavallarárangur íslenska landsliðsins í 28 ár.

Íslenska landsliðið hefur unnið tuttugu heimaleiki í síðustu fjórtán undankeppnum fyrir annaðhvort heimsmeistaramót eða Evrópumeistaramót og að minnsta kosti einn heimaleik í öllum undankeppnum síðan í undankeppni fyrir Evrópumótið í Belgíu sem fram fór árið 1980.

Heimavallarvígið á Laugardalsvelli var sterkast í undankeppnum EM 2000 og HM 2002. Íslenska landsliðið vann þá 6 af 10 leikjum og tapaði aðeins tveimur, 0-1 fyrir Úkraínu í lokaleik sínum í undankeppni EM 2000 og svo 1-2 fyrir Dönum í fyrsta leik sínum í undankeppni HM 2002. Íslenska liðið var með yfir 50 prósenta árangur í undankeppni EM 2004 en í síðustu undankeppni náði liðið hins vegar aðeins að vinna einn leik af fimm og markatalan var sú versta síðan í undankeppni EM í Vestur-Þýskalandi 1988.

Nú er að sjá hvort íslenska landsliðið bæti sinn leik og takist að byggja aftur upp vígi sitt á þjóðarleikvanginum í Laugardal.

**ooj@frettabladid.is**

**STIG ÍSLANDS Á HEIMAVELLI:** **(Hlutfall stiga innan sviga)**

| | |
|---|---|
| EM 2008 | 1 stig (11%) |
| HM 2006 | 3 stig (20%) |
| EM 2004 | 7 stig (58%) |
| HM 2002 | 10 stig (67%) |
| EM 2000 | 10 stig (67%) |
| HM 1998 | 5 stig (33%) |
| EM 1996 | 4 stig (33%) |
| HM 1994 | 5 stig* (63%) |

*** Tveggja stiga regla í gildi**


RENAULT PREMIUM LANDER

Renault Premium Lander 450.26 6x4.



Þessi glæsilegi trukkur verður til sýningar og reynsluaksturs á Trukkadeginum hjá Aðalflutningum, Skútuvogi 8, laugardaginn 8. september

RENAULT TRUCKS

B&L Atvinnubílar - Sími 575 1200

„Verð sáttur ef við getum borið höfuðið hátt eftir leikina,“ segir Eiður Smári Guðjohnsen landsliðsfyrirliði:

# Langaði að koma og vera með landsliðinu

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen tók í gær þátt í sinni fyrstu fótboltaæfingu af fullum krafti í tvo mánuði er landsliðið æfði á ÍR-vellinum. „Ég var óragur við að gera allt á æfingunni og það er mikilvægt,“ sagði Eiður eftir æfinguna. „Tilfinningin er ágæt, ég finn að vísu að ég er ekki 100% klár en það var ekkert vandamál að æfa.“

Hann segir það útilokað að hann verði í byrjunarliðinu gegn Spáni á laugardag en vonast til að spila stærra hlutverk gegn Norður-Írum á miðvikudag. Báðir leikirnir verða á Laugardalsvellinum.

„Við þurfum bara að meta ástandið eftir því sem nær dregur að leiknum. Ég er tilbúinn að taka á mig það hlutverk sem mér verður gefið.“

Fáir bjuggust við því að Eiður yrði með landsliðinu vegna hnémeiðsla sinna. Hann hefur misst af öllu undirbúningstímabilinu með félagsliði sínu, Barcelona.

Spurður af hverju hann ákvað að koma til móts við landsliðið þegar hann hefði getað einbeitt sér að því að ná sér góðum heima sagði Eiður ástæðuna einfalda.

„Mig langaði til að koma. Það er alltaf gaman að hitta strákana og spila með landsliðinu. Alltaf þegar ég hef áður verið meiddur og misst af leikjum hefur verið sett spurningamerki við það hvort ég sé virkilega meiddur. Nú sér fólk að ég er tæpur en samt vil ég koma,“ sagði hann. „Ég hef svo gaman af þessu og ég vil að fólk geri sér grein fyrir því. Ég sé fram á að geta tekið eitthvað þátt í leikjunum og vildi því koma.“



**VÖKUL AUGU** Eyjólfur Sverrisson fylgist með Eiði Smára Guðjohnsen á æfingu landsliðsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Eiður segir það endanlega undir landsliðsjálfaranum komið hvað hann muni spila mikið. „Ég sagði honum að ég gæti alla vega tekið þátt í æfingunum.“

Spurður um hvaða væntingar hann hafi til leikjanna tveggja segir hann það varla raunhæft að fara fram á sigur gegn Spáni.

„En ég yrði sáttur ef allir kæmu út úr leiknum á jákvæðum nótum. Ef allir gætu verið sammála um að við hefðum lagt allt okkar í leikina og ef við getum borið höfuðið hátt. Landsliðið þarf að senda frá sér jákvæða strauma og að þetta sé allt á réttri leið hjá okkur.“ - esá



**GÓÐUR** Cristiano Ronaldo hefði getað verið leikmaður Real Madrid í dag. NORDICPHOTOS/GETTY

Svekkelsi hjá Real Madrid:

## Missti af Messi, Ronaldo og Gio

**FÓTBOLTI** Real Madrid átti möguleika á að gera samninga við þá Cristiano Ronaldo, Lionel Messi og Giovani dos Santos á sínum tíma en peningar félagsins fóru í að kaupa stórstjörnur í stað þess að semja við framtíðarmenn.

Miguel Angel Portugal vann fyrir Real Madrid á þessum tíma og segist naga sig í handarbökin í dag. „Það var einu sinni þannig hjá „Los Galacticos“ að stóru stjörnurnar gengu fyrir öllu. Ég gat samið við Gio og Messi þegar þeir voru fjórtán ára og okkur bauðst einnig Ronaldo en það voru bara engir peningar til,“ sagði hann í viðtali við útvarpsstöðina Marca. - óój



**DARIO CINGEL** Hér í baráttu í leik ÍA og Víkings. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR

Króatarnir hjá ÍA:

## Verða áfram uppi á Skaga

**FÓTBOLTI Króatísku leikmennirnir hjá ÍA, þeir Dario Cingel og Vjekoslav Svadumovic, hafa samið við félagið til næstu tveggja ára. Þeir komu hingað til lands í vor og hafa sinnt lykilhlutverki í liði Skagamanna sem situr í þriðja sæti Landsbankadeildar karla.**

**Svadumovic hefur skorað sex mörk fyrir ÍA í sumar og Cingel verið með bestu varnarmönnum deildarinnar. Hann hefur til að mynda sex sinnum verið valinn í lið umferðarinnar hjá Fréttablaðinu.** - esá

Góðar fréttir fyrir England:

## Gerrard var með á æfingu

**FÓTBOLTI** Steven Gerrard, leikmaður Liverpool og enska landsliðsins, gat í gær tekið þátt í æfingu landsliðsins þrátt fyrir að hann sé tábrotinn. England mætir Ísrael í gríðarlega mikilvægum leik í undankeppni EM 2008 á laugardaginn. Englendingar verða einfaldlega að vinna ætli þeir ekki að missa af farmiðanum til Austurríkis og Sviss.

„Ástand hans verður metið af læknaliði enska landsliðsins og ákvörðun um hvort hann verði klár í leikinn á laugardag verður tekin síðar í vikunni,“ sagði í yfirlýsingu frá enska knattspyrnusambandinu í gær. - esá


SIGURVEGARI
PANASONIC 42” PX70




TILBOÐ: 229.900-

Sjónvarpið hlaut nýlega ein eftirsóttustu verðlaun heims, eða EISA Awards Best Product 2007-2008.

EISA AWARD Best Product 2007 - 2008
HD READY PLASMA TV
Panasonic TH-42PV70 / PX70

Í UMSÖGN DÓMNEFNDAR SEGIR EFTIRFARANDI:

“For movie enthusiasts, plasma displays are still the most cinematic performers, especially in terms of their black level capability. For the perfect illustration of this point, look no further than Panasonic’s TH-42PV70 plasma display (TH-42PX70 with built in DVB-T tuner in some countries). This product line redefines plasma performance with its 10th Generation panel. It arrives ready for HD with a 1080p-compatible HDMI input, and delivers almost perfect picture quality out of the box thanks to Panasonic’s advanced Vreal2 image processing.“

Opnunartími:
Virka daga – 10 til 18 Laugardaga – 11 til 15

svar) tækni

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.SVAR.IS - SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000

zetor



> **Antonio Banderas**

„Þegar maður sér leikarana á rauða dreglinum heldur maður að allir þekki alla en í raun er þetta eins og á vaxmyndasafni. Los Angeles er líklega gervilegasta borg í heimi, fyrir mér er hún bara vinnustaður.“ Antonio leikur í Legend of Zorro á Stöð 2 Bíó kl. 20.00.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR FYLGDIST MEÐ UMRÆÐUM UM AUGLÝSINGU

# *Vel heppnuð markaðsherferð?*

Umfjöllun um auglýsingu Símans fyrir þriðju kynslóðar síma lagði undir sig ljósvakamiðla í fyrradag. Ekki get ég ímyndað mér annað en að hugmyndasmiðir og aðstandendur Símans séu yfir sig ánægðir með árangurinn af herferðinni, frétt af kynningu Símans á þriðju kynslóðinni vakti vissulega athygli en auglýsingin umræður og fjaðrafok. Og þá hlýtur tilganginum að vera náð.



Í fyrrakvöld hittust þeir svo í Kastljósinu Jón Gnarr hugmyndasmiður og Halldór Reynisson, verkefnastjóri fræðslusviðs hjá Biskupsstofu, og ræddu þessa auglýsingu í þaula. Það voru langar umræður þar sem Jón hélt því fram að hann væri að stunda nútímatrúboð með auglýsingagerðinni og túlka síðustu kvöldmáltíðina á listrænan hátt þar sem síminn væri „hlutgervingur hæfileika Krists“ eins og hann orðaði það. Ég veit það ekki – hljómar eins og hálfgert orðagjálfur í mínum eyrum. Fékk Jón ekki bara það verkefni að búa til auglýsingu sem vekti athygli? Og sjá, honum tókst það ætlunarverk sitt með miklum sóma!

Halldór Reynisson var varfærinn í umræðunum við Jón og lagði mikla áherslu á að hann bæri virðingu fyrir Jóni – enda nýbúinn að gefa út pistla Jóns á bók ef ég man rétt. Þessar umræður voru eiginlega hálfpínlegar á að hlýða og alltof langar, einfaldlega verið að gera of mikið mál úr markaðstrixi stórfyrirtækis, sama hvaða skoðun menn hafa á því hvort auglýsingin sé smekkleg eða ósmekkleg, gangi of langt í því að skopast með kristna trú sem er mesta alvörumál í lífi fjölda fólks eða sé bara fyndin og sniðug.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.55 Sólkerfið** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.05 Two and a Half Men** STÖÐ 2



▶ **20.00 Legend of Zorro** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.25 Arrested Development 3** SIRKUS



▶ **22.00 The Black Donnellys** SKJÁR EINN

## SJÓNVARPIÐ

**15.05 Formúlukvöld** e.

**15.30 Landsleikur í körfubolta** Ísland-Austurríki í Laugardalshöll, leikurinn er liður í B-deild Evrópumótsins í körfubolta.

**17.05 Leiðarljós**

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Stundin okkar** (17:32)

**18.26 Julie** (4:4) e.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Bræður og systur** (5:23) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti.

▶**20.55 Sólkerfið** (4) Þessi þáttur fjallar um jörðina okkar, sem er þriðja reikistjarnan frá sólu, og sú fyrsta sem er með tungl. Við erum heppin, staðsetning jarðarinnar gerir hana byggilega, réttu skilyrðin voru fyrir hendi til þess að líf kviknaði.

**21.10 Kingdom lögmaður** (6:6) Breskur gamanmyndaflokkur með Stephen Fry í hlutverki lögmannsins Peters Kingdom sem býr og starfar í smábæ í sveitasælunni í Norfolk.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 14-2** Í þættinum er fjallað um fótboltasumarið frá ýmsum hliðum.

**22.55 Gatan** (3:6) Breskur myndaflokkur um hversdagsævintýri nágranna í götu í bæ á Norður-Englandi.

**23.55 Aðþrengdar eiginkonur** (56:70) e.

**00.40 Kastljós**

**01.15 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Legend of Zorro**

**08.10 Legally Blonde 2. Red, White & Blonde**

**10.00 How to Kill Your Neighbor´s D**

**12.00 Indecent Proposal** (e)

**14.00 Legally Blonde 2. Red, White & Blonde**

**16.00 How to Kill Your Neighbor´s D**

**18.00 Indecent Proposal** (e)

▶**20.00 Legend of Zorro** Nú er Elena, eiginkona Zorros, búin að fá nóg.

**22.10 Air Panic**

**00.00 Missing**

**02.00 Moving Target**

**04.00 Air Panic**

## STÖÐ 2

**07.00 Stubbarnir**

**07.25 Kalli á þakinu**

**07.50 Litlu Tommi og Jenni**

**08.10 Beauty and the Geek** (5.9)

**08.50 Í fínu formi 2005**

**09.05 Bold and the Beautiful**

**09.25 Wings of Love** (14.120)

**10.10 Sisters** (1.24)

**11.00 Whose Line Is it Anyway?**

**11.25 Sjálfstætt fólk**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Nágrannar**

**13.10 Forboðin fegurð** (63.114)

**13.55 Forboðin fegurð** (64.114)

**14.40 Two and a Half Men** (21.24)

**15.25 Búbbarnir** (17.21)

**15.50 Skrímslaspilið**

**16.13 Nornafélagið**

**16.38 Doddi litli og Eyrnastór**

**16.48 Magic Schoolbus**

**17.13 Fífí**

**17.23 William´s Wish Wellingtons**

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Nágrannar**

**18.18 Ísland í dag og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veð**

**19.40 The Simpsons** (21.22) (e)

▶**20.05 Two and a Half Men** (3.24)

**20.30 Til Death** 2006.

**20.55 So You Think You Can Dance** (22.23) Nú er úrslitastundinn á næstu grösum en þetta er síðasti séns fyrir keppendurnar til að heilla áhorfendurnar. 2007.

**21.50 Bones** (16.21) Spennandi, bandarísk þáttaröð um réttarmannfræðing. Bönnuð börnum.

**22.35 Life on Mars** Önnur þáttaröð breskrar seríu sem segir frá lögreglumanninum Sam Tyler sem lendir í alvarlegu slysi og vaknar upp á árinu 1973.

**23.30 The Tudors**

**00.25 The 4400** (8.13)

**01.10 Hood Rat**

**02.55 Hotel Babylon**

**03.50 Cold Case** (1.23)

**04.35 Afterlife** (3.8)

**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

**06.35 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí**

## SÝN besta sætið

**17.45 Spænsku mörkin 2007-2008**

**18.30 Kaupþings mótaröðin 2007**

**19.30 Það helsta í PGA mótaröðinni**

**20.00 Heights of Passion** (Erkifjendur)

**20.55 Arnold Schwarzenegger-mótið 2007** Þetta mót heitir í höfuðið á ríkisstjóra Kaliforníu sem áður gerði garðinn frægann í vaxtarækt. Hér er á ferðinni mót sem orðið er að stórviðburði í íþróttaheiminum.

**21.30 David Beckham - Soccer USA** (7.13)

**22.00 Champions of the World** (Mexico) Frábærir þættir sem varpa einstöku ljósi á knattspyrnuhefðina í Suður Ameríku. Í þessum þætti er Mexíkó tekið fyrir sem en sú þjóð státar af ágætri knattspyrnuhefð og hefur til að mynda tvívegis verið gestgjafar á HM.

**22.55 NFL Gameday** Upphitun fyrir leiki helgarinnar í bandaríska fótboltanum auk þess sem helstu tilþrif síðustu helgar eru sýnd.

**23.25 PGA Tour 2007 - Highlights** (Deutsche Bank Championship) Svipmyndir frá síðasta móti á PGA-mótaröðinni í golfi í Bandaríkjunum.

## SÝN 2

**19.00 English Premier League 2007/08** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.

**20.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

**20.30 PL Classic Matches** Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**21.00 PL Classic Matches**

**21.30 Season Highlights** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

**22.30 4 4 2** Þáttur sem er ekkert minna en bylting í umfjöllun um enska boltann á Íslandi. Tvíeykið, Heimir Karlsson og Guðni Bergsson, standa vaktina ásamt vel völdum sparkspekingum, og saman skoða þeir allt sem tengist leikjum dagsins á skemmtilegan og nákvæman hátt.

## SKJÁREINN

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Vörutorg**

**16.25 Vörutorg**

**17.25 7th Heaven** (e)

**18.15 Dr. Phil** Dr. Phil, hreinskilni sjónvarpssálfræðingurinn frá Texas heldur áfram að hjálpa fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segja frábærar sögur og gefa góð ráð.

**19.00 Giada´s Everyday Italian** (e)

**19.30 Thick & Thin** (e)

**20.00 Family Guy** (4.11) Teiknimyndaþættirnir um Griffin fjölskylduna eru geðveikislega bilaðir, gersneyddir pólitískri rétthugsun og æðislegir. Peter og Louis eiga 3 börn það yngsta er sadisti með snilligáfu sem einbeitir sér að því að koma móður sinni fyrir kattarnef og eyða heiminum.

**20.30 According to Jim** (21.22) Bandarísk gamansería með grínistanum Jim Belushi í aðalhlutverki. Jim kemur nágranna sínum til að gráta með ruddaskap í grillveislu og ákveður að bæta ráð sitt og fá kennslu í kurteisi.

**21.00 House - NÝTT** Þriðja þáttaröðin um lækninn skapstirða, dr. Gregory House. Honum er meinilla við persónuleg samskipti við sjúklinga sína en hann er snillingur í að leysa læknisfræðilegar ráðgátur.

▶**22.00 The Black Donnellys** (6.13) Ný, bandarísk dramasería um fjóra írskættaða bræður sem búa í harðasta hverfinu í New York, hinu svokallaða Hells Kitchen.

**22.50 Everybody Loves Raymond-Lokaþáttur** Bandarískur gamanþáttur um hinn seinheppna fjölskylduföður Raymond, Debru eiginkonu hans og foreldra sem búa hinumegin við götuna.

**23.15 Superstorm** (1.3) (e)

**00.15 Stargate SG-1** (e)

**01.05 Backpackers** (e)

**01.35 Vörutorg**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


HOUSE



ENNEMM / SÍA / NM29653

Í KVÖLD KL. 21.00
Á SKJÁEINUM

LYFJA

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.00
### So You Think You Can Dance

Nú er komið að stóru stundinni í So You Think You Can Dance. Eftir margra vikna hörku eiga keppendur nú aðeins eitt tækifæri eftir til að heilla áhorfendur. Fyrri hluti úrslitaþáttarins er í kvöld en á morgun kemur í ljós hver ber sigur úr býtum. Þetta verður æsispennandi þáttur sem enginn má missa af.



## ▶ HOUSE

**Skjár einn kl. 21.00**

Nú er þriðja þáttaröðin um lækninn skapstirða dr. Gregory House að hefjast. Honum er meinilla við persónuleg samskipti við sjúklinga sína en hann er snillingur í að leysa læknisfræðilegar ráðgátur. House treystir engu og allra síst því sem sjúklingarnir segja. Aðalhlutverk leikur Hugh Laurie.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Brot af eilífðinni
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Stofa sex
**14.30** Á vængjum yfir flóann
**15.03** Söngvar af sviði: Öskubuska
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Ætti ég hörpu
**19.27** Sinfóníutónleikar
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Sagan af Tristan og Ísól
**22.45** Kvöldtónar
**23.10** Ríkaströnd: land elda, sólar og gróðursældar
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**17.45 Skífulistinn**
**18.30 Fréttir**
**19.00 Hollyoaks** (8.260)
**19.30 Hollyoaks** (9.260)
**20.00 Bestu Strákarnir** (20.50) Sirkus endursýnir allt það besta með Sveppa, Audda, Pétri Jóhanni og hinum sprenghlægilegu strákunum.
▶ **20.25 Arrested Development 3** Óborganlegir gamanþættir með mörgum af helstu gamanleikurum Bandaríkjanna. Þættirnir fjalla um rugluðustu fjölskyldu Bandaríkjanna og þótt víðar væri leitað. Þú veist aldrei á hverju þú átt von frá þessum hóp. 2005.
**20.50 Talk Show With Spike Feresten** (2.22) Spike Feresten er einn af höfundum Seinfeld og Simpsons. Nú er hann kominn með sinn eigin þátt þar sem hann fær til sín góða gesti. Gestirnir munu taka þátt í alls kyns grínatriðum sem fær áhorfandann til að veltast um af hlátri.
**21.15 Skins** (2.9) Átakanleg bresk sería um hóp unglinga sem reynir að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag. 2006.
**22.00 Big Love NÝTT** (2.12) Þá er komið að annarri seríu þessara frábæru þátta um Bill Henrickson og eiginkonurnar hans þrjár. Bill lifir margföldu lífi en hann á þrjár eiginkonur, þrjú heimili og 7 börn, Auk þess rekur hann eigið fyrirtæki sem þarfnast mikillar athygli. 2006.
**22.45 E-Ring** (5.22) Spennuþáttur úr smiðju Jerry Bruckheimers með Dennis Hopper og Benjamin Bratt í aðalhlutverkum. J.T Tisnewski (Benjamin Bratt) er fyrrum CIA maður sem vinnur í Pentagon fyrir bandaríska herinn.
**23.30 Jake 2.0** (7.16) (e)
**00.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**12.00** Down to Earth **13.00** Miss Marple **14.00** Garden Rivals **14.30** Bargain Hunt **15.15** Bargain Hunt **16.00** As Time Goes By **16.30** My Family **17.00** Staying Put **17.30** Staying Put **18.00** Silent Witness **19.00** Spooks **20.00** Swiss Toni **20.30** I'm Alan Partridge **21.00** Silent Witness **22.00** Dad's Army **22.30** Spooks **23.30** As Time Goes By **0.00** My Family **0.30** EastEnders **1.00** Silent Witness 2.00 Down to Earth **3.00** Cash in the Attic **3.30** Balamory **3.50** Tweenies **4.10** Big Cook Little Cook **4.30** Tikkabilla **5.00** Little Robots **5.10** Binka **5.15** Tweenies **5.35** Balamory **5.55** Big Cook Little Cook

## DR 1

**12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawson's Creek **14.00** Boogie Update **14.30** Verdens bedste hund **14.35** Frikvarter **15.00** Catfish blues **15.30** Fandango med Chapper og Sebastian **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Kender du typen **18.30** Blandt vilde dyr og bleskift **19.00** TV Avisen **19.25** Task Force **19.50** SportNyt **20.00** Landsbyhospitalet **20.45** Familiealbummet **22.10** OBS **22.15** The Job **23.40** Boogie Update **4.30** Mira og Marie

## NRK 1

**12.15** Vinbaronen **13.00** Fabrikken **13.30** Guttegærne jenter **13.50** Grusomme grøss **14.00** Kim Possible **14.20** Kid Paddle **14.30** Zombie hotell **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Mitt kenyanske hjem **15.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Bosse 1**6.10** Uhu **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **17.55** Historien om en sykkeltur **18.25** Valg 07 - Duell **18.45** Valg 07 Distrikt og Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.35** Ukjent fiende 20.25 Halvseint **20.50** Litt av en luring **21.00** Kveldsnytt **21.15** Urix spesial **22.10** Mannen fra toget **23.35** Kulturnytt

## SVT 1

**13.00** Mr Flower Power **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Melita möter Göran Grip **15.30** Pi **15.45** Sagoträdet **16.00** Cirkuskiosken **16.25** Lillgrisens dröm **16.30** Gull-Pian **17.00** Lilla Aktuellt **17.15** Bobster 1**7.30** Rapport **18.00** Niklas mat **18.30** Packat & klart **19.00** Örnen **20.00** Argument **21.00** Rapport **21.10** Kulturnyheterna **21.20** Uppdrag Granskning **22.20** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige



## GAMLA MYNDIN



*„Ég hef greinilega reynt að vera í tískunni, sem á þessum tíma var dálítið öfgakennd. Ég er hrædd um að ég myndi vekja mikla athygli ef ég færi að klæðast þessu í dag.“*

Valgerður Sverrisdóttir alþingismaður.

Myndin er tekin 1. nóvember 1986.

# Með í maganum fyrir messu

„Auðvitað er smá hnútur í maganum fyrir messuna á sunnudaginn. En ég vil fólki mjög vel þótt margt af því sem ég hef gert hafi oft stuðað fólk. Það að ég skuli vera litinn hornauga er ekkert nýtt fyrir mig og er minn kross að bera,“ segir grínistinn Jón Gnarr, sem þurfti að standa af sér mikið moldviðri á þriðjudag þegar fulltrúar Þjóðkirkjunnar sögðu auglýsingu hans fyrir Símann vera smekklausa. Undir það tók Jakob Rolland, kanslari kaþólska biskupsembættisins á Íslandi, en Jón er einmitt virkur meðlimur í kaþólska samfélaginu hér á landi.

En grínistinn er ekki af baki dottinn og segist ekki þurfa að biðjast afsökunar á auglýsingunni, þvert á móti. „Mér fannst ummæli séra Karls Sigurbjörnssonar bæði leiðinleg og ómakleg og mér sárnaði þau. Sem kaþólikki skipar kvöldmáltíðin stóran sess í mínu lífi og ég á í sambandi við Guð. Það að ég sé kristinn gefur mér í rauninni leyfi til að túlka kvöldmáltíðina á þennan hátt því þetta er minn óður til þessa atburðar og til Krists og hann er gerður af kærleika,“ segir Jón en bætir því við að hann hafi frekar kosið að ræðaa þetta á þriðjudag á fræðilegum grundvelli sökum starfs síns en ekki trúarlegum. „Ég er hins vegar reiðubúinn að mæta hvaða guðfræðingi og presti sem er því ég veit að ég hef hreina samvisku.“

Jón segir að sumir virðist halda að grín og auglýsingar séu einhver lágkúra en svo sé einfaldlega ekki. „Þetta er bara tjáning fólks sem hefur leyfi til að tjá sig. Og við megum ekki gleyma því að húmorinn er demparinn í gegnum lífið. Auglýsingin er ekki eitthvert trúarklám heldur er hún gerð af virðingu fyrir viðfangsefninu. Og ég tel mig geta staðið fyrir mínu máli vegna þess að ég gerði þetta af heilum hug.“



**HREIN SAMVISKA** Jón Gnarr segist ekki þurfa að biðjast afsökunar á auglýsingunni, hún sé óður hans til Krists.



**LÁRÉTT**
**2.** fangi **6.** frá **8.** arinn **9.** sæti **11.** öfug röð **12.** langt op **14.** op **16.** tveir eins **17.** niður **18.** for **20.** ónefndur **21.** krukka.

**LÓÐRÉTT**
**1.** umrót **3.** klaka **4.** stofnsetning **5.** hylur **7.** hræðsla **10.** efni **13.** þangað til **15.** dugnaður **16.** hald **19.** óreiða.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. gísl, 6. af, 8. stó, 9. set, 11. on, 12. klauf, 14. munni, 16. tt, 17. suð, 18. aur, 20. nn, 21. krús. **LÓÐRÉTT:** 1. rask, 3. ís, 4. stofnun, 5. lón, 7. felmtur, 10. tau, 13. uns, 15. iðni, 16. tak, 19. rú.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. ???

1 Steve Fossett
2 Síminn
3 Edda Andrésdóttir

VEIGAR MARGEIRSSON: SÁ BECKHAM SKORA FYRSTA MARKIÐ SITT

# Eldheitur aðdáandi Galaxy

Tónskáldið Veigar Margeirsson, sem býr í Los Angeles, er eldheitur aðdáandi knattspyrnuliðsins L.A. Galaxy sem David Beckham leikur með.

Hefur hann sótt fjölmarga leiki með liðinu undanfarin ár og fagnar að sjálfsögðu komu Beckhams. „Eftir að Beckham var keyptur seldu þeir dálítið mikið af mönnum og endurskipulögðu leikmannahópinn,“ segir Veigar. „Það er mikið „hæp“ í kringum hann sem „celebrity“. Það var leiðinlegt að hann skyldi koma meiddur en hann spilaði nokkra leiki og stóð sig mjög vel. Ég sá hann skora fyrsta markið sitt þegar þeir unnu tvö núll.“

Heimavöllur L.A. Galaxy tekur um þrjátíu þúsund manns og er hann nálægt heimili Veigars. „Þetta er mjög flottur fótboltavöllur. Hann er ekki stór en öll sætin eru góð,“ segir Veigar, sem sjálfur spilaði fótbolta í Keflavík á sínum yngri árum, auk þess sem dóttir hans er dugleg við tuðrusparkið.

Að sögn Veigars fór miða- og minjagripasala upp úr öllu valdi þegar Beckham kom til liðsins. Skiptar skoðanir eru samt um fótbolta í landinu þrátt fyrir komu enska knattspyrnugoðsins.

„Það er oft fráhrindandi fyrir Ameríkana að það er ekki skorað mikið að meðaltali í fótbolta og það sem fer sérstaklega í taugarnar á þeim er uppbótartíminn. Í körfuboltanum og amerísku fótboltanum er hægt að skora á síðustu sekúndunni en fólk fattar ekki að dómarinn bæti bara við þegar hann vill og flauti af þegar honum sýnist. Það sem vinnur með fótboltanum er samt að þarna er ekki þessi neikvæða steraímynd því fótbolti byggist frekar á tækni og snerpu en kröftum.“ Þegar Veigar er ekki að skemmta sér á heimaleikjum L.A. Galaxy er hann önnum kafinn við tónsmíðar. Nýverið útsetti hann verk fyrir Fílharmoníusveit Los Angeles auk þess sem hann var í Prag þar sem hann tók upp tónlist fyrir sýnishorn úr bíómyndum. Á meðal nýlegra verka hans á því sviði er sýnishorn fyrir myndina A Mighty Heart með Angelinu Jolie í aðalhlutverki, sem verður frumsýnd hérlendis á næstunni. Einnig hefur hann undanfarið samið tónlist við auglýsingar Símans, þar á meðal hina umdeildu auglýsingu um Jesús og Júdas.

freyr@frettabladid.is



**Í FAÐMI FJÖLSKYLDUNNAR** Veigar Margeirsson í faðmi fjölskyldu sinnar á góðri stundu í Keflavík. Frá vinstri: Sirrý, Ragnhildur, Veigar og Viktor Árni.

MYND/VÍKURFRÉTTIR



**FYRSTA MARKIÐ** Veigar var á vellinum þegar Beckham skoraði fyrsta markið sitt fyrir L.A. Galaxy.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Rokkarinn **Chris Cornell** lendir á Íslandi á morgun en hann hyggst nýta tækifærið vel á meðan hann dvelst hér á landi og skoða náttúru Íslands. Cornell er mjög áhugasamur um Íslandsförina og hefur beðið tónleikahaldarana um að fá að eiga upptökur af tónleikunum. Þá fylgir honum einnig ljósmyndari sem ætlar að mynda alla ferðina en ekki er ljóst hvort myndirnar verði til einkanota eða verði birtar einhvers staðar opinberlega.



Fram kom í Fréttablaðinu í gær að **Gísli Ásgeirsson**, kennari og pókerlýsandi, væri búinn að taka við af sjálfri **Ellý Ármanns** sem vinsælasti Moggabloggarinn. Gísli vildi hins vegar koma því á framfæri að Moggablogg sitt væri tilraun og sú kóróna sem þulan hefði skilið eftir sig væri ekki sá titill sem hann þráði.

**Steingrímur Sævarr Ólafsson** er farinn að setja mark sitt á fréttastofu Stöðvar 2. Fréttastjórinn ætlar að breyta útsendingartíma fréttanna á þann veg að viðskiptum verði gert hærra undir höfði á undan fréttatímanum, sem þýðir að Ísland í dag mun að þessu sinni hefjast á slaginu sjö en ekki á undan fréttunum sjálfum. - fgg








# Dansar til miðnættis alla daga

„Ég er búin að kenna fyrir aðra í níu ár og fannst tími til kominn að breyta til,“ segir Sigrún Birna Blomsterberg, sem opnaði nýverið dansstúdíó undir eigin nafni í húsakynnum Boot Camp að Suðurlandsbraut 6b. „Um leið fæ ég til mín nemendur sem vilja koma og dansa hjá mér í stað þess að lenda bara hjá mér af tilviljun.“

Sigrún Birna ætlar að kenna ein til að byrja með en fyrstu námskeiðin hefjast hinn 10. september. „Ég er að kenna fjölbreytta stíla; street, funk og það nýjasta sem er að gerast í hip hop-heiminum. Hip hop-hugtakið er alltaf að breytast - New Wave, QuickMelt og R&B eru allt stílar í stöðugri þróun, nokkurs konar undirgreinar undir því sem var einu sinni bara kallað hip hop. Svo er ég með hópa fyrir yngstu kynslóðina líka.“

Auk þess að opna nýjan dansskóla er Sigrún aðaldanshöfundur George Michaelsýningar sem sett verður upp á Broadway í tilefni af 25 ára söngafmæli kappans. „Það verða átta dansarar á sviðinu. Þetta er því krefjandi en mjög spennandi,“ segir hún og hlær þegar hún er spurð að því hvort fleiri tímar séu í sólarhringnum hjá henni en öðru fólki. „Ég er einmitt farin að velta því fyrir mér hvernig ég geti púslað þessu öllu saman. Maður verður bara dansandi til miðnættis alla daga og fer svo í heitt bað þess á milli.“

- sók



**DANSAR TIL MIÐNÆTTIS ALLA DAGA** Það er nóg að gera hjá Sigrúnu Birnu Blomsterberg, sem opnaði nýverið eigið dansstúdíó.

S·K·Í·F·A·N

KYNNIR

# CHRIS CORNELL

**ALLIR HELSTU DISKARNIR Á TILBOÐS VERÐI Í TILEFNI TÓNLEIKANNA Á LAUGARDAGINN...**




**LEIFSSTÖÐ • LAUGAVEGI • KRINGLUNNI • SMÁRALIND**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









## BAKÞANKAR

Dr. Gunna

### *Ný frík*

Ég var í heita pottinum með huggulegri konu um daginn. Ég gat ekki haft augun af henni, ekki vegna þess að hún var svo hugguleg, heldur af því að á hökunni var hún með stóran og loðinn fæðingarblett. Ég skipaði sjálfum mér í huganum að hætta að stara, en það þýddi ekkert. Um leið og færi gafst glápti ég á hökuna jafn dáleiddur og kanína í bílljósum.

**ÞRÁTT** fyrir pólitíska rétthugsun er aðdráttarafl hins óvenjulega – fríksins – enn sprelllifandi. Fríkum fer þó ört fækkandi, þökk sé læknavísindunum, og sérstök fríksjó hafa verið aflögð. Jóhann risi þyrfti að fá sér 9-5 vinnu ef hann væri uppi í dag. Í staðinn er komin fram glæný tegund fríka. Það eru hinir geðveikislega ríku, hvers líf, tekjur og umsvif eru óskiljanleg almennum meðalræflum sem eiga engin bréf – eða í mesta lagi bréf í Decode sem þeir hafa skíttapað á. Ég missi alveg kúlið þegar ég er nálægt þessu fólki, góni bara á það eins og algjör sveitalubbi.

**TIL DÆMIS** var skattakóngur og skrilljóner á bretti við hliðina á mér í ræktinni um daginn og ég gat ekki hætt að gjóa augunum á hann. Ég fylgdist með manngarminum og hlustaði á hvert orð sem hann lét út úr sér við einkaþjálfarann. Hann er miklu yngri en ég, andskotinn hafiða! Ætli detti fimm þúsund kallar úr vasanum á honum? Er hann að græða jafn mikið á þessum 10 mínútum á brettinu og ég hef á mánuði? Hvað er aftur yfirdráttarheimildin mín há? Svona hugsaði ég og svitnaði extra mikið.

**SKÖMMU** síðar var billjóner og sambýliskona hans, líka alltof rík, fyrir aftan mig á Hagkaupskassa. Ég fór að hitna á hausnum og titra í hnjánum þegar ég reyndi að kíkja á þau og hvað þau væru að kaupa – örugglega ostrur og bleika klósettpappírinn með hvolpinum, hugsaði ég. Þegar ég kom heim sá ég að ég hafði gleymt veskinu mínu við kassann og þurfti að snúa skömmustulegur við til að sækja það. Seinna fattaði ég að þetta voru auðvitað undirmeðvituð mistök. Ég ætlaði bara að sýna ríka fólkinu að ég væri líka ógeðslega ríkur. Svo ríkur að ég nota einnota veski.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 6. sept., 249. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.23 | 13.26 | 20.27 |
| Akureyri | 6.03 | 13.11 | 20.16 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


